

Efling menntunar á Suðurnesjum

Samantektarskýrsla þróunarverkefnis

Hanna María Kristjánsdóttir

2012

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Þróunarverkefni um eflingu menntunar á Suðurnesjum	5
2.1.	Markmið verkefnis	5
2.2.	Afurðir verkefnis	6
2.3.	Verkáætlun.....	6
3.	Greiningar	7
3.1.	Áhættugreining	7
3.2.	Greining á hagsmunaaðilum	8
3.3.	Greining á markhóp verkefnis.....	8
3.3.1.	Menntunarstig atvinnuleitenda	9
3.3.2.	Áhugagreining atvinnuleitenda.....	10
3.3.3.	Þarfir atvinnuleitenda	11
3.3.4.	Vinnumálastofnun á Suðurnesjum.....	13
3.4.	Þarfir menntastofnana	16
3.4.1.	Náms- og starfsráðgjöf.....	17
3.4.2.	Brottfall og brottfallsaðgerðir	19
3.4.3.	Samvinna á milli skóla	24
3.4.4.	Tengsl skóla við atvinnulífið og stofnanir á svæðinu	25
3.4.5.	Námsframboð á Suðurnesjum	26
3.5.	Félagsleg úrræði.....	27
3.5.1.	Markhópar og þátttakendur	27
3.5.2.	Eftirspurn eftir úrræðum.....	28
3.5.3.	Brottfall og árangur.....	29
3.5.4.	Framtíð félagslegra úrræða.....	30
3.6.	Þarfir atvinnulífsins	31
3.6.1.	Nám og skipulag þess.....	33
3.6.2.	Endurmenntun	34
3.6.3.	Samstarf við menntastofnanir og félagsleg úrræði.....	35
3.6.4.	Námsþróun og nýjar námsleiðir.....	36

3.7.	Þarfir samfélagsins	38
3.7.1.	Könnun meðal grunn- og framhaldsskólanema 2010.....	38
3.7.2.	Könnun á viðhorfi Suðurnesjamanna til menntunar.....	48
4.	Úttekt á nýjum námsbrautum og hugmyndum	54
5.	Markaðsstarf til eflingar menntunar á Suðurnesjum.....	59
5.1.	Menntavagninn	59
5.2.	Efling verknáms á Suðurnesjum.....	59
5.3.	Náms- og starfskynningar á Suðurnesjum	59
5.4.	Ímynd Suðurnesja	60
6.	Samhæfingarstarf menntastofnana á Suðurnesjum.....	61
6.1.	Samstarf skóla á framhaldsstigi	61
6.2.	Samstarf grunnskóla og skóla á framhaldsstigi.....	61
6.3.	Samstarf allra skólastiga	62
6.4.	Samstarf skóla og atvinnulífs	63
6.5.	Samstarf skóla og félagslegra úrræða	63
7.	Tillögur að framtíðarfyrirkomulagi verkefnisins	64
8.	Lokaorð	66
	Heimildaskrá	67
	Viðauki 1: Framkvæmdakort.....	70
	Viðauki 2: Greining á hagsmunaaðilum	71
	Viðauki 3: Spurningalisti fyrir skólastjórnendur og námsráðgjafa	73
	Viðauki 4: Spurningalisti fyrir fulltrúa félagslegra úrræða	76
	Viðauki 5: Spurningalisti fyrir forsvarsmenn fyrirtækja	78
	Viðauki 6: Spurningalisti fyrir skrifstofustjóra Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum.....	79
	Viðauki 7: Spurningalisti vegna úttekta á nýjum námsleiðum.....	81
	Viðauki 8: Starfsgreinar á starfskynningu fyrir grunnskólanemendur	83
	Viðauki 9: Dæmi um upplýsingaplakat fyrir starfskynningu	84

1. Inngangur

Í kjölfar brottfarar bandaríska hersins haustið 2006 og efnahagshrunsins haustið 2008 hefur atvinnuástand á Suðurnesjum verið lakara en annarsstaðar á landinu. Í byrjun árs 2012 var heildarfjöldi íbúa á Suðurnesjum 21.242. Þegar þessi orð eru skrifuð á haustmánuðum sama árs eru 834 þessara íbúa atvinnulausir. Atvinnuleysi á Suðurnesjum er 7,8% á móti 5,6% á höfuðborgarsvæðinu og 4,9% á landinu öllu¹. Atvinnuleysi er enn mest á Suðurnesjum og samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar er stór hluti atvinnuleitenda á svæðinu eingöngu með grunnskólapróf.

Á sama tíma eru margir í námi á svæðinu og mikil gróska er innan menntastofnana. Haustið 2012 hófu yfir 6.000 manns nám á Suðurnesjum í leikskólum, grunnskólum og framhaldsnámi. Leikskólabörn á svæðinu voru yfir 1.400 og grunnskólanemendur rúmlega 3.000. Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja hófu um 1.150 nemendur nám, sem gerir þetta skólaár að einu af þeim fjölmennari frá stofnun skólans. Í Keili eru um 600 nemendur á þessu skólaári, þar af hófu 124 nám á háskólabrúnni. Hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum eru um 60 einstaklingar í Menntastoðum sem er undirbúningsnám fyrir háskólabrúna. Sjö nemendur eru síðan við fisktækninám hjá Fisktækniskólanum. Hér eru ótaldir allir þeir einstaklingar sem stefna á þátttöku í styttri námskeiðum til dæmis hjá Miðstöð símenntunar og Fisktækniskólanum á skólaárinu.

Þrátt fyrir þennan mikla fjölda Suðurnesjamanna sem er við nám hefur menntunarstig mælst lægra hér en annarsstaðar á landinu og færri fara í framhaldsskóla að loknum 10. bekk. Árið 2011 fóru 92,3% 16 ára nemenda á Suðurnesjum í framhaldsskóla eftir útskrift úr grunnskóla á meðan landsmeðaltalið var 95,2%.² Það er því ljóst að eitthvað þarf að gera til að hækka hlutfall þeirra sem fara í framhaldsskóla og ljúka þaðan námi, hvort sem er strax að loknum grunnskóla eða síðar á lífsleiðinni. Þróunarverkefnið um eflingu menntunar á Suðurnesjum, sem fjallað er um í þessari skýrslu, er liður í því átaki.

¹ Vinnumálastofnun. *Staða á vinnumarkaði september 2012*.

² Hagstofa Íslands. *Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landssvæðum 1999-2011*.

2. Þróunarverkefni um eflingu menntunar á Suðurnesjum

Forsaga verkefnisins er sú að sveitarfélög á Suðurnesjum kölluðu eftir aðgerðum gegn atvinnuleysi og í þágu atvinnulífs á svæðinu í kjölfar efnahagshrunsins. Ríkisstjórnin ákvað í lok árs 2010 að koma til móts við þessar óskir með því að hrinda af stað átaki til að efla atvinnu og byggð á Suðurnesjum. Leitað var eftir hugmyndum um aðgerðir frá öllum ráðuneytum ásamt því sem farið var yfir þær hugmyndir sem komu út úr vinnu að Sóknaráætlun 20/20 fyrir Suðurnes.

Ákveðið var að verja fjármagni til tveggja verkefna til eflingar menntunar á Suðurnesjum og voru 16 milljónir króna settar í þróunarverkefni sem meðal annars átti að fela í sér þróun á nýju og fjölbreyttara námsframboði á Suðurnesjum. Með verkefninu átti rekstrargrundvöllur menntastofnana á Suðurnesjum að vera tryggður og samstarf þeirra styrkt með sérstakri fjárveitingu sem svari til greiðslu launa tveggja sérfræðinga í fullu starfi í tvö ár, sem fái það verkefni að þróa nýtt og fjölbreyttara námsframboð og styrkja ráðgjöf og hvatningu til þeirra sem minnsta menntun hafa eða eru án atvinnu. Framtíðarsýnin var sú að Suðurnes standi sterk á landsvísu varðandi fjölbreytni og gæði námsframboðs, að menntunarstig á Suðurnesjum sé sambærilegt við landsmeðaltal og að menntun styðji við atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Megináhersla verkefnisins er á menntun á framhaldsskóla- og framhaldsfræðslustigi. Þó verða mögulega skilgreindar aðgerðir á grunn- og háskólastigi sem tengjast markmiðum um að draga úr brottfalli og auka fjölbreytni námsframboðs. Fjárveiting verkefnisins er bundin við þróun námsúrræða en ekki fjármögnun þeirra. Verkefnið nær til menntunarræða á Suðurnesjum fyrir íbúa þar.

Skipaður var stýrihópur en hlutverk hans var að samþykkja fyrirkomulag verkefnisins og styðja við framgang þess. Fulltrúar í stýrihópnum komu frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Samtökum atvinnurekenda á Suðurnesjum, Samtökum launþega á Suðurnesjum og Fræðsluskrifstofu Suðurnesja. Verkefnisstjórn var komið á en hún átti að annast framkvæmd verkefnisins. Fulltrúar í verkefnisstjórn komu frá Fjölbautaskóla Suðurnesja (FS), Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS), Keili, Fisktækniskóla Íslands, Vinnumálastofnun (VMST) á Suðurnesjum auk verkefnisstjóra.

2.1. Markmið verkefnis

- Rekstrargrundvöllur menntastofnana á Suðurnesjum verði tryggður
- Samstarf menntastofnana á Suðurnesjum verði styrkt
- Þróað verði nýtt og fjölbreyttara námsframboð
- Styrkt verði ráðgjöf og hvatning til þeirra sem minnsta menntun hafa eða eru án atvinnu

2.2. Afurðir verkefnis

- Greining á þörf fyrir menntunarúrræði
- Nýjar námsbrautir á framhalds- og framhaldsfræðslustigi
- Samstarfsvettvangur um menntamál á Suðurnesjum
- Áætlun um menntunarúrræði á Suðurnesjum
- Tillögur um fjármögnun menntaúrræða
- Tilraunakennsla á nýjum námsbrautum
- Náms- og starfsráðgjöf fyrir þá sem hafa litla menntun og atvinnulausa
- Framvinduskýrslur með stöðumati og lokamat á árangri í árslok 2012

2.3. Verkáætlun

Verkefnisstjórar settu saman áætlun um framkvæmd verksins sem samþykkt var af stýri- og verkefnishópi. Í áætluninni er gert ráð fyrir að verkefnið skiptist í sex verkþætti:

1. Gerð verkáætlunar
2. Greiningar / þarfagreiningar
3. Ný úrræði og þróun þeirra
4. Markaðssetning og kynningarmál
5. Kostnaður og tillögur að fjármögnun
6. Mat á framvindu og árangri

Verkáætlun má sjá í heild sinni í Viðauka 1. Þar eru einstakir verkþættir tímasettir. Ábyrgðar- og framkvæmdaaðilar að flestum verkþáttum voru verkefnisstjórar, Hanna María Kristjánsdóttir og Rúnar Árnason. Þeir skiptu að einhverju leyti með sér verkum innan hvers verkþáttar. Meðlimir verkefnahóps og hagsmunaaðilar komu síðan að ákveðnum verkefnum. Annar verkefnisstjórans, Rúnar Árnason, lét af störfum 1. ágúst 2012.

3. Greiningar

Víðtæk greiningarvinna fór fram í tengslum við verkefnið. Fól hún meðal annars í sér SVÓT- og áhættugreiningu verkefnisins og greiningu á hagsmunaaðilum. Þá var unnin greining á þörfum menntastofnana á Suðurnesjum og þeirra aðila sem bjóða upp á félagsleg úrræði, atvinnulífsins, markhópsins og samfélagsins. Greiningarvinnan og úttektir á námsúrræðum, náms- og starfsráðgjöf og forvörnum fór fram með viðtölum, rýnifundum, heimsóknum og könnunum.

3.1. Áhættugreining

Áhætta er fyrir hendi í öllum verkefnum, sama hvers eðlis þau eru. Nauðsynlegt er að reyna að leggja mat á áhættuna til að geta brugðist við henni á viðeigandi hátt. Ein af þeim markvissu aðferðum sem hægt er að nota við áhættugreiningu kallast SVÓT. Þá eru styrkir, veikleikar, ógnir og tækifæri verkefnis skilgreind. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá styrkleika og veikleika verkefnisins um eflingu menntunar á Suðurnesjum, sem er innri þáttur SVÓT greiningar.

Styrkleikar	Veikleikar
Sterkt bakland - margir aðilar sem koma að verkefninu	Margir aðilar sem koma að verkefninu
Jákvæð markmið og stefna verkefnisins	Óskýr markmið og stefna verkefnisins
Jákvæðni hagsmunaaðila	Fyrirliggjandi fjármögnun ekki til staðar
Mikill fjölbreytileiki annarra úrræða af ýmsu tagi	Framtíð afurða verkefnisins óljós
SSS skapar sterkan grunn fyrir verkefnið	Umfang verkefnis viðamikið
Mikið námsframboð á svæðinu	Verkefnið hófst sex mánuðum á eftir áætlun
Bæði rótgrónar og nýjar menntastofnanir á svæðinu	Eftirspurn atvinnulífsins eftir námsúrræðum ekki ljós við upphaf verkefnis
Mikil reynsla og þekking á svæðinu	Óljós staða nýrra atvinnutækifæra
Aukin atvinnuúrræði og nýsköpun sem leiða af sér samfélagslega jákvæðni	

Ytri þættir SVÓT greiningar fela í sér greiningu á tækifærum og ógnunum sem geta haft áhrif á verkefnið. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir ógnanir og tækifæri verkefnisins.

Ógnanir	Tækifæri
Skortur á fjármagni	Efling og aukin samvinna hagsmunaaðila
Pólitískur ágreiningur	Aukið samstarf við Vinnumálastofnun
Samstarf hagsmunaaðila ekki nægilegt	Lágt menntunarstig á svæðinu gefur aukið rými

Lítill stuðningur við verkefnið	Möguleg atvinnusköpun í tengslum við verkefnið
Andstaða markhóps við verkefnið	Ný fyrirtæki og aukin atvinnutækifæri á svæðinu skapa aukin menntunarúrræði
Að afurðir verkefnisins fái ekki brautargengi	Aukin menntun => meiri vinna
	Fleiri fyrirtæki => aukin menntun
	Að Suðurnesin verði leiðandi í úrræðum fyrir atvinnulausa
	Aukinn hagvöxtur
	Jákvæðara viðhorf almennings til náms

3.2. Greining á hagsmunaaðilum

Að verkefninu um eflingu menntunar á Suðurnesjum koma margir aðilar. Um er að ræða nokkuð stóran og misleitan hóp sem skilgreindur er sem hagsmunaaðilar verkefnisins vegna beinna eða óbeinna tengsla þeirra við það. Ráðgert var í upphafi að þeir myndu að öllum líkindum flækja starfsumhverfi og verkefnið með einhverjum hætti. Til að greina framlag og væntingar hvers hagsmunaaðila gerðu verkefnisstjórar greiningu á þeim. Markmið greiningarinnar var að kortleggja helstu hagsmunaaðila verkefnisins og leggja síðan mat á hvaða hagsmuni viðkomandi hefur af verkefninu, hvert mikilvægi, hlutverk og/eða framlag hans er eða verður. Verkefnisstjórar skilgreindu hvaða aðgerðir væru fýsilegar til að koma til móts við ætlaðar væntingar hagsmunaaðilanna. Í því sambandi var þeim gefin einkunn á bilinu 1 til 5 þar sem 1 stendur fyrir litla þýðingu en 5 fyrir mjög mikla, eins og sjá má í hagsmunaaðilagreiningunni í Viðauka 2.

3.3. Greining á markhóp verkefnis

Markhópur verkefnisins eru atvinnulausir einstaklingar á Suðurnesjum, ófaglærðir og þeir sem eru með litla menntun. Við upphaf verkefnisins, í maí 2011, mældist atvinnuleysi á Suðurnesjum 12,1% og var það mest þar af landinu öllu. Alls voru 1.371 einstaklingar atvinnulausir á svæðinu, 767 karlar og 604 konur. Um 64% hópsins hafði verið atvinnulaus í innan við 12 mánuði samfelld. Skipting eftir bæjarfélögum í maí 2011 var eftirfarandi:

Sveitarfélag Fjöldi

Garður	93
Grindavík	100
Reykjanesbær	995
Sandgerði	150
Vogar	72

Á sama tíma var skipting atvinnulausra á Suðurnesjum eftir aldri eftirfarandi:

Aldur	Fjöldi
15 – 29 ára	558
30 – 44 ára	444
45- 59 ára	309
60+	99

Í janúar 2012 mældist atvinnuleysi á Suðurnesjum 12,5% og var það enn mest þar af landinu öllu. Þrátt fyrir að hlutfallslegt atvinnuleysi hafi hækkað hafði einstaklingum á atvinnuleysisskrá á Suðurnesjum fækkað um 62 á þessum átta mánuðum. Alls voru þetta 1.309 einstaklingar, 725 karlar og 584 konur. Tæp 70% hópsins hafði verið atvinnulaus í innan við 12 mánuði samfelld. Af þessum 1.309 einstaklingum voru 229 manns í einhvers konar úrræðum í janúarmánuði, þar af 73 á námssamningum. Skipting eftir bæjarfélögum í lok janúar, samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Vinnumálastofnunar, var eftirfarandi:

Sveitafélag	Fjöldi
Garður	82
Grindavík	86
Reykjanesbær	931
Sandgerði	143
Vogar	80

Á sama tíma var skipting atvinnulausra á Suðurnesjum eftir aldri eftirfarandi:

Aldur	Fjöldi
15 – 29 ára	535
30 – 44 ára	395
45 – 59 ára	273
60 +	119

3.3.1. Menntunarstig atvinnuleitenda

Menntun atvinnuleitenda á aldrinum 16-30 ára í upphafi verkefnisins má sjá í töflunni hér fyrir neðan. Yfir 80% hópsins hefur aðeins lokið grunnskólaprófi.

	Fjöldi	kvk	kk	Grunnsk.	Framhaldssk.	Hásk.	Íslenskir	Erlendir	Hlutfall af heild
16-20 ára	103	34	69	100	3	0	99	6	6,46%
21-25 ára	300	136	164	262	37	1	259	38	18,84%
26-30 ára	261	129	132	198	58	5	193	69	16,39%
Samtals	664	299	365	560	98	6	551	113	41,69%

3.3.2. Áhugagreining atvinnuleitenda

Kristín Ketilsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá VMST á Suðurnesjum tók viðtöl við alls 153 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára sem skráðir voru atvinnulausir fyrir 1. apríl 2011. Þátttakendur voru valdir eftir aldri, menntun og tímalengd á atvinnuleysisráðgjafi og voru 174 boðaðir. Viðtölin fóru fram á tímabilinu 14. apríl til 26. maí og er hægt að greina áhugasvið þeirra sem ætla sér í nám úr upplýsingum viðtalanna. Þær spurningar sem verkefnisstjórar leituðu svara við eru eftirfarandi:

1. Hversu stór hluti hópsins stefnir á nám?
2. Hversu margir hafa áhuga á verknámi?
3. Hvers konar verknámi?
4. Hversu margir hafa áhuga á bóknámi?
5. Hvers konar bóknám?
6. Hversu stór hluti hópsins hefur ekki áhuga á neinu námi?
7. Á hvaða sviði hafa þeir einstaklingar áhuga á að starfa?

Samkvæmt niðurstöðum viðtalanna kom eftirfarandi í ljós varðandi framtíðaráform atvinnuleitenda þegar kemur að námi:

Nám	Ekki í nám	Óákveðnir	Samtals
33	28	92	153

Þeir einstaklingar sem höfðu ekki áhuga á námi sögðu oftast svo vera vegna námserfiðleika. VMST hefur þó ekki upplýsingar um formlegar greiningar atvinnuleitenda. Flestir nefndu les- og/eða skrifblindu auk þess sem ein sagðist vera með dyscalculiu. Einhverjir eru með ADHD og einn með felmtursröskun eða ofsakvíða. Þrír úr hópi þeirra sem hafa ekki áhuga á námi voru komnir með vinnu. Ekki var kannað hvað þessi 28 manna hópur sem hefur ekki áhuga á námi langar að starfa við í framtíðinni.

Af þeim sem voru óákveðnir varðandi nám þegar viðtölin fóru fram voru fjórar konur á leið í fæðingarorlof. Aðrir höfðu ekki tekið neina ákvörðun um að fara í nám en ætluðu að hugsa málið. Þeir sem höfðu velt fyrir sér námi voru flestir að íhuga verknám eða bóknám í framhaldsskóla.

Af þeim sem þegar höfðu skráð sig í eða valið sér nám var skiptingin eftirfarandi:

Fjölbraut	Keilir	Menntastoðir	Háskóli	Annað	Samtals
20	4	2	3	4	33

Sá elsti var fæddur 1982 og sá yngsti 1992. Af þeim sem ætla í fjölbrautaskóla höfðu flestir valið FS eða 13 einstaklingar. Aðrir skólar voru Tækniskólinn, Borgarholtsskóli, Fjölbrautaskólann við Ármúla og Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Sumir höfðu sótt um í fleiri en einum skóla. Helmingur þessa fólks ætlar í bóknám og þá yfirleitt í nám til stúdentsprófs. Kynjaskipting þar er jöfn, fimm konur og fimm karlmenn. Undir Annað flokkast barbjónanám erlendis, flugvirkjanám erlendis, Kvikmyndaskólinn og tölvunámskeið hjá Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum. Þeir sem höfðu skráð sig í háskóla höfðu áhuga á lögfræði (HÍ – 1 kk), viðskiptafræði (HÍ – 1 kvk) og hugbúnaðarverkfræði (HR – 1 kk). Hjá Keili höfðu nemendur skráð sig í háskólabró (1 kk, 2 kvk) og einkaþjálfun (1 kvk). Þeir sem valið höfðu Menntastoðir MSS voru tvær konur.

Af þeim 20 atvinnuleitendum sem höfðu skráð sig í fjölbrautaskóla höfðu 10 valið verknám og var skipting eftir námsbrautum eftirfarandi:

Námsbraut	Fjöldi	Kyn
Klæðskeraíðn/textíl- og fatahönnun	2	kvk
Málmiðn	3	kk
Sjúkraliðabraut	2	kvk
Hárgreiðsla og/eða snyrtifræði	2	kvk
Grafísk hönnun	1	kvk
Samtals	10	

3.3.3. Þarfir atvinnuleitenda

Tveir rýnifundir voru haldnir með atvinnuleitendum á skrifstofu verkefnisstjóra um eflingu menntunar á Suðurnesjum í maí 2012. Alls tóku 13 atvinnuleitendur þátt í rýnifundunum, átta konur og fimm karlmenn, á aldrinum 27-66 ára. Þeir lýstu allir áhuga á því að taka þátt eftir að VMST á Suðurnesjum sendi upplýsingar um fundinn til allra atvinnuleitenda á svæðinu. Fjórir einstaklinganna eru af erlendum uppruna, þrjár konur og einn karlmaður. Á fyrri fundinum voru tvær konur og tveir karlmenn á aldrinum 27-48 ára, þar af einn af erlendum uppruna. Á seinni fundinum voru sex konur og þrír karlmenn á aldrinum 50-66 ára, þar af þrír af erlendum uppruna. Atvinnuleysi þátttakenda hefur varað í allt frá þremur mánuðum upp í rúm þrjú ár. Flestir í hópnum hafa verið atvinnulausir í að minnsta kosti eitt ár.

Varðandi þjónustu og úrræði VMST á Suðurnesjum voru helstu niðurstöður þær að þjónustan þótti ágæt en viðmót starfsmanna oft á tíðum ekki eins gott. Þá sögðu þátttakendur vinnumiðlun litla sem enga. Sumum fannst skrítið að þurfa nánast aldrei að láta sjá sig á

skrifstofunni og einn sagði kerfið hafa verið mun betra áður fyrr þegar atvinnuleitendur þurftu að mæta þangað í hverjum mánuði og skrá sig. Þátttakendum fannst að samskipti sem hvetja til virkni ættu að vera meiri. Eins ætti að fylgjast betur með andlegri líðan og veita persónulega þjónustu. Þjónustan ætti að byggjast á umhyggju en ekki eftirliti og hótunum sem sumir sögðust upplifa.

Flestir þátttakendanna höfðu tekið þátt í námskeiðum á vegum VMST og voru allir sammála um að þau hefðu verið bæði skemmtileg og gagnleg. Helstu breytingar sem þeir myndu vilja sjá eru lengri námskeið, færninámskeið sem nýtast beint í vinnu, framhaldsnámskeið og undirbúningsnámskeið í einstökum bóklegum greinum. Enginn þátttakenda tók þátt í áttakinu *Nám er vinnandi vegur* og fáir veltu því fyrir sér. Helstu ástæður fyrir því var að fólk vissi ekki af áttakinu, hafði ekki áhuga á námi, loforð um bætur í eina önn var ekki nóg, vildi ekki taka áhættuna á því að missa bætur ef námsárangur yrði ekki góður, voru þegar með iðnmenntun eða í námi. Viðhorf þátttakenda til frekara náms var þó almennt gott og þrjár kvennanna stefna á nám.

Enginn atvinnuleitendanna var orðinn þátttakandi í áttakinu *Vinnandi vegur* þegar rýnifundirnir fóru fram og flestir vissu lítið um það. Einn hafði þó sótt um vinnu í tengslum við átakið en var sagt af atvinnurekandanum að hann uppfyllti ekki skilyrði þar sem hann væri ekki búinn að vera atvinnulaus nógu lengi. Viðkomandi var mjög ósáttur við þetta og fannst þetta stór galli á úrræðinu. Þátttakendur ræddu mikið um hvað búseta setur þeim miklar skorður þegar kemur að því að sækja um störf, vegna eldsneytiskostnaðar. Almennt sá fólk ekki möguleika á því að sækja starf í annað bæjarfélag en það býr í.

Aðspurð um Virkjun sögðust margir úr hópnum hafa farið þangað og líkað vel, bæði væri andinn þar góður, skemmtilegt fólk og gagnleg námskeið. Mörgum þótti þó staðsetningin ekki góð. Ein úr hópnum var nýflutt á svæðið og sagðist engar upplýsingar hafa fengið um Virkjun hjá VMST. Mikilvægt er að tryggja að allir atvinnuleitendur viti af þjónustu Virkjunar.

Rætt var um líðan og áhrif atvinnuleysis á hana. Allir þátttakendanna sögðust fylgjast stöðugt með atvinnuáuglýsingum og sækja um störf sem henta með tilliti til staðsetningar og starfshlutfalls. Þeir töldu virkni til atvinnuleitar hafa haldist eins eða heldur aukist eftir því sem atvinnuleysi hefur staðið lengur yfir. Hópurinn finnur almennt lítinn mun á andlegri og/eða líkamlegri líðan eftir að atvinnuleysi hófst, enda sögðust allir vera duglegir við að halda sér virkum. Atvinnuleysið hefur engu að síður áhrif og ýmislegt hefur breyst, þau neita sér um meira en áður og hlutir sem áður voru sjálfsgðir eru lúxus í dag. Helstu breytingar í kjölfar atvinnuleysis að sögn þátttakenda eru peningaleysi, vanskil, aukinn frítími og breyttur lífsstíll. Allir þátttakendurnir voru sammála um mikilvægi þess að fara út á hverjum degi og halda ákveðinni reglu. Fáir þekktu dæmi um það að atvinnulausir einstaklingar hefðu hætt allri virkni og jafnvel orðið þunglyndir í kjölfarið. Ein sagðist þó óttast að þetta væri algengt, meðal annars vegna þess að maður þarf hvergi að láta sjá sig til að fá atvinnuleysisbæturnar.

Hafa þarf í huga varðandi niðurstöður rýnifundanna að eingöngu 13 einstaklingar voru tilbúnir til þátttöku, af yfir 1.000 manns sem voru atvinnulausir á þessum tíma. Velta má fyrir sér hversu stór hluti atvinnuleitenda sé virkur í daglegu lífi miðað við þessa dræmu þátttöku.

3.3.4. Vinnumálastofnun á Suðurnesjum

Rætt var við Lindu Ásgrímsdóttur, skrifstofustjóra VMST á Suðurnesjum, í þeim tilgangi að fá upplýsingar um stefnu VMST þegar kemur að ráðgjöf og úrræðum fyrir atvinnuleitendur, breytingar á áherslum stofnunarinnar og úttektir og kannanir sem stofnunin hefur látið gera. Í viðtalinu fóru verkefnisstjórar eftir fyrirframgerðum spurningalista sem þeir höfðu sett saman og sjá má í Viðauka 6. Úrvinnslu viðtals má sjá hér fyrir neðan.

Ráðgjöf VMST til atvinnuleitenda

Að sögn Lindu er stefnan sú að vera í samskiptum við atvinnuleitendur á 4-6 vikna fresti. Eftir efnahagshrunið eru starfsmenn VMST ekki að ná að anna þessu vegna mikils fjölda atvinnulausra í kjölfar hrunsins. Haustið 2008 voru um 300 manns á atvinnuleysisrá á Suðurnesjum en ári síðar, haustið 2009 voru þeir orðnir um 1800 talsins. Á síðustu þremur árum hafa vinnuferlar VMST breyst og hafa einstaklingsfundir að mestu dottið út og hópkyrningarfundir verið teknir upp í staðinn. Snerting VMST við atvinnuleitendur hefur að mestu leiti verið í formi hópfunða síðan þá. Tölvusamskipti eru einnig mikið notuð, til dæmis hvað skráningu á námskeið varðar.

Einstaklingsráðgjöf hefur aðeins verið í boði ef fólk hefur óskað eftir því sjálft af einhverjum ástæðum eða ef ráðgjafi sér ástæðu til að kalla atvinnuleitanda til viðtals. Einnig ef einhverjir hafa ekki fundið úrræði við hæfi, en allir atvinnuleitendur þurfa reglulega að skrá sig og taka þátt í úrræðum í formi námskeiða. Sá hópur sem finnur ekki neitt við hæfi fer ört stækkandi þar sem margir eru búnir með svo mikið af þeim námskeiðum sem eru í boði, vegna langtímaatvinnuleysis. Úrræði fyrir þá einstaklinga er að þeir fara í staðinn í regluleg einstaklingsviðtöl hjá VMST þar til eitthvað breytist.

Í einstaklingsviðtölum er helst farið yfir það hvernig atvinnuleit gengur hjá viðkomandi, persónulega stöðu og líðan hans. Nýlega fékk VMST aðgang að mælitækinu *Heilsutengd lífsgæði* og hefur hafið notkun á því. Á Suðurnesjum verður tækið mest notað fyrir fólk sem er að klára bótarétt sinn og hafa fimm manns þegar farið í gegnum það ferli, en mælingin er í formi spurningakönnunar þar sem áhersla er lögð á andlega og líkamlega líðan. Að sögn Lindu vilja sumir alls ekki taka þátt í þessu en þeir sem taka þátt vita flestir niðurstöðuna fyrirfram. Í framhaldi er gerð úrbótaáætlun ef þarf og fólk hvatt til að setja kraft í atvinnuleitina.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hefur síðustu misseri aðstoðað VMST við einstaklingsviðtöl og –ráðgjöf. Þessu hefur nú verið hætt þar sem tilfinning starfsmanna VMST var að þeir misstu yfirsýn og þau litlu tengsl sem þeir höfðu við atvinnuleitendur.

Námskeið og önnur úrræði fyrir atvinnuleitendur

Vinnumálastofnun hefur lagt áherslu á að þau námskeið sem eru í boði séu sem fjölbreyttust þannig að flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Þegar viðtalið fór fram voru alls 518 atvinnuleitendur á Suðurnesjum að byrja á námskeiðum fljótlega. Þau námskeið sem skilað hafa hvað bestum árangri að mati Lindu eru Grunnmenntaskólinn og Menntastoðir sem MSS býður upp á. Vorið 2012 voru 23 atvinnuleitendur í hópi nemenda í Grunnmenntaskólanum og Menntastoðum. Þessi námskeið verða í mörgum tilfellum til þess að fólk heldur áfram námi í háskólabróu Keilis. Að auki hafa meirapróf og vinnuvélapróf líka verið að skila fólki áfram og það eru margir sem sækja um styrk til að sækja sér þessi réttindi.

Þegar rætt var við Lindu var átakið *Vinnandi vegur* á döfinni en þar er markmiðið að koma sem flestum atvinnuleitendum í starfsþjálfun eða störf. Minni áhersla verður lögð á námskeiðin í kjölfarið. Atvinnutorgið var líka ný tilkomið í samstarfi við Reykjanesbæ. Það er hugsað fyrir atvinnuleitendur á aldrinum 16-25 ára sem eru að klára bótarétt sinn og fólk á sama aldri sem fær fjárhagslegan styrk frá bæjarfélaginu. Í boði er mikil ráðgjöf, aðstoð og eftirfylgni.

Aðspurð um það hvort VMST hafi kynnt sér úrræði sem eru í boði á hinum Norðurlöndunum sagði Linda samstarf við vinnumálastofnanir á Norðurlöndum ekki mikið. Atvinnutorgið er þó að samskiptum fyrirmynd. Annað úrræði sem hefur virkað vel á Norðurlöndum er námskeiðið BTM sem verður boðið upp á fljótlega, þá í annað sinn á Suðurnesjum. Það er sérstaklega hugsað fyrir þá sem eru að klára bótaréttinn sinn en erfitt getur reynst að fá fólk til að taka þátt jafnvel þó að það þurfi bara 12 í hóp, þar sem námskeiðið er andlega krefjandi.

Linda segir skrítnar sveiflurnar þegar kemur að námskeiðum og aðsókn á þau þannig að stundum er mjög mikil aðsókn á ákveðin námskeið en svo næst þegar boðið er upp á þau næst ekki í hóp. MSS býður til dæmis upp á 6 vikna smiðjur í járn- og trésmíði og fleiru sem stundum er mikil aðsókn í en stundum mjög lítil. Meðal þeirra smiðja sem fóru til dæmis af stað nýlega voru kvikmyndasmíðja og smiðja í grafískri hönnun.

Það sem Linda telur helst vanta eru námskeið þar sem áherslan er á eitthvað verklegt. Aðspurð telur hún fulla þörf á þeim úrræðum sem eru hluti af umsókn Suðurnesja í IPA sjóð Evrópusambandsins um stofnun kennslu- og rannsóknamiðstöðvar, meðal annars vegna þess að það vantar þessa persónulegu ráðgjöf sem Atvinnutorgið mun veita, fyrir miklu fleiri atvinnuleitendur en markhóp Atvinnutorgsins.

Kannanir og greiningar í tengslum við starf VMST

Fyrir síðustu áramót gerði Capacent Gallup könnun meðal atvinnuleitenda fyrir VMST þar sem atvinnuleitendur voru meðal annars spurðir út í viðhorf þeirra til úrræða sem stofnunin býður upp á. Úrtakið var um 1100 manns og var rúmlega 50% þátttaka í könnuninni sem var send í tölvupósti

til þátttakenda. Að sögn Lindu var niðurstaðan sú að fólk er almennt ánæggt með úrræðin sem boðið er upp á. Þeir sem eru með meiri menntun en grunnskólapróf eru þó ekki eins jákvæðir og þeir sem minnstu menntunina hafa. Að sögn Lindu eru viðhorf atvinnuleitenda til stofnunarinnar sjálfrar mjög misjöfn og upplifir hún þau almennt frekar neikvæð. Viðmót atvinnuleitenda til stofnunarinnar hefur þó ekki verið kannað sérstaklega, að minnsta kosti ekki nýlega. Stutt er síðan könnun var lögð fyrir starfsfólkið og voru niðurstöður hennar ekki góðar þar sem stofnunin fékk ekki góða einkunn frá starfsmönnum. Unnið er í að bæta úr þessu að sögn Lindu.

Atvinnurekendur leita gjarnan til VMST eftir fólki í vinnu og sagði Linda að þeir mættu gera meira af því. Að hennar sögn hafa viðhorf atvinnurekenda ekki verið nógu jákvæð í garð VMST en hafa þó lagast undanfarið. Stofnunin virðist hafa það orð á sér að það þýði ekkert að leita þangað en þetta er að breytast og sjálf hefði hún áhuga á að efla samstarf við atvinnurekendur mikið. Sveitarfélögin og nokkur fyrirtæki hafa verið duglega að nýta sér þjónustu VMST á Suðurnesjum.

Þarfir atvinnuleitenda og atvinnurekenda hafa ekki verið kannaðar markvisst af VMST. Þá hefur ekki verið kannað hér á landi hversu hátt hlutfall atvinnuleitenda ætlar sér ekki aftur út á vinnumarkaðinn, líkt og gert hefur verið til dæmis í Danmörku. Að mati Lindu eru langflestir hérna á svæðinu í virkri atvinnuleit og þeir sem stefna ekki aftur út á vinnumarkaðinn eru að öllum líkindum örfáir. Samkvæmt könnuninni sem Capacent Gallup gerði kom í ljós að 86,1% þátttakenda voru í virkri atvinnuleit en 13,9% höfðu ekki verið virkir í atvinnuleit síðustu þrjá mánuði. Athyglisvert er að skoða þessar niðurstöður meðal kvenna með tilliti til búsetu því þá kemur í ljós að á Ásbrú eru fleiri konur en annarsstaðar sem hafa ekki verið virkar í atvinnuleit.

Að sögn Lindu vantar mannskap hjá VMST til að greina árangur af námskeiðum fyrir atvinnuleitendur. Forsvarsmenn VMST eru mjög ánægðir með árangurinn af átakinu *Nám er vinnandi vegur* en ekki hefur verið skoðað hverjar ástæðurnar eru fyrir því að fleiri nýttu ekki tækifærið og skráðu sig í nám. Linda sagðist vita af því að einhverjir þorðu ekki að taka áhættuna á því að missa bætur í tvo mánuði ef þeir byrjuðu í skóla en hættu svo á miðri önn. Á Suðurnesjum voru þátttakendur 119 talsins en á þessum tíma voru atvinnuleitendur á aldrinum 16-30 ára yfir 600 talsins. Aðspurð um það hvort hún telji að VMST eigi að halda áfram að leggja áherslu á það að atvinnuleitendur fari í einhvers konar nám á meðan litla vinnu er að fá sagði hún að VMST eigi að leggja mesta áherslu á að fólk komist í vinnu en finnst gott framtak að leggja áherslu á nám í þeim aðstæðum sem hafa verið í samfélaginu.

Breytingar á starfi VMST

Tilfinning Lindu er sú að flestir atvinnuleitendur séu ánægðir með námskeiðin sem þeim standa til boða og það fyrirkomulag sem hefur verið í kringum þau. Hún telur viðhorf vera að breytast og skilning að aukast hjá atvinnuleitendum. Það sem þyrfti að efla að hennar mati er vinnumiðlunin og stuðningur við atvinnuleit. Þegar viðtalið fór fram vonaðist hún til þess að tækifæri til þess

gæfist með vorinu 2012 því þá fá stéttarfélög á ákveðnum landssvæðum, þar með talið á Suðurnesjum, 26% af ráðgjöf og vinnumiðlun fyrir atvinnuleitendur til sín. Þessi breyting tekur gildi 1. maí og á að standa í 3 ár. Atvinnuleysistryggingasjóður mun áfram greiða atvinnuleysisbætur en hluti atvinnuleitenda, eftir því hvaða stéttarfélagi þeir tilheyra, verða skjólstæðingar stéttarfélaganna. Þeir sem greiða ekki í stéttarfélag eru meðal þeirra sem verða áfram hjá VMST. Við þessa breytingu gefst ráðgjöfum stofnunarinnar tækifæri til að sinna þeim sem eftir verða betur því atvinnuleitendum á þeirra vegum mun fækka verulega. Á Suðurnesjum munu til dæmis um 500-600 atvinnuleitendur færast yfir til stéttarfélaganna. Helst myndi Linda vilja að 50-60 manns væru á bakvið hvern ráðgjafa því þannig sé hægt að vera í tengslum við hvern og einn og veita persónulega ráðgjöf.

3.4. Þarfir menntastofnana

Við greiningu á þörfum menntastofnana á Suðurnesjum og námsúrræðum í boði voru allir skólar á svæðinu heimsóttir af verkefnisstjórum og viðtöl tekin við skólustjóra og námsráðgjafa. Í sumum skólum var aðstoðarskólustjóri líka. Farið var í gegnum fyrirfram ákveðnar spurningar sem sjá má í Viðauka 3 og tók hvert viðtal um eina og hálfa klukkustund. Öll viðtölin voru tekin í september og október 2011 og eru niðurstöður greiningar eingöngu byggðar á upplýsingum sem fengust í þeim.

Hver þessara skóla hefur sína sérstöðu sem ekki verður fjallað sérstaklega um hér, heldur verður áhersla lögð á fyrirkomulag námsráðgjafar, aðgerðir gegn brottfalli og samvinnu við aðra skóla, stofnanir og fyrirtæki. Í langflestum skólanna eru allir kennarar með kennsluréttindi. Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar þjónustaði grunnskólana í Sandgerði, Garði og Vogum samkvæmt sérstökum þjónustusamningum skólaárið 2011-2012 en skólaárið 2012-2013 gerði sveitarfélagið Vogar samning við Fræðsluskrifstofu Hafnarfjarðar. Grindavíkurbær er með sína eigin fræðsluskrifstofu. Allir skólustjórar grunnskóla á Suðurnesjum, utan Grindavíkur, hittast á fundi með fræðslustjóra á tveggja vikna fresti.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda nemenda, starfsmanna og starfshlutfall námsráðgjafa í annars vegar grunnskólum á Suðurnesjum og hins vegar öðrum menntastofnunum sem eru Fisktækniskólinn, Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FS), Keilir og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS).

Grunnskóli Fjöldi nem. Fjöldi starfsm./kennara Fjöldi náms- og starfsráðgjafa

Akurskóli	393	49 / 31	1 í 75% stöðu
Gerðaskóli	220	36 / 21	1 í 25% stöðu
Grsk. í Grindavík	459	72 / 38	1 í 100% stöðu
Grsk. í Sandgerði	247	50 / 26	1 í 30% stöðu
Háaleitissskóli	98	17 / 12	0 (Njarðvíkurskóli þjónustar)
Heiðarskóli	431	57 / 39	1 í 70% stöðu
Holtaskóli	419	80 / 46	1 í 100% stöðu

Myllubakkaskóli	300	53 / 37	1 í 100% stöðu
Njarðvíkurskóli	380	70 / 47	1 í 50% stöðu
Stóru-Vogaskóli	190	36 / 24	1 í 50% stöðu

Skóli Fjöldi nem. Fjöldi starfsm./kennara Fjöldi náms- og starfsráðgjafa

Fisktækniskólinn	45	2 / 6	0 (FS þjónustar)
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.144	100 / 74	4 – 3 í 100% og 1 í 25% stöðu
Keilir	661	100 – 60 stöðugildi	1 í 100% stöðu
Miðstöð símenntunar	2.109 (2010)	15 / 100-120 verktakar	2 í 100% stöðu

3.4.1. Náms- og starfsráðgjöf

Eins og sjá má í töflunni hér fyrir ofan er starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa í skólum á Suðurnesjum allt frá 25% og upp í 100%. Þrír skólar eru með ráðgjafa í fullu starfi, tveir í kringum 70-75%, tveir í 50% stöðu og tveir í 25-30%. Þetta er ekki endilega í réttu hlutfalli við nemendafjölda skólanna. Í einum skóla er það kennari sem sinnir starfi náms- og starfsráðgjafa án réttinda til slíks, en starfshlutfall þar er aðeins 25%. Í Heiðarskóla hafði náms- og starfsráðgjafinn verið í fæðingarorlofi meira og minna síðustu tvö ár þegar viðtal var tekið og ekki var ráðið inn í afleysingar fyrir hana heldur tóku skólastjórnendur við einstökum verkefnum.

Grunnskólar

Þegar kemur að námsráðgjöf í grunnskólum á Suðurnesjum eiga þeir það sameiginlegt að boða alla nemendur í 10. bekk í einstaklingsviðtöl þegar þeir fara að huga að vali á framhaldsskóla. Formið á þessu er misjafnt á milli skóla, í Holtaskóla eru foreldrar til dæmis boðaðir með í viðtölin, sem fara fram að hausti þegar einkunnir samræmdra prófa eru komnar, og er námsráðgjafi sveigjanlegur þegar kemur að tímasetningum þeirra svo allir komist. Í mörgum skólanna bjóða námsráðgjafar nemendum 10. bekkjar upp á áhugasviðsgreiningu, sum staðar gegn gjaldi. Að öðru leyti er mjög misjafnt hvernig náms- og starfsfræðslu er háttað í skólunum, allt frá því að vera nánast engin, utan einstaklingsviðtala, upp í einhverja fræðslu fyrir alla árganga, og mjög öfluga fyrir þá elstu. Í flestum skólum þar sem ráðgjafi er í 70-100% starfshlutfalli er náms- og starfsfræðsla í boði að einhverju leyti fyrir nemendur frá 5. eða 6. bekk og upp úr. Þess utan snýst starfið um stuðning við nemendur og aðstoð við vinnubrögð og námstækni.

Í viðtölum við alla náms- og starfsráðgjafana í grunnskólum sem rætt var við kom fram að þeir telja starfshlutfall ráðgjafa við sinn skóla ekki nægilegt. Ef það væri meira væri hægt að gera enn betur. Jafnvel þar sem starfshlutfall ráðgjafa er 100% er eitthvað sem verður út undan að þeirra sögn og er það þá helst yngsti aldurshópurinn.

Að mati verkefnisstjóra var athyglisvert að sjá að umfang náms- og starfsfræðslu í grunnskólunum er ekki endilega í samræmi við starfshlutfall ráðgjafans. Sem dæmi virðist náms- og starfsfræðsla vera mjög öflug í Stóru-Vogaskóla jafnvel þó ráðgjafinn sé aðeins í 50% stöðu með 190 nemendur. Þar fá allir árgangar í skólanum einhverja náms- og starfsfræðslu og tekin eru einstaklingsviðtöl, bæði að hausti og vori, við alla nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Ráðgjafinn fylgist einnig með mætingum allra nemenda á unglingastigi. Þá heldur hún sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir þá sem þurfa og sér um ART kennslu þrisvar í viku. Í Myllubakkaskóla, þar sem ráðgjafi er í 100% starfshlutfalli, er svo að segja engin náms- og starfsfræðsla í kennslustundum af hendi námsráðgjafans. Búið er að kynna námsefni tengt starfsfræðslu fyrir lífsleiknikennurum, sem vonandi verður hægt að koma að hjá 10. bekk auk þess sem fjallað er um námstækni í lífsleikni. Náms- og starfsráðgjafi tekur viðtöl að vori við alla nemendur í 9. og 10. bekk en vegna anna í öðru voru aðeins tekin viðtöl við 10. bekkinn vorið 2010. Í þessum skóla eru margir nemendur sem búa við félagsleg vandamál og sinnir náms- og starfsráðgjafi í raun starfi félagsráðgjafa við skólann. Fer nánast allur hans tími í verkefni tengd þessum málum, sem eru oft á tíðum mjög erfið. Að hans mati þarf að ráða félagsráðgjafa til skólans svo hægt sé að sinna náms- og starfsráðgjöf betur.

Í Njarðvíkurskóla er náms- og starfsráðgjafi í 50% starfshlutfalli líkt og í Stóru-Vogaskóla en með helmingi fleiri nemendur en þar. Tíminn hjá honum fer mest í einstaklingsviðtöl og stuðning við nemendur, til dæmis varðandi námstækni og námsaðstoð. Náms- og starfsfræðsla er ekki hluti af neinu námi í skólanum en það er vilji stjórnenda að breyta því og auka starfshlutfall námsráðgjafa í 100% en fjármagn hefur ekki fengist til þess. Í Gerðaskóla og Grunnskólanum í Sandgerði er einnig vilji til að auka starfshlutfall námsráðgjafa, og þar með náms- og starfsfræðslu í skólanum, en ekki eru til peningar. Í Sandgerði, þar sem námsráðgjafinn er í 30% starfi, virðist hann ná að nýta tímann vel, líkt og í Stóru-Vogaskóla. Þar er boðið upp á einstaklingsviðtöl við alla nemendur í 8. og 10. bekk, áhugasviðsgreiningu fyrir 9. og 10. bekk og náms- og starfsfræðslu í einhverju formi fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Að sögn margra námsráðgjafanna sem rætt var við er opinbert viðmið að fulla stöðu náms- og starfsráðgjafa þurfi fyrir hverja 300 nemendur.

Framhaldsnám

Víðtæk náms- og starfsráðgjöf er í boði hjá FS, Keili og MSS. Fisktækniskólinn hefur gert þjónustusamning, meðal annars vegna náms- og starfsráðgjafar, við FS. Hjá öllum þessum skólum er mikil áhersla lögð á persónulega þjónustu og mikla aðstoð fyrir þá nemendur sem þurfa, til dæmis vegna lesblindu, ADHD, annarra námserfiðleika eða persónulegra vandamála. Lesblindir nemendur hjá **Keili** fá talgervla í tölvurnar sínar og allar kennslubækur skannaðar inn. Skólinn býður sjálfur upp á lesblindugreiningar. Þá fara allir nemendur í háskólabrú á hraðlestrarnámskeið. Hjá **MSS** og **FS** er boðið upp á áhugasviðsgreiningar sem eru vinsælar. Lesblindir nemendur FS hafa aðgang að talgervlum og hljóðbókum auk fleiri hjálpartækja. Nemendur með greiningar geta sótt um lengri próftíma og fengið próf lesin upp svo dæmi séu tekin. Kennarar í FS eru látnir vita af

nemendum með lesblindu og óskað er eftir því að þeir bjóði fram sérstaka aðstoð. Boðið er upp á sérstakt aðhald með reglulegum viðtölum fyrir nemendur með ADHD, með eða án ofvirkni. Hjá öllum skólunum bjóða náms- og starfsráðgjafar upp á námstæknaðstoð, ýmist persónulega eða á námskeiðum sem haldin eru reglulega. Hjá **FS** og **Keili** eru líka haldin prófkvíðanámskeið fyrir þá sem vilja.

Náms- og starfsfræðsla er hluti af ýmsum námskeiðum hjá **MSS**, og öllum námskeiðum sem haldin eru fyrir VMST. Hjá **FS** fara námsráðgjafar gjarnan inn í lífsleikni með náms- og starfsfræðslu og kenna svo útskriftarnemendum ferilskráargerð. Náms- og starfsráðgjafar **FS** fara í heimsókn í alla grunnskóla á svæðinu á hverju ári og hitta nemendur í 10. bekk til að kynna námsframboð og fleira. Þá taka þeir á móti öllum nemendum í 9. bekk á svæðinu, sýna þeim skólann og kynna námsframboðið.

Hjá Keili, Fisktækniskólanum og MSS er lögð áhersla á innritunarviðtöl, sérstaklega fyrir ákveðna hópa nemenda. Hjá **Keili** fara allir nemendur í slíkt viðtal og taka svo þátt í hópefli í upphafi skólaársins. Nemendur **Fisktækniskólans** fara líka allir í innritunarviðtal. Hjá **MSS** fara allir nemendur sem sækja um Menntastoðir í viðtal og allir nemendur á vegum VMST fara í viðtal að námskeiði loknu.

Þeir náms- og starfsráðgjafar sem rætt var við í þessum skólum töldu flestir vinnuálag það mikið að bæta mætti við fleiri stöðugildum ráðgjafa. Það er þó sérstaklega á ákveðnum tímabilum sem álag verður mikið. Hjá MSS væri til dæmis gott ef einn gæti helgað sig alveg nemendum Menntastoða og haldið utan um þá. Hjá **FS** var einu stöðugildi bætt við haustið 2011 til að halda utan um stóran hóp nemenda sem stundar nám í gegnum átakið Nám er vinnandi vegur. Í **FS** er nemendum boðið upp á sálfræðipjónustu þar sem ákveðinn tímafjöldi er þeim að kostnaðarlausu. Margir nýta sér þetta úrræði og á hverju ári fara um 5-600.000 kr. í slíkan kostnað hjá skólanum. Full þörf væri á sálfræðingi í fasta stöðu innan skólans og vonast er til þess að umsókn um slíkt verði samþykkt.

Viðmælendur í öllum skólunum sem voru heimsóttir voru sammála um það að nemendur væru duglegir að nýta sér þá þjónustu sem er í boði. Hjá MSS, Keili og **FS** koma oft einstaklingar sem ekki eru í námi, á fund námsráðgjafa og hjá MSS er lögð áhersla á óháða námsráðgjöf fyrir almenning.

3.4.2. Brottfall og brottfallsaðgerðir

Úrræði grunnskólanna

Þrátt fyrir gott starf og mikla áherslu á virkni nemenda og metnað í mörgum skólanna eiga allir grunnskólarnir það sameiginlegt að vera með nemendur sem mæta lítið sem ekkert í skólann. Viðmælendur í einum skólanna töldu það almennt vera þannig að grunnskólarnir væru ekki að viðurkenna þennan vanda og að á meðan þeir viðurkenndu hann ekki yrði hann ekki leystur. Í

viðkomandi skóla er að meðaltali einn nemandi á ári sem í raun hættir með því að mæta aldrei í skólann. Í öðrum skóla er fjöldinn að meðaltali 2-4 nemendur á ári. Í öllum skólum verða svona mál á endanum að barnaverndarmálum. Þá hafa skólarnir rætt við bæði nemendur og foreldra, gert sérstakan mætingasamning við báða aðila, kannski boðið upp á sálfræðiaðstoð eða regluleg viðtöl hjá námsráðgjafa, mögulega hringt heim til nemenda á morgnana, og í einum skóla var gengið svo langt að skólastjórinn fór heim til nemanda og bankaði uppá. Ef ekkert ber árangur er málið sent til nemendaverndarráðs sem síðan sendir það áfram til barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefnd hefur einhver viðbótarúrræði að leita í, eins og til dæmis Morgunhanann, sem að sögn eins viðmælanda hefur ekki verið að skila nægum árangri.

Í Myllubakkaskóla, þar sem mikið er um að nemendur búi við félagsleg vandamál, sögðust viðmælendur upplifa verkfæraleysi í þessari baráttu. Námsráðgjafinn í Myllubakkaskóla er að hefja samstarf við námsráðgjafa í FS þar sem ferill nemenda úr Myllubakkaskóla verður rakinn svo stjórnendur þar geti séð nákvæmlega hversu margir brottfallsnemendur koma úr þeirra skóla. Margir viðmælanda töluðu um að mjög erfitt er fyrir skóla að berjast við aðstæður heima fyrir enda réttur foreldra mikill. Einn skólastjórinn tók svo til orða að réttur foreldra til að eyðileggja börnin sín er mjög sterkur.

Þau úrræði sem helst er verið að nýta í grunnskólum á Suðurnesjum, og gætu mögulega dregið úr brottfallshættu nemenda, er í raun bara einstaklingsmiðað nám. Þetta eru ýmis sérúrræði og námsver fyrir nemendur með hegðunarvanda og námserfiðleika þar sem þeim er mætt þar sem þeir eru staddir og reynt að höfða til þeirra áhugasviðs. Dæmi um þetta eru Skjól hjá **Grunnskóla Grindavíkur** fyrir nemendur á miðstigi með hegðunarerfiðleika, nýbúadeild fyrir innflytjendur og námsver fyrir nemendur með greiningar og fatlanir. Í **Holtaskóla** er rekin sérstök deild fyrir einhverfa nemendur en að öðru leyti er markmiðið þar að stuðningskennsla vegna námserfiðleika eða fatlana fari fram inni í bekkjum. Það sama á við í **Akurskóla** en þar er boðið upp á stuðningsmiðað nám sem skipulagt er af sérkennara og færnimiðaða sérkennslu í verklegum greinum. Í **Grunnskólanum í Sandgerði** er Mikligarður fyrir nemendur sem lent hafa í einhverskonar áföllum, en eru oft námslega sterkir, og Riddaragarður er fyrir nemendur í 1. - 5. bekk sem eiga við hegðunarvandamál að stríða. Þar er líka boðið upp á ART námskeið (*aggression replacement training*) þar sem kennd er félagsfærni, reiðistjórnun og siðferðisþjálfun. Í **Njarðvíkurskóla** er Björkin sem rekin er af Reykjanesbæ og þjónustar alla skóla þar. Úrræðið er fyrir nemendur með hegðunarerfiðleika í 4. - 10. bekk og er í raun endastöð fyrir þessa krakka, sem oftast eru strákar, en þó tímabundið úrræði. Öspin er síðan fyrir nemendur með þroskahömlun. Í Njarðvíkurskóla er líka boðið upp á nýbúakennslu, líkt og í **Myllubakkaskóla** þar sem einnig er boðið upp á sérstakt úrræði í líkingu við Björkina, fyrir nemendur með mikla hegðunarerfiðleika. Úrræðið var sett upp þar sem oft er löng bið áður en nemendur komast í Björkina. Meðal annars er notast við ART kennslu fyrir þessa nemendur, sem haustið 2011 voru fimm talsins en von á fleirum. Í **Gerðaskóla** eru úrræði einstaklingsmiðuð fyrir hvern og einn nemanda sem þarf á aðstoð að

halda. Í **Stóru-Vogaskóla** er verið að innleiða ART kennslu og er 6. bekkur í henni núna. Ástæðan fyrir því að byrjað var í 6. bekk er sú að þetta árið eru flestu nemendurnir með hegðunarvandamál í þeim árgangi. Námskeiðið verður líka notað fyrir minni hópa nemenda sem þurfa sérstaka hjálp í áhersluþáttunum. Námsver er í boði fyrir nemendur sem eiga við erfiðleika að stríða og er Riddaragarður hluti af því, fyrir nemendur með geðræn vandamál, erfið tilfelli ADHD eða mikla reiði. Stóru-Vogaskóli hefur verið í samstarfi við Brúarskóla sem er sérskóli fyrir nemendur með geðrænan eða tilfinningalegan vanda, eiga í félags- eða hegðunarerfiðleikum eða eru í neyslu. Hluti af verkefnum skólans er að veita öðrum skólum ókeypis ráðgjöf og aðstoð og nýtti Stóru-Vogaskóli sér það. Fyrst fóru starfsmenn þaðan í heimsókn í Brúarskóla og síðan komu sérfræðingar þaðan í áhorf inni í bekk og gáfu svo góð ráð sem nýst hafa mjög vel að sögn skólastjóra. Flest þessara úrræða sem fjallað er um hér að ofan eru þannig að nemendur fara þangað í einhverjum tímum en eru svo með sínum bekk hluta úr degi líka. Þá er líka litið á mörg þeirra sem tímabundin úrræði með það að markmiði að nemendur geti tekið aukinn þátt í almennu bekkjarstarfi.

Svokallað vinnustaðanám er í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk sem eiga erfitt með bóknám, hafa mætt illa í skólann eða eiga við aðra erfiðleika að stríða. Þá er gerður samningur við nemanda, foreldra og fyrirtæki sem nemandinn hefur áhuga á að vinna hjá hluta vikunnar. Þetta eru í flestum tilfellum einhverskonar iðnaðarfyrirtæki eins og bifvélaverkstæði og vélsmiðjur. Nemendur mæta þá til vinnu til dæmis 2-3 morgna í viku og mæta í skólann þess á milli. Í Holtaskóla tóku viðmælendur fram að mikil ábyrgð er sett á nemendurna og ef þeir mæta ekki í skólann missa þeir rétt til vinnustaðanámsins. Einn nemandi er í þessu úrræði í Holtaskóla þessa önn en viðkomandi hefur ekki verið að mæta nógu vel í skólann á milli vinnudaga. Námsráðgjafi sagði nauðsynlegt að finna einhverjar leiðir til að bregðast við því. Misjafnt er eftir skólaárum hvort nýta þarf þetta úrræði, það er í boði eftir þörfum, og hópur þessara nemenda er yfirleitt fámennur. Sumir skólanna töluðu um að stundum væri erfitt að fá fyrirtæki til að taka þátt í þessu.

Í skólum sem fá þjónustu sálfræðings einn dag í viku samkvæmt samningi við Fræðsluskrifstofu Reykjaneshæjar, er sú þjónusta mjög vel nýtt af nemendum. Nemendum er yfirleitt vísað þangað af námsráðgjafa eða nemendaverndarráði en boðaðir í viðtölin af ritara á skrifstofu skólans. Ritari hringir þá inn í kennslustund og biður kennara að senda nemanda til sín. Aðrir í bekknum vita ekki að nemandinn er að fara til sálfræðings en að sögn viðmælenda eru þeir nemendur sem nýta þessa þjónustu mjög opnir með það gagnvart öðrum og þykir það ekkert tiltökumál að fara til sálfræðings.

Í **Heiðarskóla** taka kennarar einstaklingsviðtöl við alla nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Þetta telja stjórnendur hafa góð áhrif þar sem persónuleg tengsl á milli kennara og nemenda aukast. Þá er öflug náms- og starfsfræðsla í mörgum skólum liður í því að auka líkur á að nemendur standi sig vel þegar kemur í framhaldsskóla og stefni að einhverju ákveðnu. **Stóru-Vogaskóli** er eini grunnskólinn sem verkefnisstjórar vita til að bjóði upp á sérúrræði, í formi námsvers, fyrir

duglegustu nemendurnar. Skólastjórinn í Sandgerði sagðist stundum velja því fyrir sér hvort að öll sú athygli og aðstoð sem nemendur með einhvers konar erfiðleika fá, bitni á árangri í námi hinna nemendanna. Það þarf að gefa sér tíma til að sinna sterka nemendahópnum betur að hans mati.

Í öllum grunnskólunum töldu viðmælendur sig geta sigtað út tilvonandi brottfallsnemendur í 7. eða 8. bekk, mögulega niður í 6. bekk. Í 8. bekk verða oft miklar breytingar á krökkunum og það er oft um það leyti sem mæting fer að verða léleg. Sumir virðast bara búnir að gefast upp og eiga þá væntanlega litla von í framhaldsskóla. Nemendur sem hafa engan stuðning að heiman eru mjög illa settir. Ekkert þeirra úrræða sem fjallað er um hér að framan virðist vera hugsað sérstaklega fyrir nemendur í brottfallshættu, heldur eru þetta úrræði fyrir nemendur með sérþarfir enda eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi samkvæmt lögum.

Úrræði í framhaldsnámi

Í **Fisktækniskólanum** er skipulag námsins þess eðlis að nemendur eru fáir, 12-15 talsins, og allir saman í bekk svo auðvelt er að halda utan um þá. Tekin eru löng innritunarviðtöl við alla nemendurnar þar sem reynt er að kynnast persónu þeirra, farið yfir þeirra markmið, greiningar og sérþarfir ef einhverjar eru. Nemendur fá persónulega þjónustu og ef þeir eru ekki mættir á morgnana er hringt í þá og mikið gengið á eftir þeim með að mæta. Boðið er upp á akstur til Grindavíkur frá öllum hinum bæjarfélögum á Suðurnesjum, á vegum skólans, og hjálpar það þegar kemur að mætingu nemenda. Eins og staðan er núna er hver og einn sóttur heim að dyrum. Þegar námið verður komið á fullt skrið og nemendur orðnir allt upp í 50 talsins breytist þetta væntanlega þannig að bíllinn sækir þá á einn ákveðinn stað í hverju bæjarfélagi. Þrátt fyrir mikið utanumhald og góðan bekkjaranda sem skapast eru alltaf einhverjir sem detta út. Nefnt var sem dæmi námskeið sem haldið var fyrir VMST og 30 nemendur hófu nám í en 25 luku námskeiðinu. Þessir nemendur hefðu allir talist í brottfallshættu og stór hluti hópsins var með einhvers konar greiningar. Stjórnendur voru sáttir við þennan árangur, sé þetta haft í huga.

Hjá **FS** er nokkuð brottfall, líkt og hjá öðrum framhaldsskólum á landinu. Mest hefur það verið af almenntri braut og úr fornámi. Farið hefur verið í ýmsar markvissar aðgerðir til að reyna að draga úr því, nú síðast var kennslufyrirkomulagi breytt í fornáminu auk þess sem námsframboð og kennsluhættir eru í sífelldri þróun. Kennsluteymi var stofnað á síðasta ári og stendur það nú fyrir þróunarverkefni innan skólans undir yfirskriftinni FS – skemmtilegri skóli. Í því verður meðal annars lögð áhersla á breytt og bætt samskipti á milli nemenda og kennara. Líðan nemenda og starfsfólks er könnuð reglulega, námsráðgjöf hefur verið aukin auk þess sem staða mætingastjóra var búin til í þeim tilgangi að halda betur utan um þá nemendur sem mæta illa. Stofnun Fisktækniskólans var líka liður í því að draga úr brottfalli með því að koma til móts við fleiri nemendur með fjölbreyttara námsframboði og nýjum, stuttum starfsnámsbrautum. Að mati stjórnenda FS eru margir þessara nemenda sem hætta, löngu dottnir út úr skólakerfinu. Þeir telja nauðsynlegt að eitthvað róttækt verði gert, og það þurfi að byrja á því snemma í grunnskóla.

Í **Keili** koma nemendur með hreint borð og fáir sem hætta að sögn viðmælenda. Nefnt var sem dæmi að af 140 nemendum sem hófu nám í háskólabrú hættu færri en 5 einstaklingar. Um 90% nemenda sem ljúka háskólabrú halda áfram í háskólanám. Í byrjun skólaársins fara allir nemendur í hópefli innan sinnar deildar og viðmælendur telja hópinn sjálfan mikið aðhald, nemendur hringja til dæmis í hvern annan ef einhver er fjarverandi. Skólinn sjálfur gerir allt sem hægt er til að halda nemendum inni, eins og að breyta fyrirkomulagi náms úr staðnámi í fjarnám í einstökum fögum, ef það hjálpar viðkomandi. Algengt er að nemendur fái hvatningu frá námsráðgjafa um miðja önn þegar álag er farið að aukast. Viðmælendur telja skólagjöldin líka vera hvata til þess að halda áfram og ljúka náminu í stað þess að gefast upp.

Hjá **MSS** er nokkuð brottfall og þá sérstaklega úr námskeiðum sem haldin eru fyrir VMST. Það er alltaf einhver hópur sem skráir sig en byrjar í raun aldrei. Viðmælendur töldu hlutfall þeirra sem mæta og stunda námið vera í kringum 60-70% þeirra sem skrá sig. Til að reyna að koma í veg fyrir brottfall er hringt í nemendur fyrstu fimm dagana sem þeir eru fjarverandi, og þeir hvattir til að mæta og rætt við þá. Eftir það er VMST látin vita, mætingalistar eru sendir þangað einu sinni í viku á meðan námskeiðum stendur. Að mati viðmælenda er of mikið brottfall úr Menntastoðum og helst þyrfti einn starfsmaður að sjá um utanumhald þar, þær sögðu galdurinn við þetta vera eftirfylgni og utanumhald. Hluti af þessu brottfalli má rekja til þess að ákveðnir nemendur hefðu frekar átt heima í öðru námi, eins og til dæmis Grunnmenntaskólanum. Þá hafa Menntastoðir ekki hentað nógu vel fyrir yngsta aldurshópinn. Framvegis verða því tekin innritunarviðtöl við alla umsækjendur Menntastoða til að reyna að draga úr brottfalli.

Allir viðmælendur, bæði í grunnskólum og öðrum, töldu skimun fyrir nemendum í brottfallshættu, á einhverjum tímapunkti í grunnskóla, vera jákvæða og þarfa, en þá þyrfti fyrst að vera á hreinu hver úrræðin fyrir þessa nemendur ættu að vera. Það þyrfti að vera búið að finna leiðir til að bregðast við og fólk þyrfti líka að vera tilbúið til að horfast í augu við niðurstöðurnar. Námsráðgjafi í Grunnskólanum í Sandgerði taldi mögulegt að nota niðurstöður lestrarskimana að einhverju leyti í þessum tilgangi, því þeir sem ættu erfitt með lestur væru í brottfallshættu. Námsráðgjafar í Keili telja að nemendur þurfi að fá meiri aðstoð í grunnskólanum og að leggja ætti meiri áherslu á að byggja nemendur upp í stað þess að brjóta þá niður, en margir af þeirra nemendum eru mjög brenndir af fyrri skólagöngu og hafa lítið sjálfstraust. Að mati skólastjóra Grunnskólans í Sandgerði þarf öflugra samstarf á milli skólans, félagsþjónustunnar og félagsmiðstöðvarinnar til að fjölga úrræðum sem bera einhvern árangur. Það þarf líka að efla samstarf heimilis og skóla. Til þess að þetta sé hægt þarf fjárhagslegan sveigjanleika sem er ekki til staðar núna. Þess má geta að vegna niðurskurðar í Sandgerði er skólaselið þar nú aðeins fyrir nemendur 1. og 2. bekkjar. Gjaldið í skólaselið var líka tvöfaldað og aðstoð við heimanám hefur verið minnkuð niður í eina klukkustund á viku. Haustið 2012 var hún alveg felld niður. Í fleiri skólum töldu viðmælendur aukið samstarf við foreldra vænlega leið til að draga úr brottfallshættu nemenda og bæta námsárangur þeirra.

Það voru allir sammála um að það er of seint að ætla að grípa í taumana, hvað varðar brottfall, í framhaldsskóla því margir nemendur eru löngu hættir í huganum áður en þeir koma þangað. Margir töluðu um að þetta væri oft foreldravandamál, en það væri eins og það mætti ekki tala um það.

3.4.3. Samvinna á milli skóla

Breytilegt er eftir skólum hversu mikil samskipti eru við aðra skóla, stofnanir og fyrirtæki á Suðurnesjum og annarsstaðar. Margir af grunnskólunum eru í samstarfi við leikskóla í nágrenninu og aðra grunnskóla sem vinna til dæmis samkvæmt sömu uppeldisstefnu og þeir, bæði hér á svæðinu og annarsstaðar á landinu. Grunnskólinn í Sandgerði fylgir til dæmis stefnunni Uppeldi til ábyrgðar og hefur verið í einhverju samstarfi við Heiðarskóla og skóla annarsstaðar sem fylgja sömu stefnu. Þá hefur skólinn verið í miklum samskiptum við Stóru-Vogaskóla, enda vinna Sandgerði, Garður og Vogar saman að ýmsum málum bæjarfélaganna. Verið er að innleiða PBS hegðunarstefnuna í Gerðaskóla og hefur skólinn meðal annars verið í samstarfi við Holtaskóla vegna þess. Njarðvíkurskóli er í mjög góðu samstarfi við bæði Holtaskóla og Myllubakkaskóla vegna PBS (Positive behavior support). Að sögn viðmælenda í Myllubakkaskóla hefur PBS aukið samvinnu á milli skóla mikið og það er líka að aukast að þeir vinni að sameiginlegum verkefnum. Að sögn aðstoðarskólustjóra í Stóru-Vogaskóla hefur alltaf gengið mjög vel þegar skólinn hefur leitað eftir samstarfi við aðra skóla. Margir viðmælendanna töldu grunnskólana á svæðinu almennt þurfa að vera duglegri við að segja frá því sem verið er að gera og gengur vel, sín á milli.

Grunnskólinn í Grindavík á ekki í neinum samskiptum við aðra grunnskóla á Suðurnesjum en bæði skólustjórinn og námsráðgjafinn þar lýstu yfir miklum áhuga á samstarfi við þá. Skólustjórinn telur að það væri styrkur fyrir alla ef ein fræðslu – eða skólaskrifstofa væri fyrir öll Suðurnesin, líkt og hann þekkir frá Suðurlandi. Að hans mati er skólinn ekki að fá nægilegan faglegan stuðning frá fræðsluskrifstofunni í Grindavík, sem kæmi vonandi með auknu samstarfi við aðra grunnskóla. Verkefnisstjórar ræddu við Róbert Ragnarsson, bæjarstjóra Grindavíkur, í október. Hann telur misskilning uppi um það hversu mikinn faglegan stuðning fræðsluskrifstofan á að veita. Hann sagði grunnskólann vel geta verið í samstarfi við aðra grunnskóla á Suðurnesjum þrátt fyrir að bæjarfélagið sé með sína eigin fræðsluskrifstofu.

Viðmælendur í öllum grunnskólunum voru sammála um það að auka þyrfti samstarf á milli skólanna á svæðinu, bæði innan grunnskólanna og við FS. Nokkrir námsráðgjafanna í grunnskólum tóku það sérstaklega fram að samstarf námsráðgjafa allra skóla á svæðinu þyrfti að vera meira. Einn námsráðgjafi taldi nauðsynlegt að þeir fengju meiri upplýsingar frá námsráðgjöfum FS um námsframboð, þar sem ráðgjafar grunnskólanna væru nokkurs konar sölumenn fyrir FS. Hann lagði til að haldinn yrði fundur á hverju vori þar sem námsframboð væri kynnt. Hann taldi líka gott að grunnskólarnir miðluðu upplýsingum til FS, til dæmis um áhugasvið nemenda í 10. bekk, sérstaka námserfiðleika eða sérþarfir. Þær upplýsingar gætu nýst til að halda betur utan um hóp nemenda í

brottfallshættu. Viðmælendur í öðrum skóla hrósuðu FS sérstaklega fyrir góðar upplýsingar um námsframboð á heimasíðu skólans. Allir grunnskólarnir hafa verið í samstarfi við FS vegna skólaheimsókna og valgreina fyrir nemendur í 10. bekk og hefur það almennt gengið vel.

Samstarf er á milli Fisktækniskólans, FS, Keilis og MSS á ýmsum sviðum. FS og Keilir eru til dæmis í samstarfi vegna kennslu og einingamats í tæknifræði og flugnámi. MSS og Keilir eru í samstarfi vegna Menntastoða og hefur það gengið vel, yfir 90% nemenda Menntastoða halda áfram í háskólabróu Keilis. MSS og FS hafa sett af stað vinnuhóp vegna mats á einingum sem hefur ekki verið í nægilega föstum skorðum hingað til. Fisktækniskólinn er í samstarfi við FS, meðal annars vegna netagerðar og ýmissar þjónustu fyrir nemendur og MSS, meðal annars vegna raunfærnimats og endurmenntunarnámskeiða. Allir þessir skólar eiga síðan í víðtæku samstarfi við ýmsa aðra skóla og símenntunarmiðstöðvar út um allt land, FS hefur til dæmis um árabíl verið í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Samstarf á milli skólanna hér á Suðurnesjum sem sinna framhaldsnámi og framhaldsfræðslu hefur almennt gengið vel en flestir viðmælenda voru sammála um að það mætti vera meira. Það sem hefur mögulega hamlað því, að mati stjórnenda í FS, er of mikil samkeppni um nemendur og námsframboð.

3.4.4. Tengsl skóla við atvinnulífið og stofnanir á svæðinu

Allir **grunnskólarnir** á Suðurnesjum hafa verið í samskiptum við fyrirtæki á svæðinu í tengslum við starfskynningar fyrir nemendur í 10. bekk, einstakar valgreinar og vegna úrræða fyrir einstaka nemendur 10. bekkjar. Samstarf við fyrirtækin hefur gengið vel. Nokkrir skólar eru þó hættir að senda nemendur í starfskynningar, meðal annars vegna þess að farið var að verða erfiðara að fá fyrirtæki til að taka á móti nemendum auk þess sem mikil vinna fer í að skipuleggja þetta. Í staðinn hafa starfskynningar færst inn í skólann þannig að einstaklingar menntaðir á ýmsum sviðum koma og kynna starfið fyrir nemendum. Í sumum skólum eru foreldrar fengnir til að kynna sitt starf eða áhugamál.

Þrír grunnskólanna eru með þjónustusamning við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, Gerðaskóli, Grunnskólinn í Sandgerði og Stóru-Vogaskóli. Viðmælendur í Gerðaskóla eru mjög ánægðir með þá fagþjónustu sem þeir fá þaðan inn í skólann. Fyrir bæjarstjórnarskipti í Vogum hafði verið ákveðið, að sögn skólastjórnenda, að fá tilboð frá Hafnarfirði og Grindavík auk Reykjanesbæjar þegar samningur við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar rennur út um áramót. Skólastjórnendur sjálfir sögðust ánægðir með þjónustuna en á bæjarskrifstofu þyrfti að tryggja að sú þjónusta fengist sem greitt væri fyrir.

Samstarf Fisktækniskólans, FS, Keilis og MSS við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu er nokkuð, sérstaklega í sambandi við starfsþjálfun nemenda og þróun námsleiða. Í **FS** er starfsbrautin í sérstaklega miklum tengslum við atvinnulífið en einnig fara nemendur í vélstjórn, á löggæslu- og björgunarbraut og ferðaþjónustubraut í starfsþjálfun. Samskiptin þar hafa gengið vel en hafa þó að

mestu leyti gengið út á kunningsskap að sögn stjórnenda FS. Að þeirra mati þurfa fyrirtæki að vera öflugri við að auglýsa og ýta undir nám sem tengist störfum í viðkomandi fyrirtækjum. **Fisktækniskólinn** er í miklum samskiptum við ýmis fyrirtæki meðal annars vegna vinnustaðapjálfunar og aðstoðar við námskrárgerð. Sem dæmi má nefna Þorbjörn, Stakkavík, Vísi, Einhamar, Þrótt, Fiskmarkað Suðurnesja, Nýfisk, Granda, Hafrannsóknarstofnun, Landhelgisgæsluna, Fiskval og Veiðafæraþjónustuna. Samvinna **Keilis** við atvinnulífið hefur verið nokkur, meðal annars vegna flugfreyjunáms og einkapjálfaranáms, og sagði framkvæmdastjóri að Keilir myndi ekki þrífast nema að eiga í góðu samstarfi við atvinnulífið og er mikill áhugi á að auka það. Lögð verður sérstök áhersla á að kynna nám í tæknifræði fyrir aðilum þaðan. Samtök iðnaðarins hafa sýnt þeim mikinn stuðning vegna tæknifræðinámsins. **MSS** hefur líka verið í nokkuð miklum samskiptum við atvinnulífið og þá helst vegna starfsþjálfunar fyrir nemendur. Samvinnan hefur gengið vel en venjulega velja nemendur sér fyrirtæki út frá áhugasviði og reynt er að verða við þeirra óskum. Dæmi eru um að fyrrum nemendur séu enn að vinna hjá fyrirtækjunum sem þeir fengu starfsþjálfun hjá. Námsráðgjafinn sem rætt var við telur þó þörf á hugarfarsbreytingu hjá fyrirtækjum á svæðinu þegar kemur að því að taka á móti nemendum í starfsþjálfun. Eins og staðan er í þjóðfélaginu í dag þurfa fyrirtækin að hugsa þetta meira eins og samfélagsþjónustu, enda felst enginn beinn kostnaður í þessu fyrir þau. Hann nefndi sem dæmi að hjá mörgum fyrirtækjum í Noregi er hugarfarið svona og þau telja það ákveðinn heiður að verða fyrir valinu og fá að taka þátt í svona verkefnum. Þetta þarf að efla hér að hans mati.

Þeir skólar sem hafa verið í samstarfi við Vinnumálastofnun á Suðurnesjum vegna námsúrræða fyrir atvinnuleitendur sögðu það almennt hafa gengið vel. Það getur þó verið erfitt að bregðast við þegar búið er að taka ákvarðanir varðandi úrræði og kynna, sem breytast svo á síðustu stundu. Einn viðmælandi minntist líka á það að erfitt væri fyrir atvinnuleitendur að þurfa áfram að sinna ýmsum skyldum hjá VMST á meðan námskeiðum stendur. MSS hefur verið í sérstaklega miklu samstarfi við VMST, bæði með námskeiðahaldi og náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur. Nokkuð brottfall hefur verið úr þessum hópi á námskeiðum en kjarninn sem stundar námið gerir það yfirleitt vel. Þegar kemur að ráðgjafaviðtölum hjá MSS fyrir atvinnuleitendur eru heimtur góðar og fólk yfirleitt jákvætt en ráðgjafarnir fá ekki upplýsingar um það hvaða árangri viðtölin skila.

3.4.5. Námsframboð á Suðurnesjum

Viðmælendur voru spurði að því hvort þeir teldu námframboð á Suðurnesjum nægilega fjölbreytt. Flestir töldu þeir námframboð vera mjög fjölbreytt og gott. Viðmælendur í grunnskólunum horfa þá sérstaklega til Fjölbrautaskóla Suðurnesja þar sem flestir nemendur 10. bekkjar byrja þar eftir útskrift. Margir viðmælendanna telja þó þörf á því að auka fjölbreytni í verknámi á svæðinu, til dæmis með greinum eins og bíliðngreinum, snyrtifræði, list- og hönnunarnámi og matreiðslugreinum. Þá töldu nokkrir nauðsynlegt að auka fjölda plássna í því verknámi sem er til staðar og bjóða upp á seinni hluta náms í hársnyrtingu. Einn skólastjóranna telur að betur mætti

koma til móts við duglegustu nemendurnar. Einn námsráðgjafanna sagði alltaf nokkra nemendur hafa áhuga á verknámi en ekki uppfylla inntökuskilyrðin í það. Fyrir þá nemendur finnst ráðgjafanum vanta einhvers konar millibilsnám þar til þeir komast inn í verknámið, þar sem hugað er sérstaklega að þeirra áhugasviði.

Skólastjórar og námsráðgjafar skólanna töldu allir langflesta af þeirra nemendum skrá sig í framhaldsskóla og þá flesta í FS. Þeir sem fara til Reykjavíkur gera það mögulega af ævintýraþrá, af því að þeim langar í bekkjarkerfi frekar en áfangakerfi eða af því að sú iðngrein sem þeir hafa áhuga á er ekki kennd hér, má þá helst nefna bíliðngreinar, matreiðslu og hönnunarnám.

Að mati viðmælenda í FS, Keili og MSS þarf að auka sveigjanleika þess náms sem er í boði og búa til nýjar leiðir við núverandi námsbrautir svo þær henti fleirum. Þá telja viðmælendur hjá Keili vanta úrræði fyrir nemendur á aldrinum 16-25 ára sem hafa ekki fundið sig í því námi sem er í boði og einhvers konar lýðháskóli gæti hentað fyrir þann hóp. Þeir telja nám í fatahönnun einnig líklegt til vinsælda hér á svæðinu.

3.5. Félagsleg úrræði

Gerð var greining á félagslegum úrræðum í boði á svæðinu haustið 2011. Úrræðin sem skoðuð voru sérstaklega eru Björgin – Geðræktarmiðstöð Suðurnesja, Virkjun mannauðs á Reykjanesi, Samvinna – starfsendurhæfing á Suðurnesjum, Fjölsmiðjan á Suðurnesjum, Energrí og trú á vegum Keflavíkurkirkju og Virk starfsendurhæfingarsjóður. Verkefnisstjórar settu saman spurningalista, sjá Viðauka 4, sem hafður var til stuðnings í viðtölum við forsvarsmenn þessara úrræða og er greiningin eingöngu byggð á upplýsingum er fengust í þeim.

3.5.1. Markhópar og þátttakendur

Úrræðin sem hér um ræðir eru fyrir eftirfarandi hópa:

- Atvinnuleitendur á öllum aldri – **Virkjun**
- Einstaklingar á öllum aldri sem eiga við geðheilbrigðisvanda að etja - **Björgin**
- Ungmenni á aldrinum 16-24 ára sem hafa flosnað upp úr námi og vinnu – **Fjölsmiðjan**
- Ungmenni á aldrinum 18-29 ára sem eru ekki í námi eða vinnu og hafa þurft á fjárhagsaðstoð að halda - **Keflavíkurkirkja**
- Einstaklingar á aldrinum 18-55 ára sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda til dæmis vegna veikinda, slysa eða félagslegra erfiðleika – **Samvinna**
- Einstaklingar 18 ára og eldri sem þurfa á aðstoð að halda við endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys – **Virk starfsendurhæfingarsjóður**

Segja má að sameiginlegt markmið allra þessara úrræða sé að koma þátttakendum í aukna virkni og byggja upp sjálfstraust þeirra. Þau eiga það líka sameiginlegt að fá tilvísanir varðandi þátttakendur frá félagsþjónustum á svæðinu, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, VMST, stéttarfélagum

og fleiri aðilum. Á öllum þessum stöðum getur fólk þó líka komið inn af götunni og sótt um þátttöku. Björgin, Virkjun og Virk eru opin öllum sem telja sig eiga erindi þangað og ekki þarf að sækja sérstaklega um þátttöku. Björgin var stofnuð fyrir rúmlega 6 árum síðan en öll hin úrræðin hafa verið sett á fót á síðustu þremur árum. Námskeið á vegum Keflavíkurkirkju eru ókeypis, flest námskeið Virkjunar einnig og starfsendurhæfing hjá Samvinnu og Virk. Fjölsmiðjan kostar þátttakendur heldur ekki neitt. Þátttakendur á námskeiðum Bjargarinnar þurfa að greiða námskeiðsgjöld sem þó er haldið í lágmarki.

Hjá Samvinnu, Björginni og Virk eru fleiri konur í hópi þátttakenda en karlar. Hlutfallið er 75% konur – 25% karlar hjá Samvinnu en 55% konur – 45% karlar hjá Björginni. Tölulegar upplýsingar frá Virk liggja ekki fyrir en von er á þeim. Þessu er öfugt farið hjá Fjölsmiðjunni og Virkjun þar sem karlmenn eru mun fleiri. Í Virkjun er kynjahlutfallið 65% karlar – 35% konur. Aðeins þrjár stelpur hafa byrjað í Fjölsmiðjunni en allar hætt þar sem úrræðið hentaði þeim ekki. Þar starfa eins og er aðeins karlmenn og allir starfsmenn Bjargarinnar eru konur. Á báðum stöðum töluðu forsvarsmenn um að betra væri ef kynjahlutfall starfsmanna væri jafnara, skjólstæðinganna vegna. Hjá Samvinnu og Björginni er upplifun starfsmanna sú að konur séu duglegri við að leita sér hjálpar og geðheilbrigðisvandi virðist vera minna feimnismál fyrir þær en karlmennina.

Vitað er að margir þátttakendur Samvinnu hafa átt erfitt í gegnum ævina og löng áfallasaga liggur yfirleitt að baki hjá hverjum og einum. Niðurstöður könnunar sem var lögð fyrir þátttakendur vorið 2011 eru þó sláandi þegar kemur að einelti og ofbeldi. Um 76% einstaklinganna hafa upplifað einelti einhvern tímann á ævinni, 68% hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi, tæp 50% fyrir kynferðisofbeldi og 44% þátttakenda hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Margir rekja upphaf erfiðleika sinna til þessara atburða og langan tíma tekur að vinna úr slíkum áföllum að sögn forstöðumanns.

3.5.2. Eftirspurn eftir úrræðum

Björgin, Samvinna og Fjölsmiðjan eiga það sameiginlegt að anna tæplega þeim fjölda sem sækir í úrræðin. Hjá Samvinnu og Fjölsmiðjunni eru umsóknir fleiri en fjöldi pláss í boði. Hjá **Björginni** hefur aðsókn aukist mikið á síðustu árum en stöðugildum starfsmanna hefur ekki verið fjölgað að sama skapi svo einstaklingsráðgjöf og eftirfylgni með skjólstæðingum er ekki með því móti sem starfsmenn helst vildu. Á síðustu sex árum hafa hátt í 400 manns nýtt sér þjónustu Bjargarinnar og í kringum 30 manns koma í athvarfið á degi hverjum. Þegar skrifstofa **Virk** var opnuð á Suðurnesjum í lok árs 2009 var einn ráðgjafi sem sá um hana. Í byrjun árs 2011 var öðrum bætt við, meðal annars vegna aukinnar aðsóknar. Aðsóknin er þó ekki orðin þannig að þessir tveir ráðgjafar anna henni ekki. Þó að umsóknir í **Fjölsmiðjuna** séu fleiri en plássin eru þær þó ekki svo margar miðað við fjöldann í markhópnum, að mati forstöðumanns. Í dag geta tólf ungmenni starfað í Fjölsmiðjunni en ráðgert er að fjölga stöðunum í 20-25. Það sama er að segja um **Samvinnu**, í febrúar 2011 voru 21 nýir þátttakendur innritaðir en alls bárust 33 nýjar tilvísanir að

auki við 11 eldri. Árið áður voru 29 teknir inn af 48 nýjum tilvísunum og 12 eldri. Meðalaldur þátttakenda hjá Samvinnu er á bilinu 29-33 ár en 46 ár hjá Björginni.

Virkjun og Keflavíkurkirkja eiga það sameiginlegt að ná ekki almennilega til markhópsins þannig að sem flestir nýti sér þjónustuna. Um 100 manns koma í hús Virkjunar á degi hverjum að sögn forstöðumanns. Skjólstæðingar **Virkjunar** eru flestir komnir vel yfir þrítugt og yngsti aldurshópur atvinnuleitenda er ekki að nýta sér þjónustuna sem er í boði. Ástæðuna fyrir þessu segir forstöðumaður vera að mjög erfitt sé að nálgast yngsta hóp atvinnuleitenda í gegnum VMST. Um 40-50% af hópnum eru á aldrinum 50-65 ára. Hjá **Keflavíkurkirkju** hafði úrræðið **Energí** og trú nýlega farið af stað þegar viðtöl voru tekin haustið 2011 og haft var samband við 30 einstaklinga á aldrinum 18-25 ára, sem hafa leitað sér fjárhagsaðstoðar hjá kirkjunni, til að bjóða þeim að taka þátt í námskeiði. Af hópnum skráðu sig aðeins fjórir en svo mætti enginn þeirra á námskeiðið. Námskeiðið sátu að endingu 10 ungmenni sem mörg hafa átt erfitt félagslega en ekki verið skjólstæðingar kirkjunnar eins og lagt var upp með. Hjá **Virk** hafa ráðgjafar mikinn áhuga á að ná til þeirra sem þurfa á aðstoð að halda og eiga rétt á úrræðinu fyrr en þeir gera í dag, það er að segja áður en veikindaréttur hjá atvinnurekanda klárast. Þetta hafa þeir reynt að gera í samvinnu við stjórnendur og starfsmannastjóra fyrirtækja á svæðinu með því að kynna þeim úrræðið.

3.5.3. Brottfall og árangur

Hjá **Samvinnu** var brottfall úr starfsendurhæfingunni í fyrstu tveimur hópnum sem útskrifuðust að meðaltali 46%. Í næstu tveimur hópum á eftir minnkaði það og var að meðaltali 35%. Helstu ástæður fyrir brottfallinu eru veikindi, fall í neyslu, flutningar og barneignarleyfi. Stór hluti þeirra sem hafa hætt áttu við áfengis- og/eða fíkniefnavanda að etja og féllu í neyslu á meðan úrræðinu stóð. Mikil aðsókn er frá þessum hópi í endurhæfinguna og telur forstöðumaður Samvinnu brýnt að útbúið verði sérhæft úrræði fyrir hann.

Mikill meirihluti þátttakenda hjá Samvinnu hafa verið frá vinnu í eitt ár eða meira þegar þeir hefja starfsendurhæfinguna. Það er áhyggjuefni að tíminn frá því að einstaklingur verður atvinnulaus þar til hann fer í endurhæfingu er frekar að lengjast. Að sögn forstöðumanns þyrfti þessu að vera öfugt farið því árangur starfsendurhæfingar ræðst að miklu leyti af því hve lengi einstaklingarnir hafa verið frá vinnu. Flestir þátttakenda Samvinnu stefna á frekara nám að útskrift lokinni, eða um 60% í maí 2011. Um 28% stefna á fullt starf. Ástæðan fyrir því að svo fáir stefna beint út á vinnumarkaðinn er líklega sú, að sögn forstöðumanns, að þátttakendur eru flestir í yngri kantinum og langar að ljúka framhaldsskóla til að fá frekar starf við hæfi.

Árið 2011 þáðu flestir þátttakendur framfærslustyrk sveitarfélaga áður en að endurhæfingin hófst sem er breyting frá fyrra ári þegar flestir voru á endurhæfingarlífeyri. Jafnmargir þáðu atvinnuleysisbætur og endurhæfingarlífeyri eða 20%. Athygli vekur að 16% voru í launuðu starfi áður en þeir hófu endurhæfingu. Þar hljóta að vera þeir einstaklingar sem eru nýddottnir út af vinnumarkaði vegna veikinda eða slysa að mati forstöðumanns. Vorið 2011 höfðu

40 einstaklingar útskrifast hjá Samvinnu. Flestir þátttakenda þiggja áfram framfærslu frá Tryggingastofnun eftir að endurhæfingu lýkur. Átta manns eru þó í hlutastarfi og á atvinnuleysisbótum með. Langflestir halda áfram í einhvers konar virkni eða 77,5% þátttakenda en 22,5% fara ekki í neina áframhaldandi virkni. Samtals eru 22 einstaklingar í námi eða vinnu að endurhæfingu lokinni eða 55% útskrifaðra. Mikilvægt er að hafa í huga að eitt af meginmarkmiðum Samvinnu er að auka lífsgæði þátttakenda og að sögn forstöðumanns næst það markmið í flestum tilfellum.

Hjá **Björginni** hefur brottfall úr Geðræktarskólanum verið í kringum 30%, dæmi um ástæður fyrir því eru til dæmis vandræði með barnapössun og fall í neyslu. Ekki er vitað um neinn sem hætti af því honum líkaði ekki námið. Ekki er komin næg reynsla hjá **Fjölsmiðjunni** og **Keflavíkurkirkju** til að segja til um brottfall þar sem úrræðin eru ekki farin af stað að fullu. Nokkrir hafa þó hætt í Fjölsmiðjunni þar sem úrræðið hentaði þeim illa. Að sögn forstöðumanns er árangur Fjölsmiðjunnar í Kópavogi í kringum 78-80%, það er hlutfall þeirra ungmenna sem fara í nám eða út á vinnumarkaðinn þegar þeir hætta í Fjölsmiðjunni.

Hjá **Virk** er markmiðið að koma fólki aftur út á vinnumarkaðinn eða í virka atvinnuleit. Gerð er einstaklingsbundin endurhæfingaráætlun fyrir hvern og einn, með reglubundnum viðtölum við ráðgjafa á þriggja vikna fresti á meðan endurhæfingunni stendur. Yfirleitt klárar fólk endurhæfinguna en það ná ekki allir því markmiði að komast í vinnu eða atvinnuleit heldur halda áfram á einhverskonar bótum.

Í Fjölsmiðjunni, Samvinnu og Geðræktarskóla Bjargarinnar er mætingaskylda. Á öllum þessum stöðum er mikið gengið á eftir fólki ef það mætir ekki og lítur út fyrir að vera að gefast upp. Hringt er í fjarverandi einstaklinga á hverjum degi og þeir hvattir til að koma. Reynt er að veita öllum hjálp miðað við þarfir hvers og eins. Virk er í góðu samstarfi við þá aðila sem skjólstæðingar þeirra sækja úrræði til, svo sem MSS og Samvinnu auk til dæmis sálfræðinga og sjúkráþjálfara, og fylgjast með mætingum þeirra þangað.

3.5.4. Framtíð félagslegra úrræða

Starfið hjá Samvinnu og Björginni mun eins og staðan er í dag halda áfram í sömu mynd. Þegar viðtöl voru tekin var stefnt að því að starf Fjölsmiðjunnar yrði komið á fullt fyrir áramótin 2011/2012 og þá væri nauðsynlegt að tryggja rekstrargrundvöll hennar. Hjá Keflavíkurkirkju eru til nægir peningar til að halda úrræðinu Enerzí og trú gangandi í tvö ár, en vandinn mun væntanlega vera að ná markhópnum inn í úrræðið. Virkjun var einungis með tryggt rekstrarfé til loka árs 2011 og þegar viðtöl fóru fram hafði ekki verið tekin nein ákvörðun um framhaldið. Á haustmánuðum 2012 var Virkjun enn starfrækt, með nýjum forstöðumanni, og verkefnisstjórar höfðu ekki upplýsingar um annað en að svo yrði áfram.

Allir forstöðumennirnir sem rætt var við voru sammála um það að nóg væri í boði af félagslegum úrræðum á svæðinu. Það sem þyrfti hins vegar að gera væri að efla þau enn frekar og efla samstarf svo ekki sé verið að gera sömu hlutina á mörgum stöðum og keppast um sama fólkið. Mikilvægast er þó að ná til þessara markhópa og fá þá til að vera með. Það þarf að gera til dæmis í gegnum Vinnumálastofnun og félagsþjónustur sveitarfélaganna. Þá skiptir máli að reyna að koma auga á einstaklinga í vanda og mögulegri brottfallshættu snemma í grunnskóla og bregðast strax við með aukinni aðstoð og hvatningu. Einnig var talað um að aðgangur að ýmsum fagaðilum eins og til dæmis geðlæknum, sálfræðingum og íþróttafræðingum væri ekki nægilegur á svæðinu.

Úrræði sem gætu vantað að margra mati eru sérhæfð úrræði fyrir ákveðna hópa, eins og til dæmis áfengis- og fíkniefnaneytendur og ungt fólk sem þjáist af þunglyndi, kvíða og öðrum geðheilbrigðisvandamálum. Þá benti einn viðmælandi á það að fleiri úrræði þyrftu að vera þátttakendum að kostnaðarlausu, til dæmis af þeim námskeiðum sem MSS er að bjóða upp á, því fólk á öðrum bótum en atvinnuleysisbótum getur mögulega ekki sótt sér neina styrki. Ráðgjafar Virk telja þörf á aukinni atvinnutengdri endurhæfingu sem færi að mestu leyti fram innan fyrirtækja.

3.6. Þarfir atvinnulífsins

Verkefnisstjórar heimsóttu fyrirtæki á Suðurnesjum í tengslum við þróunarverkefnið um eflingu menntunar á Suðurnesjum. Rætt var við forsvarsmenn fyrirtækja um fagnám, stöðu náms á þeirra sviði og almenna menntun og menntunarstig starfsmanna fyrirtækjanna, um endurmenntun og virkni starfsmanna og fyrirtækisins til endurmenntunar. Þá var rætt við viðmælendur um möguleg ný námsúrræði í tengslum við starfsemina, sem og um hugsanlegar leiðir til eflingar menntunar á Suðurnesjum. Viðtölin fóru fram með þeim hætti að um almennar umræður var að ræða en fylgt var eftir fyrirfram gerðum spurningalista sem sjá má í Viðauka 5. Niðurstöður greiningar eru eingöngu byggðar á þeim upplýsingum sem fengust í viðtölunum.

Fundað var með rótgrónum, litlum og meðalstórum iðnfyrirtækjum á Suðurnesjum sem flest hafa verið starfandi í fimm ár eða lengur og eru með fleiri en þrjá starfsmenn að lágmarki. Þá voru heimsótt fyrirtæki í framleiðslu, þjónustu, ferðaþjónustu, verslun og innflutningi, nýsköpun og skapandi greinum. Er því um að ræða nýleg fyrirtæki ásamt fyrirtækjum sem hafa mjög langa og rótgróna rekstrarsögu. Starfsmannafjöldi þessa fyrirtækja er allt frá tveimur starfsmönnum til fyrirtækja með allt að um 800 starfsmenn sem eru starfandi víða um land en stýrt er frá Suðurnesjum. Samsetning fyrirtækjanna sem fundað var með má sjá í töflu hér fyrir neðan. Að auki var rætt við forsvarsmann Samtaka atvinnulífsins á Suðurnesjum og fulltrúa þeirra í stýrihópi um eflingu menntunar, í tengslum við atvinnulífið á svæðinu.

Ákvörðun var tekin um að heimsækja ekki forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja í þessum tilgangi og á það jafnt við um útgerðarfyrirtæki, fyrirtæki í fiskvinnslu, netagerð og fiskeldi. Ástæða þessa er að mikið starf hefur verið unnið hvað þennan þátt varðar við undirbúning

Fisktækniskólans sem er staðsettur í Grindavík. Undirbúningsvinna stjórnenda Fisktækniskólans í samstarfi við sjávarútvegsfyrirtæki á svæðinu og víðar um land, hefur einkennt af góðu samstarfi er varðar þarfagreiningu, þróun náms og samstarfs um námsleiðir í beinum tengslum við atvinnulífið. Það er mat verkefnisstjóra eftir að hafa kynnt sér undirbúning, þróun og starfsemi skólans að sú vinna hafi skilað sér með tilkomu Fisktækniskólans í beinu samstarfi við atvinnulífið.

Tegund fyrirtækis	Starfs- ár	Fjöldi starfsm.	Fjöldi fyrir 2008	Starfsmenn á Suðurnesjum	Fjöldi faglærðra	Endur- menntun
Bílaverkstæði og bílamálun	11	6	9	Allir	3	mjög lítil
Bílamálun og réttingar	9	6	12	Allir	3	mjög lítil
Múrverk og viðhald fasteigna	14	13	24	Allir	4	óvirk
Trésmiðja og byggingastarfsemi	24	9	30	Allir	9	óvirk
Pípulagnir og verktakastarfsemi	10	6	8	Allir	5	lítil
Vélsmiðja og bifreiðaverkstæði	22	13	Svipaður	Allir	6	óvirk
Rafverktakar	9	46	Svipaður	Allir	42	lítil
Blikksmiðja	54	9	11	Allir	7	óvirk
Málaraverktaki	6	4	7	Allir	3	óvirk
Hárgreiðsla og snyrtifræði	5	4	Svipaður	Allir	4	lítil
Framleiðslu- og þjónustufyrirtæki	21	110-150	90-115	65	ca. 22	virk
Innflutningur og smávöruverslun	30	450	Svipaður	120	ca. 50	lítil
Öryggis- og þjónustufyrirtæki	32	22	Svipaður	Allir	ca. 22	virk
Heilsutengd ferðaþjónusta	20	170-250	Fjölgun	Allir	ca. 36	lítil
Matvælaframleiðslufyrirtæki	11	77	Fjölgun	45 til 50	ca. 15	virk
Orkuframleiðslu- og orkudreifingarfyrirtæki	37	136	Svipaður	90	nær allir	virk
Internet- og vefhönnunarfyrirtæki	10	13	Fjölgun	10	Allir	virk
Iðnframleiðslufyrirtæki	2	2	Nýsköpun	2	2	verður virk
Fatahönnun	10	6	2	Allir	0	virk
Rekstrarfyrirtæki flugstöðva	60	790	Fjölgun	460	ca. 400	Virk
Flugvirkjun	65	Landið	Fjölgun	Landið	Allir	Virk

3.6.1. Nám og skipulag þess

Fram kom í viðtölum við iðnaðarmenn og forsvarsmenn iðnfyrirtækja, að viðhorf þeirra til náms og faglegrar menntunar er í alla staði mjög jákvætt. Telja þeir nám á Íslandi almennt mjög gott en þurfi þó að endurskoða það að teknu tilliti til þarfa atvinnulífsins og nemandans, til dæmis í bíliðngreinum, pípulögnum og málaraíðn. Nám iðnaðarmanna hefur þurft að endurskoða í nokkurn tíma að mati viðmælenda og þá sérstaklega núna eins og staðan er í atvinnuhorfum iðnaðarmanna og þeim erfiðleikum að komast á námssamninga í kjölfar efnahagskreppunnar. Þetta á við í mörgum og ólíkum iðngreinum eins og húsasmíði, pípulagningum, snyrtifræði og hárgreiðslu sem dæmi og stafar bæði af færri verkefnum en eins þeirri staðreynd að í sumum greinum eru fáir meistara. Þá hefur það ferli að taka nema á samning orðið þyngra í vöfum fyrir meistara á síðustu árum og dregur það mögulega úr áhuga þeirra á því.

Nær allir leggja mikið upp úr því að vera með fagmenntaða aðila starfandi í fyrirtækjum sínum, en þrátt fyrir það eru flest öll fyrirtækin með ófaglærða einstaklinga innandyra sem ganga í störf iðnaðarmanna. Svipaðar skýringar voru gefnar hjá flestum viðmælendum hvað þetta varðar, að í slíkum tilvikum sé um að ræða einstaklinga sem eru mjög færir á sínu sviði og hafa ekki, af einhverjum ástæðum, sótt sér tilskilið nám eða réttindi, í sumum tilvikum vegna neikvæðrar upplifunar á námi í æsku eða vegna námsörðugleika. Í múrverki er mikið um ófaglærða starfsmenn, mögulega vegna þess að lítill áhugi virðist vera á námi í múrverki. Viðmælendur sögðust óttast að skortur verði á menntun og faglegri þekkingu í faginu hér á landi á komandi árum og nauðsynlegt sé að grípa inn í þá þróun. Sömu sögu er að segja um málaraíðn sem að sögn viðmælenda er lítil aðsókn í. Fáir meistara eru starfandi á Suðurnesjum og margir starfa sem málara þar án þess að hafa tilskilin réttindi til þess. Nokkuð áberandi munur er á stöðu fagmenntunar eftir greinum og vakti það athygli verkefnisstjóra hve viðhorf rafvirkja til menntunar og endurmenntunar starfsmanna voru jákvæð miðað við aðrar stéttir iðnaðarmanna og hve hlutfallslega fáir voru ófaglærðir starfandi í störfum rafvirkja miðað við aðrar stéttir iðnaðarmanna.

Viðmælendur eru flestir þeirrar skoðunar að framhaldsskólar á Suðurnesjum eigi að bjóða upp á aukna möguleika í iðn- og verknámi, til dæmis bíliðngreinar, blikksmíði og fleiri málmiðngreinar, málaraíðn og múrverk. Það þurfi að fjárfesta í því að hefja hér aukið og betra iðn- og verknám, nútímavæða námið og tengja það meira með beinum hætti við atvinnulífið en þekkist í dag og virkja beint samstarf atvinnulífs og skóla. Nýta ætti iðnnám sem sóknarfæri í samfélagslegri uppbyggingu, því á svæðinu er mikil þekking og reynsla, húsakostur góður og tækifærið til uppbyggingar er núna. Að auki munu aðrir en Suðurnesjamenn koma hingað til náms vegna skorts á plássum í öðrum skólum og í því er sóknarfæri að mati þeirra iðnaðarmanna sem rætt var við.

Fram kom í viðtölum við forsvarsmenn annarra fyrirtækja en iðnfyrirtækja að viðhorf þeirra til náms og faglegrar menntunar er í alla staði mjög jákvætt. Algengt er þó að ekkert nám sé til í

menntakerfinu sem fullnægir þörfum ákveðinna fyrirtækja og starfsmanna þeirra og er menntunarstig þar almennt frekar lágt. Þetta á til dæmis við að einhverju leiti í framleiðslu, þjónustu, innflutningi og á sviði öryggismála. Þá vantar oft á tíðum styttri og hagnýtar námsbrautir sambærilegar þeim sem er að finna erlendis, til dæmis í fatahönnun og ýmsum tölvugreinum eins og vefhönnun. Nokkur fyrirtæki sem leggja mikið upp úr starfsþróun hafa sjálf brugðist við þessu og eru í samstarfi við mennta- og fræðslustofnanir um skipulögð námskeið og þjálfun þar sem nýir starfsmenn eru þjálfaðir og eldri fá endurmenntun. Viðmælendur voru sammála um að ákveðin tækifæri séu til staðar hvað þetta varðar og að samvinna fagaðila, stéttarfélaga og menntastofnana geti aukið menntun innan fyrirtækja. Því miður gerir umhverfið sjaldnast ráð fyrir neinum ávinningi eða hvatningu með beinum hætti til að fólk sækji slíkt nám og því þarf að breyta. Áhugi er fyrir samstarfi við menntastofnanir á svæðinu í þróun nýrra námsleiða, til dæmis á sviði öryggismála, tölvufræði og vefhönnunar, nýsköpunar, fatahönnunar, verslunar og þjónustu og heilsutengdrar ferðaþjónustu. Margt hefur þegar verið unnið í því efni meðal annars í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Fyrirséð er að í framtíðinni verði mikil þörf á verk- og tækni-menntuðum starfsmönnum á Suðurnesjum. Jafnframt verður líklega vöntun á starfsmönnum með menntun á sviði rafvirkjunar, vélstjórnar og annarra iðngreina og sérhæfðum verkamönnum. Viðmælendur sögðu jafnframt sóknarfæri í skapandi greinum og fólki með sérkunnáttu á sviði vefhönnunar og forritunar svo dæmi séu tekin. Stjórnendur fyrirtækja eru almennt mjög jákvæðir til samstarfs og þeir sem hafa verið í samstarfi við menntastofnanir telja að auka eigi þróun á sérhæfðu námi fyrir fyrirtæki sem yrði einingabært í framhaldsskólakerfinu að einhverju leiti. Slíkt mun leiða til aukinna námsmöguleika starfsmanna innan íslenska menntakerfisins.

3.6.2. Endurmenntun

Forsvarsmenn iðnfyrirtækja telja að ágætis framboð og stuðningur sé við endurmenntun fyrir iðnaðarmenn, bæði er mikið framboð hjá Iðunni og styrkir í boði hjá stéttarfélögum. Þeir segja endurmenntunarnámskeið þó illa nýtt og stafar það líklegast af hve litlar kröfur eru gerðar til endurmenntunar í störfum þeirra. Rafvirkjar og pípulagningamenn virðast leggja mest upp úr endurmenntun til framþróunar í störfum sínum og þau fyrirtæki sem þurfa að vinna eftir ákveðnum gæðakerfum, svo sem CAPAS í bílamálun, sækja tilskylda endurmenntun. Endurmenntun flugvirkja er mjög virk og skipulögð í starfi þeirra. Í greinum eins og múrverki, trésmíði og snyrtifræði fá starfsmenn endurmenntun frá innflytjendum á tækjum og efnum í hverju fagi fyrir sig.

Stjórnendur flestra annarra fyrirtækja sem heimsótt voru telja að starfsemin gangi meira og minna út á þjálfun og reglubundna sí- og endurmenntun starfsmanna og eru þau með virka stefnu og jákvæð viðhorf hvað þetta varðar. Fyrirtækin eru ýmist með sína eigin endurmenntun eða njóta liðsinnis menntastofnana. Þó kemur fram hjá sumum fyrirtækjunum að endurmenntun hafi

minnkað í góðærinu og svo hætt hjá öðrum þegar efnahagskreppan skall á. Þessi fyrirtæki hyggjast endurvekja reglubundna endurmenntun á næstu misserum fyrir almenna starfsmenn og stjórnendur.

Fram kom hjá nýrri fyrirtækjum, sérstaklega í skapandi greinum, að lítið er um skipulagða og reglubundna endurmenntun. Þá skipti mestu máli fyrir starfsmanninn að vera skapandi, hugmyndaríkur og fylgjast vel með straumum og stefnum í faginu. Hin raunverulega endurmenntun á sér stað með því að vera skapandi og virkur í faginu.

3.6.3. Samstarf við menntastofnanir og félagsleg úrræði

Forsvarsmenn nær allra þeirra fyrirtækja sem rætt var við hafa með einum eða öðrum hætti verið í samstarfi við mennta- eða félagslegar stofnanir á svæðinu. Öll iðnfyrirtækin hafa til dæmis verið með iðnnema á námssamningi. Fyrirtækin hafa ekki átt í neinu beinu samstarfi við menntastofnanir vegna iðnnema sinna, að frátöldu einu fyrirtæki sem hefur að sögn verið í góðu samstarfi við fagkennara hjá FS í gegnum árin vegna iðnnema sem hafa komið þaðan. Viðmælendur eru allir sammála því að nánari samvinna fyrirtækja og skóla er viðkemur verkþjálfun iðnnema er eitthvað sem þeir hafa áhuga á að koma að í framtíðinni.

Allir forsvarsmenn iðnfyrirtækja sem rætt var við eru sammála um að menntastofnanir þurfi að nútímavæða nám í iðngreinum og færa það nær raunveruleikanum. Þá þarf að tengja verknámið meira út í fyrirtækin og þá sérstaklega verknámsþáttinn og auðvelda nemum að læra fagið með markvissari hætti. Forsvarsmenn annarra fyrirtækja telja að auka þurfi samvinnu fyrirtækja og menntastofnana hið fyrsta svo hægt sé að vinna markvisst að jákvæðri þróun hvað menntunarstig varðar.

Nokkur af fyrirtækjunum sem rætt var við hafa verið í reglulegu samstarfi við grunnskóla á svæðinu varðandi starfskynningar, vinnustaðaval nemenda og úrræði fyrir nemendur sem hafa ekki fótað sig í námi. Þá hafa grunnskólar leitað til ákveðinna fyrirtækja um samvinnu við nemendur, foreldra og fyrirtækið um að nemandinn komi nokkra daga í viku til starfa í fyrirtækinu á móti ákveðnum dögum sem nemandinn mætir í skólann. Þeir stjórnendur sem hafa tekið þátt í slíkum verkefnum láta mjög vel af því samstarfi við skólana. Starfið hafi verið vel skipulagt af skólanum, gott utanhald og samskiptin hafi verið skýr og góð í alla staði. Oft á tíðum hafa nemendur fundið sig mjög vel í þeim störfum sem þeir tókust á við í stað námsins.

Einstaka fyrirtæki hafa tekið þátt í samstarfi við félagsleg úrræði á svæðinu og þá er átt við að fyrirtækin hafi tekið til sín einstaklinga sem hafa átt við félagslegar, líkamlegar eða andlegar fatlanir að stríða. Reynsla fyrirtækja af slíku samstarfi er misjöfn, bæði jákvæð og neikvæð, en þokkaleg í flesta staði og kvaðst meirihluti viðmælenda vera tilbúinn að taka þátt í slíku samstarfi á réttum forsendum í framtíðinni.

Öll iðnfyrirtækin sem heimsótt voru, fyrir utan eitt, hafa átt í samskiptum við VMST á Suðurnesjum og þá sérstaklega eftir haustið 2008 í kjölfar efnahagskreppunnar. Meirihluti annarra fyrirtækja hefur líka verið í samskiptum við VMST vegna atvinnuúrræða. Fram kom hjá flestum viðmælenda að upplifun þeirra af samskiptum við VMST hefur verið misjöfn en frekar neikvæð. Helst töluðu viðmælendur um óskýra stefnu, óljós samskipti og litla þjónustulund af hálfu VMST. Samskiptin hafi oft á tíðum verið illa ígrunduð og að fyrirtækin hafi upplifað óheppilegt val á atvinnuleitendum sem sendir voru í vinnu til þeirra.

3.6.4. Námsþróun og nýjar námsleiðir

Fram kom í viðtölum við iðnaðarmenn að þeir telja flestir að það þurfi að vinna að frekari þróun iðnnáms hér á landi, sérstaklega í ljósi breyttra þjóðfélagslegra aðstæðna og því sé breytinga þörf. Þeir voru nær allir sammála um að mikilvægt sé að auka samstarf fyrirtækja og menntastofnana á þessu sviði. Auka þarf sem dæmi samstarf fyrirtækja og menntastofnana fyrir á námstíma nemandans með beinni hætti en hefur verið gert til þessa, til dæmis með verksamningum á milli aðila. Þannig færi verklegi þáttur námsins fyrir frá skóla og í auknu mæli út í fyrirtækin. Þetta gæti til dæmis haft í för með sér sparnað í tækjakaupum fyrir skóla að mati viðmælenda. Nefndar voru nokkrar hugmyndir í þessu sambandi eins og að skoða dönsku leiðina þar sem nemendur eru til skiptis í námi og á verksamningi hjá fyrirtæki, þrjá mánuði í senn á hvorum stað. Viðmælendur voru jafnframt mjög hrifnir af virku skráningarbóka kerfi þar sem haldin er vinnustaðahandbók yfir þá verkþætti sem iðnneminn skal vera þjálfður í. Með þessum hætti er hugsanlega hægt að breyta núverandi námssamningakerfi, skólinn heldur þá utan um samning nemandans og nemandinn getur sótt sér verkþjálfun hjá hverju því fyrirtæki sem skólinn sendir hann í. Þá er tekið tillit til þarfa nemandans og verkefnisstöðu fyrirtækisins. Þá er pólska aðferðin í námi í múrverki talin vænleg til árangurs af viðmælendum en þá sækja nemendur í múrverki nám í skóla en vinna samhliða hjá múrarafyrirtæki ákveðinn fjölda daga í viku. Því er fylgt eftir að nemendur læri þá verkþætti fagsins sem þeir eiga að framkvæma hverju sinni í starfi og skóla. Viðmælendur eru almennt sammála um mikilvægi aukins samstarfs skóla og fyrirtækja í verknámskennslu og telja þeir að það muni auka náms- og atvinnumöguleika nemenda.

Viðmælendur töldu flestir að ekki væri raunhæft að búa til annarskonar iðnnám í eða út frá þeirra fagi þar sem þeir telja flestir að allt sé til nú þegar. Þróun styttri námsleiða til ákveðinna réttinda innan fagsins sem leiði til ákveðinnar iðnmenntunar sé eitthvað sem þeir telja ekki vera vænlega leið til árangurs. Rökstuddu þeir skoðun sína þannig að hver iðngrein er lögverndað fag og því er ekki um slíkt að ræða í neinni mynd að búa til hálfa iðnaðarmenn eða álíka að þeirra mati. Kom þó fram að námsleiðir hafa verið brotnar upp með ágætum árangri, til dæmis í snyrtigreinum þar sem boðið er upp á styttri námsleiðir, og að í vélvirkjun er hægt að sérhæfa sig á ákveðnum sviðum á námstímanum. Mögulega væri hægt að setja upp stutt námskeið í öryggisþætti ólíkra iðngreina í samvinnu við menntastofnanir. Hugsanlega væri einnig hægt að bjóða upp á stutt nám

fyrir verkamenn sem starfa hjá rafverktökum í að vinna í lagnastigum og lagnarenum svo dæmi sé tekið.

Fram kom í viðtölum við forsvarsmenn annarra fyrirtækja en iðnfyrirtækja, að sum þeirra hafa mætt sínum eigin þörfum til sérmenntunar starfsmanna sinna. Þetta hafa fyrirtækin gert með því að innleiða og þróa innanhúss þjálfun og endurmenntun fyrir sína starfsmenn og þar með tryggt ákveðna tegund fagmanna innan síns fyrirtækis. Fyrirtækin hafa unnið þetta að miklu leiti í samvinnu við ráðgjafafyrirtæki á sviði menntunar og símenntunarstöðvar. Um hefur verið að ræða fagþjálfun starfsmanna og stjórnendabþjálfun innan fyrirtækjanna, til dæmis á sviði verslunar, þjónustu, öryggisgæslu og heilsutengdrar ferðabþjónustu. Flestir viðmælendur telja að á þessum vettvangi séu mjög góðir möguleikar til þróunar nýrra námsleiða í samvinnu við menntastofnanir. Hægt væri að þróa nýja og/eða sérhæfða menntun með sérnámi í tengslum við starfsemi fyrirtækjanna. Þetta gæfi starfsmönnum færi á að hækka menntunarstig sitt, sérstaklega ef námið væri metið til eininga innan framhaldsskólanna. Viðmælendur eru almennt á þeirri skoðun að mikil tækifæri liggi í samvinnu menntastofnana og fyrirtækja á svæðinu á þessu sviði sem og með aukinni þátttöku fyrirtækja í starfsþjálfun nemenda og aðkomu að starfs- og námskynningum. Jafnframt kom fram að fyrirtæki hafa verið að skoða innleiðingu virkari gæðakerfa með því markmiði að virkja enn frekar markvissari endurmenntun, þjálfun og símenntun starfsmanna og í því sambandi er sérstaklega verið að skoða netþjálfun og notkun myndbanda við fræðslu og þjálfun. Að auki kom fram að eitt fyrirtækjanna hefur ákveðið að setja á fót eigin skóla þar sem lögð verður áhersla á flugverndar- og öryggismál, verslun og þjónustu og virka endurmenntun starfsmanna. Umrætt fyrirtæki hefur í þessum tilgangi ráðið til sín starfsmann til að vinna að þessum verkefnum.

Fram kom hjá viðmælendum að miklir samstarfsmöguleikar eru í þróun náms og námsleiða í tengslum við öryggisgæslu. Þar væri um að ræða hugsanlegt grunn nám fyrir öryggisverði bæði bóklegt og starfstengt, nám í rafvirkjun sem tengist öryggiskerfum eða eingöngu sérnám á sviði öryggiskerfa, nám er viðkemur hugbúnaðarþróun öryggiskerfa og fleira. Að auki kom fram að mikilvægt sé að þróa hugmyndavinnu fyrirtækja lengra og þá er vert að skoða sameinað nám fyrirtækis og skóla meðal annars í faggreinum á sviði þjónustu, sölutækni, öryggisfræði, skyndihjálp, ferðamálafræði og sjálfstyrkingu. Fram kom hjá internet- og vefhönnunar-fyrirtækjunum að miklir möguleikar séu á námsþróun í tengslum við fyrirtækjarekstur eins og þeirra, bæði á framhalds- og háskólastigi. Gott gæti verið að horfa til landa eins og Danmerkur við uppbyggingu námsins þannig að námsleiðir yrðu stuttar og hagnýtar. Vel væri hægt að brjóta námið upp í ákveðin stig þar sem af mörgu er að taka. Eins ætti að bjóða nemendum upp á nám í nýsköpun í tengslum við skapandi greinar, í samvinnu skóla og atvinnulífs. Setja ætti á fót nýsköpunarbraut sem gæti tengst mörgum öðrum námsbrautum sem nú þegar eru til. Nemendur myndu byrja á að velja sér kynningarbraut og síðar velja sér námsleið í tengslum við til dæmis rekstur, hönnun, fatahönnun, þjónustu, endursölu og leikjahönnun. Nemendur myndu tengjast

fyrirtæki á námstímanum og meginþema námsins væri að snúa námi við, kenna nemendum að leysa raunveruleg verkefni og leiða þá áfram með verkefnum í samvinnu við fyrirtæki samhliða náminu. Náms- og starfsþróun í tengslum við skapandi greinar gæti verið mikil í samstarfi skóla og fyrirtækja.

3.7. Þarfir samfélagsins

3.7.1. Könnun meðal grunn- og framhaldsskólanema 2010

Árið 2010 voru lagðar fyrir kannanir á menntun, menningu, tómstundum, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna í öllum grunnskólum og framhaldsskólum á landinu. Í grunnskólunum tóku nemendur 9. og 10. bekkjar þátt í febrúar 2010. Alls svöruðu 8.893 nemendur henni, þar af 553 á Suðurnesjum, 259 stelpur og 286 strákar. Átta nemendur greindu ekki frá kyni. Svarhlutfall á Suðurnesjum var það sama og á landsvísu 84%. Í framhaldsskólum landsins var könnunin lögð fyrir í október 2010. Alls svöruðu 11.388 nemendur henni, þar af 606 í FS, 326 strákar og 276 stelpur. Fjórir nemendur greindu ekki frá kyni. Svarhlutfall í FS var 67% en 71% á landsvísu. Hafa verður í huga að grunnskólakönnunin og framhaldsskólakönnunin eru ólíkar að uppbyggingu og engin spurning nákvæmlega eins svo fara þarf varlega í samanburð á niðurstöðum. Hér verður fjallað um niðurstöður einstakra spurninga sem tengjast menntun, atvinnu og fjárhag foreldra, viðhorfi nemenda til skóla og náms, líðan nemenda og framtíðaráformum.

Menntun og atvinna foreldra grunnskólanema

Ljóst er að fleiri foreldrar eru eingöngu með grunnskólapróf og án atvinnu á Suðurnesjum en annarsstaðar á landinu. Þegar spurt er um menntun móður kemur í ljós að 20,2% eru eingöngu með grunnskólapróf á móti 17,4% annarsstaðar á landsbyggðinni og 9,5% á höfuðborgarsvæðinu. Sömu sögu er að segja um menntun föður, 16,2% þeirra eru með grunnskólapróf hér á móti 14,2% annarsstaðar á landsbyggðinni. Í Reykjavík er niðurstaðan 7,6%.

Þegar atvinnustaða **móður** er skoðuð kemur eftirfarandi í ljós:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Launuð vinna	63,8%	72,3%	66,5%
Í námi eingöngu	4,7%	2,4%	2,1%
Atvinnulaus	4,2%	3,3%	2,1%
Öryrki	7,0%	3,5%	5,9%

Þegar atvinnustaða **föður** er skoðuð kemur eftirfarandi í ljós:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Launuð vinna	78,2%	83,2%	83,2%
Í námi eingöngu	1,3%	0,6%	0,4%
Atvinnulaus	5,1%	3,5%	2,0%
Öryrki	2,3%	1,4%	2,2%

Suðurnesin eru greinilega verst stödd varðandi fjölda atvinnulausra og öryrkja, þegar foreldrar grunnskólanema eru skoðaðir, en á sama tíma eru flestir þar eingöngu í námi, eða um og yfir helmingi fleiri en á höfuðborgarsvæðinu eða annarsstaðar á landsbyggðinni.

Menntun og atvinna foreldra framhaldsskólanema

Fleiri foreldrar framhaldsskólanema eru eingöngu með grunnskólapróf á Suðurnesjum en annarsstaðar á landinu. Þegar spurt er um menntun móður kemur í ljós að á Suðurnesjum hafa 23,3% þeirra lokið grunnskólaprófi eða minna. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið 9,4% og 16,2% annarsstaðar á landsbyggðinni. Sömu sögu er að segja um menntun föður, á Suðurnesjum eru 22,1% eingöngu með grunnskólapróf á móti 7,6% á höfuðborgarsvæðinu og 16,3% á landsbyggðinni.

Þegar atvinnustaða **móður** er skoðuð kemur eftirfarandi í ljós:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Vinnur fullt starf utan heimilis	55,4%	63,5%	54,7%
Í skóla	3,0%	2,1%	2,0%
Atvinnulaus	1,7%	1,8%	1,3%
Öryrki	3,1%	2,5%	3,4%

Þegar atvinnustaða **föður** er skoðuð kemur eftirfarandi í ljós:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Vinnur fullt starf utan heimilis	80,5%	79,6%	73,7%
Í skóla	1,2%	0,6%	0,4%
Atvinnulaus	2,7%	2,5%	1,6%
Öryrki	2,7%	1,2%	1,8%

Staðan er eins hjá foreldrum framhaldsskólanema og grunnskólanema þegar kemur að námi, hlutfall þeirra sem eru í fullu námi er hæst hér á Suðurnesjum. Atvinnuleysi í hópi foreldra framhaldsskólanema er mun minna heldur en þeirra í grunnskólanum og samræmist það því að

atvinnuleysi á Suðurnesjum er meira í yngri aldurshópum, sem væntanlega er líklegra að eigi börn á grunnskólaaldri. Fjöldi öryrkja í hópi mæðra er meiri annarsstaðar á landsbyggðinni en Suðurnesjum en minni á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi þeirra er líka meiri hjá foreldrum grunnskólabarna á öllum landssvæðum heldur en framhaldsskólanema. Í hópi feðra framhaldsskólanema sem eru öryrkjar er hlutfallið hæst hér og aftur minnst á höfuðborgarsvæðinu.

Líðan nemenda og líkur á brottfalli

Hlutfall þeirra grunnskólanema sem líður sjaldan eða nær aldrei vel í skólanum er á bilinu 6-8,9%, lægst á höfuðborgarsvæðinu (6%) en hæst á landsbyggðinni (8,9%). Á Suðurnesjum segjast 7,3% eða 39 einstaklingar sjaldan eða nær aldrei líða vel í skólanum.

Hlutfall framhaldsskólanema sem líður oft eða nær alltaf illa í skólanum er nákvæmlega það sama á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu eða 5,1%, hér gera það 30 einstaklinga. Annarsstaðar á landsbyggðinni er hlutfallið hærra eða 6,5%. Nemendur voru beðnir um að svara því hversu vel fullyrðingarnar: Mig langar að hætta í skólanum og Mig langar að skipta um skóla, ætti við þá. Hlutfall þeirra sem töldu svo vera oft eða nær alltaf er eftirfarandi:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Langar að hætta í skólanum	13,2%	7,4%	9,4%
Langar að skipta um skóla	22,6%	9,1%	15,8%

Ástæðurnar fyrir þessari líðan geta verið mjög margvíslegar en eftirfarandi niðurstöður gætu varpað einhverju ljósi á þær. Þetta er hlutfall þeirra sem sögðu fullyrðingarnar eiga oft eða nær alltaf við sig:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Líður illa í kennslustundum	2,8%	3,3%	4,0%
Líður illa í frímínútum	4,9%	3,4%	3,8%
Finnst ég utanveltu í skólanum	7,2%	5,6%	6,2%
Semur ekki við aðra nemendur	3,4%	3,0%	3,8%
Finnst ég lagður/lögð í einelti	1,5%	1,5%	2,2%
Semur illa við kennarana	3,7%	3,2%	4,0%

Framhaldsskólanemendur voru líka beðnir um að meta hvort þeir væru sammála eða ósammála ýmsum fullyrðingum er tengjast skólanum. Hér má sjá samanburð á nokkrum þeirra en þetta er hlutfall þeirra sem voru frekar eða mjög ósammála fullyrðingunum:

Suðurnes Höfuðborgarsvæðið Landsbyggðin

Auðvelt að fá ráðgjöf frá kennurum	30,0%	22,3%	21,9%
Auðvelt að fá aðstoð hjá öðru starfsfólki	38,7%	37,4%	33%
Auðvelt að fá aðstoð frá kennurum utan kennslustunda	30,3%	40,5%	37,5%
Hef greiðan aðgang að námsráðgjöf	10,1%	9,5%	7,8%

Sjálfsmat framhaldsskólanemenda

Nemendur í framhaldsskóla voru beðnir um að meta hversu vel eða illa ýmsar fullyrðingar varðandi viðhorf til sjálfra þeirra ættu við. Greinilegt er að nemendur á höfuðborgarsvæðinu eru með jákvæðara sjálfsmat heldur en annarsstaðar á landinu. Hlutfall þeirra neikvæðustu var hæst á Suðurnesjum í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Hér fyrir neðan má sjá hlutfall þeirra sem töldu fullyrðingarnar eiga frekar eða mjög illa við sig:

	S	H	L
Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir	11,9%	7,5%	9,9%
Mér finnst ég hafa marga góða eiginleika	16,0%	11,0%	13,9%
Ég hef jákvæða afstöðu til sjálfs/sjálfrar mín	25,8%	16,4%	19,0%
Þegar allt kemur til alls er ég ánægð(ur) með sjálfa(n) mig	21,1%	16,0%	18,3%
Ég get gert hlutina jafn vel og flestir aðrir	20,2%	12,4%	14,6%

Þegar fullyrðingarnar voru orðaðar á fremur neikvæðan hátt var hlutfall þeirra sem sögðu þær eiga mjög eða frekar vel við sig eftirfarandi:

	S	H	L
Þegar allt kemur til alls sýnist mér ég vera misheppnuð/aður	26,6%	18,6%	23,6%
Mér finnst ekki vera margt sem ég get verið stolt(ur) af	34,3%	26,9%	30,9%
Ég vildi óska að ég gæti borið meiri virðingu fyrir sjálfum mér	50,1%	40,9%	44,5%
Stundum finnst mér ég einskis virði	28,0%	18,5%	23,3%

Námið

Þegar grunnskólanemendur eru spurðir hvort þeir hafi gaman af náminu kemur í ljós frekar jöfn svörun á milli Suðurnesja, höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Hér segjast 24,1% sjaldan eða nær aldrei hafa gaman af náminu á móti 22,4% á höfuðborgarsvæðinu en 24,9% annarsstaðar á landsbyggðinni. Þá virðast grunnskólanemendur á Suðurnesjum leggja meiri rækt við námið en

annarsstaðar á landinu en 13,8% segjast sjaldan eða nær aldrei leggja nægjanlega rækt við námið á móti 15,1% á höfuðborgarsvæðinu og 15,4% á landsbyggðinni. Þrátt fyrir þetta er aðeins hærra hlutfall á Suðurnesjum en annarsstaðar sem finnst staðhæfingin: Mér finnst námið hafa tilgang, sjaldan eða nær aldrei eiga við um sig. Hér eru 6,9% þessarar skoðunar á móti 5,5% á höfuðborgarsvæðinu og 6,8% á landsbyggðinni.

Framhaldsskólanemendur voru líka spurðir hvort þeim leiðist námið. Hlutfall þeirra framhaldsskólanema sem leiðist námið oft eða nær alltaf er hæst á Suðurnesjum eða 27,5% hjá nemendum FS. Á höfuðborgarsvæðinu svara 21,1% á þennan veg og 22,8% á landsbyggðinni. Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir leggi rækt við námið sést mikill munur á svörum grunnskólanemenda og framhaldsskólanemenda. Í FS segjast 35,1% þá fullyrðingu eiga oft eða nær alltaf við að þeim finnist þeir ekki leggja nægjanlega rækt við námið. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið 29,1% og 28,4% á landsbyggðinni. Í framhaldsskólakönnuninni var fullyrðingin um tilgang námsins orðuð öðruvísi: Mér finnst námið tilgangslaut. Á Suðurnesjum sögðu 7,8% þetta eiga oft eða nær alltaf við þá, 6,3% á höfuðborgarsvæðinu og 6,6% á landsbyggðinni.

Þegar grunnskólanemendur eru spurðir hvort þeim finnist námið of þungt telja 21-22% svo vera oft eða nær alltaf. Hlutfall þeirra er lægst á Suðurnesjum (21%) þó mjög litlu muni á milli svæða. Hjá framhaldsskólanemum er staðan öllu verri fyrir Suðurnesin. Hér fyrir neðan má sjá hlutfall þeirra sem telja námið oft eða nær alltaf of þungt:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Grunnskólanemar	21,0%	22,4%	21,3%
Framhaldsskólanemar	29,0%	18,8%	19,3%

Þrátt fyrir að mörgum finnist námið of þungt er að meðaltali helmingur framhaldsskólanema, óháð landssvæði, mjög eða frekar sammála því að framhaldsnámið sé auðveldara en þeir áttu von á.

Mikill meirihluti (75-77%) framhaldsskólanema á öllum landssvæðum er mjög eða frekar sammála því að draga ætti úr prófum í annarlok og auka símat. Þá eru á bilinu 66-74% nemenda mjög eða frekar sammála því að kennsluhættir í skólunum séu fjölbreyttir og þar er hlutfallið hæst á Suðurnesjum, 73,8%.

Heimavinna og ráðleggingar foreldra

Hlutfall grunnskólanema sem aldrei þurfa að vinna heimavinnu er lægst á Suðurnesjum eða 4,2%. Á höfuðborgarsvæðinu segjast 6,2% aldrei þurfa að læra heima og 8,5% á landsbyggðinni. Í framhaldsskólanum er þetta öfugt, hæst á Suðurnesjum og fer minnkandi með aukinni fjarlægð. Hlutfall þeirra sem aldrei vinna heimavinnu í FS er 8,2% en 6,8% á höfuðborgarsvæðinu og 6,1% annarsstaðar á landsbyggðinni. Hafa þarf í huga að spurningarnar eru orðaðar á ólíkan hátt,

grunnskólanemar taka afstöðu til fullyrðingarinnar: Ég þarf aldrei að vinna heimavinnu en hjá framhaldsskólanemum er fullyrðingin orðuð svona: Ég vinn aldrei heimavinnu.

Varðandi ráðleggingar um námið frá foreldrum er hlutfall þeirra grunnskólanema sem telja mjög eða frekar erfitt að fá ráðleggingar hæst á Suðurnesjum. Sömu sögu er að segja um framhaldsskólanemendur. Hér fyrir neðan má sjá hlutfall þeirra nemenda sem telja það mjög eða frekar erfitt að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Grunnskólanemar	13,4%	11,2%	12,4%
Framhaldsskólanemar	15,8%	12,1%	13,7%

Niðurstöðurnar hjá grunnskólanemum haldast alls ekki í hendur við það hvort foreldrum finnist, að mati nemendanna, mikilvægt að þeir standi sig vel í námi því langflestir grunnskólanemenda á Suðurnesjum telja svo vera. Aðeins 3 einstaklingar eða 0,6% segja fullyrðinguna: Foreldrum mínum finnst mikilvægt að ég standi mig vel í námi, eiga frekar eða mjög illa við sig. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið 2,2% og 3,7% á landsbyggðinni. Þetta hljóta að vera mjög jákvæðar niðurstöður fyrir Suðurnesin þar sem greinilegt er að upplifun nemenda er sú að foreldrar þeirra vilja að þeir standi sig vel í skólanum.

Þegar framhaldsskólanemendur eru spurðir um mikilvægi námsins er sömu sögu að segja, færri nemendum í FS finnst námið ekki sérlega mikilvægt eða alls ekki mikilvægt, heldur en annarsstaðar á landinu. Hlutfallið er 2,7% á mótí 3,2% á höfuðborgarsvæðinu og 3,3% á landsbyggðinni.

Vinna með námi

Hér má sjá hlutfall þeirra sem vinna ekki með skólanum, en samkvæmt tölunum eru fæstir sem vinna með námi á Suðurnesjum í samanburði við önnur landssvæði:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Grunnskólanemar	82,9%	74,8%	69,5%
Framhaldsskólanemar	52,3%	47,4%	49,9%

Nemendur í FS hafa þó meiri áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni en aðrir á landinu, þó að það muni ekki miklu. Hér segjast 19,1% oft eða nær alltaf hafa áhyggjur af fjárhagsstöðunni. Hlutfallið er 16,5% á höfuðborgarsvæðinu en 18,6% á landsbyggðinni.

Fjárhagsstaða og fátækt

Grunnskólanemendur voru spurðir um fjárhagslega stöðu foreldra og voru fleiri á Suðurnesjum í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina sem töldu það oft eða nær alltaf eiga við að foreldrar þeirra væru illa staddir fjárhagslega. Hlutfallið hér var 7,8%, 6,2% á höfuðborgarsvæðinu en 7,2% á landsbyggðinni. Sömu sögu er að segja þegar spurt var hvort foreldrar hefðu ekki efni á að reka bíl, 3,1% á Suðurnesjum sögðu svo vera oft eða nær alltaf á móti 2,7% bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Hlutfall þeirra nemenda sem töldu foreldra sína oft eða nær alltaf hafa varla næga peninga til að kaupa brýnustu nauðsynjar var svipað hér og á höfuðborgarsvæðinu eða 4,5% og 4,4%, en 4,9% á landsbyggðinni. Þegar nemendur voru spurðir hvort foreldrar þeirra hefðu ekki ráð á þeirri tómstundastarfsemi sem þeir vildu helst stunda sögðu 4% Suðurnesjanemenda svo vera oft eða nær alltaf, 3,6% á höfuðborgarsvæðinu og 4,1% á landsbyggðinni.

Ein spurning varðandi fjárhagsstöðu í könnun framhaldsskólanema fjallaði um hverja nemendur teldu fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar vera miðað við aðrar fjölskyldur. Niðurstaða þessarar spurningar er þvert á svör grunnskólanema þar sem hlutfall þeirra verst settu virðist vera á Suðurnesjum. Um 2,4% þátttakenda úr FS telja fjölskyldu sína töluvert eða miklu verr stæða miðað við aðrar. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfall þeirra sem svara á þennan veg 2,9% og 2,8% á höfuðborgarsvæðinu. Spurningarnar í könnunum tveimur eru þó orðaðar á gjörólíkan hátt og hreinn samanburður því ekki mögulegur.

ADHD og lesblinda

Nokkrar fullyrðingar varðandi ADHD voru lagðar fyrir grunnskólanemendur. Dæmi um slíkar fullyrðingar eru til dæmis:

- Á erfitt með að halda athygli vakandi við verkefni eða leiki
- Fer úr sæti mínu í aðstæðum þar sem ætlast er til að ég sitji kyrr
- Virðist ekki hlusta þegar talað er til mín
- Fylgi ekki fyrirmælum til enda og tekst ekki að ljúka verkefnum
- Á erfitt með að skipuleggja verkefni og athafnir
- Er alltaf á ferðinni eins og þeytispjald
- Tala óhóflega mikið
- Týni hlutum sem eru nauðsynlegir til verkefna eða athafna
- Er auðtrufluð/auðtruflaður

Ef svarmöguleikarnir oft og mjög oft eru skoðaðir saman kom í ljós að nemendur á Suðurnesjum voru alltaf nema einu sinni með lægra hlutfall en höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin. Ef fyrsta fullyrðingin er tekin sem dæmi er hlutfall þeirra á Suðurnesjum sem svara oft eða mjög oft 15,4%

en 17,6% á höfuðborgarsvæðinu og 16,1% á landsbyggðinni. Það eru færri sem fara úr sætinu sínu þegar þeir eiga að sitja kyrrir eða 7,4% á Suðurnesjum, 10% á höfuðborgarsvæðinu og 9% á landsbyggðinni. Eina fullyrðingin af þessum ofantöldu þar sem Suðurnesin voru með hærra hlutfall þeirra sem svöruðu oft eða mjög oft var: Virðist ekki hlusta þegar talað er til mín en þar var Suðurnesja hlutfallið 11,7%, 12,2% á höfuðborgarsvæðinu en lægst á landsbyggðinni 10,2%. Þegar spurt var hvort nemendur töluðu óhóflega mikið var áberandi hversu stórt hlutfall nemenda svaraði oft eða mjög oft, 18,2% á Suðurnesjum, 21,3% á höfuðborgarsvæðinu og 22,1% á landsbyggðinni.

Í framhaldsskólakönnuninni eru nokkrar spurningar varðandi námserfiðleika ýmiskonar, þar af ein þar sem spurt er beint hvort viðkomandi sé greindur með athyglisbrest. Niðurstaðan þar er sambærileg grunnskólakönnuninni þannig að á Suðurnesjum eru færri greindir með athyglisbresti en annarsstaðar á landinu, 7,8% á móti 10,5% á höfuðborgarsvæðinu og 9,9% á landsbyggðinni. Lyfjanotkun vegna ADHD er í samræmi við fjölda greindra á hverju svæði, 2,4% á Suðurnesjum, 3,6% á höfuðborgarsvæðinu og 3,3% á landsbyggðinni. Þegar nemendur voru spurðir hvort athyglisbrestur hefði áhrif á frammistöðu þeirra í námi kom í ljós að fleiri telja sig þjást af athyglisbrest þó að þeir séu ekki með greiningu. Hlutfall þeirra sem segja athyglisbrest hafa mikil eða mjög mikil áhrif á frammistöðu í námi er 9,5% á Suðurnesjum, 11,4% á höfuðborgarsvæðinu og 10% á landsbyggðinni. Hlutfall þeirra sem segja einbeitingarskort hafa mikil eða mjög mikil áhrif á frammistöðu í námi er 21,4% á Suðurnesjum, 18,3% á höfuðborgarsvæðinu og 16,8% á landsbyggðinni. Þarna snýst viðhorf nemenda allt í einu við og hlutfallið verður hæst á Suðurnesjum.

Spurt var um áhrif lesblindu og skrifblindu á frammistöðu í námi. Hlutfall þeirra sem telja slíkt hafa mikil eða mjög mikil áhrif á frammistöðuna er eftirfarandi:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Lesblinda	10,7%	9,1%	10,4%
Skrifblinda	3,3%	4,3%	4,9%

Framtíðarsýn

Grunnskólanemendur voru spurðir hvað væri líklegt að myndi gerast að loknu núverandi námi og var svörun eftirfarandi:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Fer í bóknám í framhaldsskóla	61,2%	73,2%	60,0%
Fer í verknám í framhaldsskóla	34,5%	24,2%	35,6%
Fer að vinna	4,3%	2,7%	4,5%

Þegar nemendur voru spurðir um líkur á háskólanámi sögðu 4,6% á Suðurnesjum það mjög ólíklegt, 3,6% á höfuðborgarsvæðinu og 5,1% á landsbyggðinni. Stelpur eru almennt líklegri en strákar til að sjá fyrir sér háskólanám.

Framhaldsskólanemendur voru líka spurðir út í nám að loknum framhaldsskóla. Hér má sjá hlutfall þeirra sem telja mjög eða fremur líklegt að þetta verði staðan að loknu náminu:

	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Háskólanám á Íslandi	60,1%	65,2%	58,1%
Háskólanám erlendis	40,2%	53,7%	39,7%
Annað nám á Íslandi	28,2%	20,2%	30,0%
Annað nám erlendis	20,7%	20,7%	23,1%
Fari að vinna	61,2%	51,5%	62,5%
Ég veit það ekki	42,2%	45,9%	50,0%

Grunnskólanemendur voru spurðir hvort þeir héldu að þeir muni einhvern tíma á lífsleiðinni verða atvinnulausir til lengri tíma. Ef hlutfall þeirra sem svöruðu já er skoðað kemur í ljós að á Suðurnesjum telja 7,8% nemenda að þeir eigi eftir að verða atvinnulausir til lengri tíma, 8,7% á höfuðborgarsvæðinu og 8,9% á landsbyggðinni. Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir haldi að þeir muni fá gott starf í framtíðinni var hlutfall þeirra sem svaraði nei 1,9% á Suðurnesjum, 2,8% á höfuðborgarsvæðinu og 2,1% á landsbyggðinni. Á Suðurnesjum er hæst hlutfall þeirra nemenda sem telja sig verða að meðaltali með hærri tekjur en foreldrar þeirra en þar svöruðu 40,6% þessari spurningu já. Á höfuðborgarsvæðinu var hlutfallið 35,7% og 33,5% á landsbyggðinni. Grunnskólanemendur á Suðurnesjum virðast því vera örlítið jákvæðari en annarsstaðar á landinu hvað atvinnuhorfur varðar þrátt fyrir ástandið þar í dag.

Þegar grunnskólanemendur voru spurðir hvort þeir haldi að þeir muni lifa góðu og hamingjuríku lífi í framtíðinni voru fæstir á Suðurnesjum sem svöruðu nei eða 1,6% á móti 2,5% á höfuðborgarsvæðinu og 2,1% á landsbyggðinni. Um 78% Suðurnesjanemenda svara þessari spurningu já, 80,9% á höfuðborgarsvæðinu og 79,2% á landsbyggðinni. Það voru hins vegar fleiri nemendur á Suðurnesjum en annarsstaðar á landinu sem voru ekki vissir um svarið við þessari spurningu.

Samantekt

Þegar niðurstöður þessara völdu spurninga og samanburður á viðhorfum grunnskóla- og framhaldsskólanemenda er skoðaður kemur margt athyglisvert í ljós.

Í grunnskólum á Suðurnesjum eru:

- fleiri foreldrar en annarsstaðar eingöngu með grunnskólapróf.
- fleiri foreldrar en annarsstaðar atvinnulausir eða öryrkjar.
- fleiri foreldrar en annarsstaðar í námi eingöngu.
- 7,3% nemenda sem líður sjaldan eða nær aldrei vel í skólanum.
- fleiri nemendur en annarsstaðar sem leggja meiri rækt við námið.
- álíka margir nemendur og annarsstaðar sem hafa sjaldan eða aldrei gaman af náminu (24,1%).
- álíka margir nemendur og annarsstaðar sem finnst námið of þungt (21%).
- færri nemendur en annarsstaðar á landinu sem þurfa aldrei að vinna heimavinnu (4,2%).
- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem telja það erfitt að fá ráðleggingar varðandi námið frá foreldrum (13,4%).
- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem telja foreldra sína finnast mikilvægt að þeir standi sig vel í náminu.
- færri nemendur en annarsstaðar á landinu sem vinna með skólanum (17,1%).
- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem telja foreldra sína illa stadda fjárhagslega (7,8%).
- færri nemendur en annarsstaðar á landinu sem virðast almennt finna minna fyrir ákveðnum einkennum ADHD.
- álíka margir nemendur og annarsstaðar á landsbyggðinni sem stefna á bóknað, verknám og vinnu eftir grunnskólann.
- nemendur almennt jákvæðari en annarsstaðar á landinu hvað atvinnuhorfur í framtíðinni varðar.

Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru:

- fleiri foreldrar en annarsstaðar í námi eingöngu.
- fleiri nemendur en annarsstaðar sem langar oft eða nær alltaf að hætta í námi (13,2%) eða skipta um skóla (22,6%).
- fleiri nemendur en annarsstaðar sem eru frekar eða mjög ósammála því að auðvelt sé að fá ráðgjöf frá kennurum (30%).
- 5,1% nemenda sem líður oft eða nær alltaf illa í skólanum.
- nemendur með mun neikvæðara sjálfsmat en annarsstaðar á landinu.
- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem leiðist námið oft eða nær alltaf (27,5%).
- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem leggja ekki nægjanlega rækt við námi (35,1%).
- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem finnst námið tilgangslaust (7,8%).

- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem finnst námið of þungt (29%).
- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem telja kennsluhætti í skólanum fjölbreytta (73,8%).
- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem vinna aldrei heimavinnu (8,2).
- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem telja það erfitt að fá ráðleggingar varðandi námið frá foreldrum (15,8%).
- færri nemendur en annarsstaðar á landinu sem finnst námið ekki mikilvægt (2,7%).
- færri nemendur en annarsstaðar á landinu sem vinna með skólanum (47,7%).
- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem hafa áhyggjur af fjárhagsstöðunni (19,1%).
- færri nemendur en annarsstaðar á landinu sem telja fjölskyldu sína verr stæða en aðrar (2,4%).
- færri nemendur en annarsstaðar á landinu greindir með athyglisbrest (7,8%).
- fleiri nemendur en annarsstaðar á landinu sem segja einbeitingarskort hafa mikil áhrif á frammistöðu í námi (21,4%).
- álíka margir nemendur hér og annarsstaðar á landsbyggðinni sem stefna á háskólanám, hér á landi eða erlendis, eða vinnu að lokinni útskrift úr framhaldsskóla.

3.7.2. Könnun á viðhorfi Suðurnesjamanna til menntunar

Í október 2011 sá Capacent Gallup um framkvæmd könnunar á viðhorfum til menntunar á Suðurnesjum, fyrir hönd verkefnisstjóra. Spurningakönnunin var send í tölvupósti til alls 920 einstaklinga af Suðurnesjum, sem eru hluti af Viðhorfahópi Capacent Gallup. Þar af voru 51 fluttir af Suðurnesjum svo endanlegt úrtak voru 869 einstaklingar. Þar af svöruðu 527 könnuninni sem þýðir að svarhlutfall var 60,6%. Karlar voru 51% svarenda og konur 49%. Stór hluti þátttakenda eru foreldrar eða forráðamenn barna, eða 72,8%. Skipting svarenda eftir sveitarfélögum er eftirfarandi:

Sveitarfélag	Svarhlutfall	Íbúafjöldi 2010	Hlutfall af heildarfjölda íbúa
Garður	6,8%	1.456	6,9%
Grindavík	13,3%	2.821	13,4%
Reykjanesbær	67,3%	13.933	66,2%
Sandgerði	7,5%	1.677	8,0%
Vogar	5,1%	1.165	5,5%
Samtals		21.052	

Hér á eftir er samantekt og úrvinnsla á niðurstöðum könnunarinnar. Fjöldi einstaklinga sem svarar hverri spurningu er lítillega breytilegur þar sem einhverjir völdu að taka ekki afstöðu og teljast þeir ekki með hverju sinni. Þá er hlutfall í prósentum stundum yfir 100% vegna vigtunar á gögnunum sem tryggir að úrtak endurspegli þýði nákvæmlega með tilliti til kyns, aldurs, búsetu og

menntunar. Við vigtun niðurstaðna miðað við menntunarstig á svæðinu voru niðurstöður símakannana sem gerðar voru af Capacent Gallup árið 2011 notaðar.

Menntunarstig

Þátttakendur voru spurðir um hæsta menntunarstig sem þeir hefðu lokið. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

Hlutfall

Ekki lokið grunnskólaprófi	2,8%
Grunnskólapróf	40,4%
Stúdentspróf eða starfsnám	30,9%
Viðbótarnám eftir framhaldsskóla	7,9%
Háskólapróf	17,7%
Önnur menntun (t.d. lögregluskólinn)	0,4%

Alls hafa 56,9% þátttakenda framhaldsskólamenntun eða meira. Af þeim sem hafa lokið grunnskólaprófi eru 7,7% sem hafa lokið eins til þriggja ára menntun úr framhaldsskóla en ekki útskrifast sem stúdent eða úr starfsnámi. Það mætti því telja þann hóp með þeim sem lokið hafa einhverri framhaldsmenntun að loknum grunnskóla og yrði hlutfallið þá 64,6%.

Árið 2009 höfðu 34% Íslendinga ekki lokið neinu prófi eftir grunnskóla samkvæmt skýrslu OECD, sem þýðir að 66% höfðu lokið einhvers konar framhaldsmenntun. Sé horft til þeirra niðurstaðna virðist menntunarstig á Suðurnesjum vera aðeins undir landsmeðaltali. Staðan er þó ekki jafn góð þegar kemur að háskólamenntuðum. Landsmeðaltal háskólamenntaðra er 33% en á Suðurnesjum er hlutfall háskólamenntaðra 17,7%.

Nokkuð margir þátttakenda hafa lokið starfstengdum námskeiðum sem eru 100 klukkustundir eða lengri, eða 37,7% þeirra 506 einstaklinga sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Námskeiðin eru af mjög fjölbreyttu tagi.

Staða og möguleikar á vinnumarkaði

Þátttakendur voru spurðir um stöðu á vinnumarkaði og eru niðurstöður spurningarinnar eftirfarandi:

Hlutfall

Í vinnu	68,5%
Í námi	10,6%
Á eftirlaunum	5,9%
Atvinnulaus	6,2%
Öryrki	5,0%
Annað	3,8%

Alls eru 0,6% svarenda í hlutastarfi með atvinnuleysisbótum en eru þeir hér taldir með fólki í vinnu. Þar eru líka þeir sem eru einyrkjar eða sjálfstætt starfandi (8,4%) og í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum (2,8%).

Alls sögðust 6,2% þátttakenda vera atvinnulausir þegar könnunin er framkvæmd. Á sama tíma mældist atvinnuleysi á Suðurnesjum 11,5%. Þrátt fyrir að búið sé að vigta niðurstöðurnar endurspegla þær ekki raunverulegt ástand þegar kemur að atvinnuleysi. Hafa þarf í huga að atvinnuleysi samkvæmt Hagstofu er ekki mælt með sama hætti og gert er hér, spurningarnar eru annarskonar og útreikningar aðrir þannig að atvinnuleysi hjá Hagstofu er reiknað sem hlutfall af fólki á vinnumarkaði. Að sögn starfsmanna Capacent Gallup má gera ráð fyrir því að þeir þátttakendur í Viðhorfahópnum sem eru án atvinnu taki síður þátt en aðrir. Þeirra reynsla við framkvæmd kannana er sú að mjög erfitt er að ná í atvinnulausa einstaklinga. Af þeim sem tóku þátt í þessari könnun eru flestir atvinnulausir í yngsta aldurshópnum, á aldrinum 18-24 ára. Á meðal atvinnulausra þátttakenda var grunnskólapróf eða minna algengasta menntunarstigið en einnig kom fram að þeir sem voru atvinnulausir leita síður í námskeið og símenntun en aðrir.

Hlutfall þátttakenda sem telja atvinnutækifæri í boði fyrir sig vera frekar eða mjög lítil er 46,1%. Rúmlega 26% telja tækifærin vera frekar eða mjög mikil og 27,6% svara hvorki né. Kyn svarenda virðist ekki hafa áhrif þegar kemur að mati á atvinnutækifærum en menntun þeirra hefur áhrif. Rúmlega sex af hverjum tíu (63%) þeirra sem eru með grunnskólapróf eingöngu telja atvinnutækifærin frekar eða mjög lítil á móti 25% þeirra sem eru með háskólapróf. Fólk telur atvinnutækifæri líka meiri eftir því sem tekjur þeirra eru hærri. Munur á milli bæjarfélaga er ekki marktækur.

Þeir sem telja atvinnutækifæri frekar eða mjög lítil eru líklegri en aðrir til að finnst námstækifæri vera lítil á Suðurnesjum. Þeir hafa líka talsvert minni áhuga en aðrir á að auka við menntun sína og telja að viðbótarmenntun muni ekki auka við atvinnutækifæri eða auka tekjur þeirra. Þegar tekið er tillit til stöðu á vinnumarkaði eru einyrkjar og sjálfstætt starfandi jákvæðastir hvað atvinnutækifæri varðar en atvinnulausir, eftirlaunaþegar og öryrkjar neikvæðastir.

Áhugi á auknu námi og áhrif þess

Spurt var hvort þátttakendur væru í námi um þessar mundir og voru niðurstöður eftirfarandi:

Hlutfall

Já (fullu, að hluta eða á samningi)	23,1%
Nei	76,9%

Ekki er marktækur munur á milli kynja í þessari spurningu en aldur hefur áhrif. Fjöldi þeirra sem eru í námi minnkar jafnt og þétt eftir því sem aldur þátttakenda hækkar.

Ríflega sex af hverjum tíu þeirra sem tóku þátt í könnuninni hefur mjög eða frekar mikinn áhuga á að auka við menntun sína. Aðeins 12,7 % hafa frekar eða mjög lítinn áhuga á því. Athyglisvert er að skoða þessar niðurstöður með tilliti til menntunar því þá kemur í ljós að þeir sem hafa minnstan áhuga á að auka við menntun sína eru þeir sem hafa lokið grunnskólaprófi eða starfsnámi. Þeir sem hafa lokið stúdentsprófi hafa mun meiri áhuga á að auka við menntun sína. Þeir sem hafa mestan áhuga á að auka við menntun sína telja frekar að meiri menntun geti aukið atvinnutækifæri og tekjur. Þeir sem hafa minni áhuga á aukinni menntun telja hana síður hafa jákvæð áhrif á atvinnutækifæri og tekjur.

Minni hluti þátttakenda taldi námstækifæri á svæðinu vera nægileg. Tæpur helmingur, 45,4%, telja námstækifæri á Suðurnesjum vera mjög eða frekar lítil. Tæp 29% telja þau vera mjög eða frekar mikil. Marktækur munur er á viðhorfi til námstækifæra eftir búsetu og menntun. Þeir þátttakendur sem búa í Garði eru jákvæðastir þegar spurt er um námstækifæri á Suðurnesjum en íbúar á Ásbrú neikvæðastir. Hafa þeir í huga að svarendur eru fáir þegar skoðuð eru einstök bæjarfélög með þessum hætti og vikmörk mun stærri en ef skoðaðar eru heildartölur. Fjöldi svarenda í bæjarfélögunum var svipaður, 32 í Garði og 27 á Ásbrú. Viðhorf íbúa á Ásbrú gæti skýrst af því að margir þeirra eru í frumgreinadeildarnámi og stefna á háskólanám sem mögulega er ekki í boði á Suðurnesjum.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar með tilliti til menntunar minnkar jákvæðni eftir því sem menntun verður meiri, það er að segja að þeir sem hafa minni menntun telja námstækifæri á Suðurnesjum frekar vera góð heldur en þeir sem eru með meiri menntun. Þeir sem hafa lítinn áhuga á að auka við menntun sína telja námstækifæri á Suðurnesjum vera minni en aðrir.

Fólki gafst kostur á að skrifa hvers konar nám því finndist helst vanta á Suðurnesin. Af þeim sem gerðu það töldu 26,2% vanta háskólanám eða nám tengt háskóla og 19,9% nefndu fjölbreyttara iðnnám. Í skýrslu Capacent Gallup má sjá ítarlegan lista yfir þessi opnu svör um hvers konar nám vantar á Suðurnesjum.

Meirihluti þátttakenda telur að viðbótarmenntun myndi auka atvinnutækifæri þeirra. Rúm 60% telja að þau myndu aukast talsvert eða nokkuð með viðbótarmenntun, 15,4% telja að þau myndu aukast lítið og 23,9% segja að atvinnutækifæri muni ekki aukast neitt með viðbótarmenntun. Sömu sögu er að segja þegar spurt er um aukningu á tekjum í kjölfar aukinnar menntunar. Rétt rúmur helmingur þátttakenda, eða 52,8%, telja að tekjur myndu aukast talsvert eða nokkuð, 19,4% telja að þær myndu aukast lítið en 27,7% telja að þær myndu ekki aukast neitt með viðbótarmenntun.

Þegar þessar spurningar eru skoðaðar með tilliti til menntunar kemur í ljós að þeir sem hafa lokið stúdentsprófi telja aukna menntun hafa mest áhrif á atvinnutækifæri, 77% svara á þann veg að viðbótarmenntun myndi auka atvinnutækifæri talsvert eða nokkuð. Næst á eftir koma þeir sem

lokið hafa grunnnámi í háskóla, 68% þeirra telja tækifærin aukast talsvert eða nokkuð með viðbótarmenntun. Úr hópi þeirra sem hafa lokið framhaldsprófi úr háskóla eru fæstir sem telja að viðbótarmenntun muni auka atvinnutækifæri þeirra eða 57% hópsins. Kyn hefur ekki áhrif á niðurstöður þessarar spurningar en eftir því sem fólk verður eldra minnkar hlutfall þeirra sem telja að viðbótarmenntun muni hafa áhrif á atvinnutækifærin. Í yngsta aldurshópnum 18-24 ára telja 92% þátttakenda að atvinnutækifæri muni aukast talsvert (70%) eða nokkuð (22%) með viðbótarmenntun.

Athyglisvert er að fyrir utan einstaklinga í námi eru það atvinnulausir sem telja viðbótarmenntun hafa mest áhrif á tekjur og atvinnutækifæri en 78% þeirra telja tekjur aukast talsvert eða nokkuð með viðbótarmenntun og 70% telja atvinnutækifæri aukast talsvert eða nokkuð með viðbótarmenntun. Þeir sem hafa lítinn áhuga á viðbótarmenntun telja frekar en aðrir að hún muni ekki hafa jákvæð áhrif á atvinnutækifæri þeirra eða tekjur.

Viðhorf til menntunar

Óhætt er að segja að viðhorf Suðurnesjamanna til menntunar sé jákvætt. Alls voru átta spurningar í könnuninni sem beindust að viðhorfi til menntunar, flestar í formi fullyrðinga sem þátttakendur tóku afstöðu til. Sú fyrsta var hvort þátttakendur telji að börn þeirra muni afla sér meiri, svipaðrar eða minni menntunar en þeir og eru niðurstöðurnar eftirfarandi:

Hlutfall

Meiri menntunar en ég sjálf/ur	80%
Svipaðrar menntunar og ég sjálf/ur	17,5%
Minni menntunar en ég sjálf/ur	2,5%

Langstærstur hluti þátttakenda telur þannig að börn þeirra muni afla sér meiri eða svipaðrar menntunar, eða 97,5% hópsins sem hlýtur að lýsa jákvæðu viðhorfi til menntunar. Marktækur munur er á milli hópa þegar tekið er tillit til menntunar. Nánast allir þeir foreldrar sem eru með grunnskólapróf eða minna telja að börnin þeirra muni afla sér meiri menntunar en þeir. Það sama á við um atvinnulausa. Flestir þeirra sem telja að börnin muni afla sér minni menntunar en þeir, eru einstaklingar sem lokið hafa framhaldsprófi í háskóla. Alls eru 97% þátttakenda fullkomlega, mjög eða frekar sammála því að þeir hvetji börnin sín eða þau börn og ungmenni sem eru í kringum þá, til að mennta sig. Aðeins 1% þátttakenda eru ósammála fullyrðingunni og 1,8% svara hvorki né.

Hlutfall þeirra þátttakenda sem annað hvort eru fullkomlega, mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að menntun sé af hinu góða er 99,1%. Marktækur munur er á milli hópa að teknu tilliti til menntunar. Þeir sem hafa lokið stuttu námi eða starfsnámi eftir framhaldsskóla eru

jákvæðastir en þeir sem hafa lokið grunnskólaprófi eða minna eru örlítið minna jákvæðir. Aðrir hópar eru mitt á milli. Á sama hátt telja mjög fáir að menntun sé tímasóun, 97,9% eru frekar, mjög eða fullkomlega ósammála þeirri fullyrðingu. Þeir sem telja að viðbótarmenntun myndi hvorki auka atvinnutækifæri né tekjur eru þeir sem hallast frekar að því að menntun sé tímasóun, þó að hlutfall þeirra sé eins og áður sagði mjög lágt. Aðeins færri eru ósammála þeirri fullyrðingu að menntun snúist um að eyða tíma í skóla sem væri betur eytt í að vinna og afla tekna, eða 90,6% svarenda. Tæp 7% eru hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni og 2,5% sammála henni. Marktækur munur er á milli kynja þannig að konur eru frekar ósammála fullyrðingunni. Þá eru þeir sem hafa lítinn áhuga á viðbótarmenntun og telja náms- og atvinnutækifæri lítil frekar sammála fullyrðingunni að menntun snúist um að eyða tíma í skóla sem væri betur eitt í að vinna.

Tæp 74% þátttakenda eru fullkomlega, mjög eða frekar sammála fullyrðingunni: Ég vildi gjarnan að ég hefði eytt meiri tíma í skóla í gegnum tíðina. Tæp 12% eru fullkomlega, mjög eða frekar ósammála því að þeir hefðu viljað eyða meiri tíma í skóla. Aðrir svara hvorki né. Það hversu sammála fólk er fullyrðingunni er í beinu samhengi við menntunarstig þess, 85% þeirra sem eru með grunnskólapróf eingöngu vildu að þeir hefðu eytt meiri tíma í skóla á móti 43% þeirra sem eru með framhaldspróf í háskóla. Þeir hópar sem helst vildu að þeir hefðu eytt meiri tíma í skóla eru einstaklingar með grunnskólapróf eða minna og þeir sem hafa lokið stuttu námi eða starfsnámi eftir framhaldsskóla. Sé tekið tillit til stöðu á vinnumarkaði eru það atvinnulausir, öryrkjar og eftirlaunaþegar sem umfram aðra hópa vildu að þeir hefðu eytt meiri tíma í skóla í gegnum tíðina.

Hlutfall þátttakenda sem eru fullkomlega, mjög eða frekar sammála því að þeir leiti að tækifærum til að sækja námskeið og símenntun er 60,4%. Rétt rúm 14% hópsins eru ósammála fullyrðingunni. Aðrir svara hvorki né. Ef þessar niðurstöður eru skoðaðar með tilliti til menntunar kemur í ljós að fólk sækir sér frekar símenntun til að halda við og auka færni í starfi, eftir því sem menntun þeirra er meiri og marktækur munur er á milli hópa. Helmingur þeirra sem eru með grunnskólapróf eru sammála fullyrðingunni á meðan 80% þeirra sem eru með framhaldspróf í háskóla eru sammála. Marktækur munur er einnig á milli kynja þannig að konur sækja frekar í námskeið og símenntun en karlar.

Marktækur munur er á milli hópa með tilliti til stöðu á vinnumarkaði. Atvinnulausir leita síður í námskeið og símenntun en aðrir sem er athyglisvert í ljósi þess að þeir eru í hópi þeirra sem telja að viðbótarmenntun auki bæði atvinnutækifæri og tekjur.

4. Úttekt á nýjum námsbrautum og hugmyndum

Á meðan þróunarverkefni um eflingu menntunar á Suðurnesjum hefur staðið yfir, frá miðju ári 2011 út árið 2012, hafa nokkrar nýjar námsbrautir og úrræði farið af stað. Þá hafa ýmsar góðar hugmyndir verið kynntar sem sumar eru enn á vinnslustigi en aðrar hafa ekki fengið brautargengi.

Ein þessara hugmynda var kynnt á fundi hjá **Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum** í byrjun nóvember 2011 en hún snéri annars vegar að úrræðum fyrir ungt fólk sem er hvorki í vinnu né námi og hins vegar að langtímaatvinnulausum. Úrræðunum höfðu starfsmenn MSS kynnst í Helsinki en þar eru það borgin, Vinnumálastofnun, félags- og menntamálaráðuneytið sem greiða fyrir þau. Markvisst er leitað að þeim einstaklingum sem eru hvorki í vinnu né skóla. Ungmenninn á aldrinum 15-19 ára sem falla í þann flokk fara í úrræðið, sem er í formi fjölbreyttra smiðja, og þátttaka og virkni er forsenda fyrir því að þátttakendurnir fái bætur. Smiðjurnar eru fimm mánuðir en þeir sem vilja mega vera einn mánuð til viðbótar. Ekkert bóklegt nám fer þarna fram heldur einungis skapandi vinna auk námsráðgjafar. Á hverju ári eru 85-90 ungmenni sem ljúka smiðjunum og elstu smiðjurnar verða bráðum 20 ára.

Annað úrræði var kynnt á fundinum sem er hugsað fyrir 25 ára og eldri, oft langtímaatvinnulausa. Er það í formi nokkurs konar endurvinnslustöðvar sem þátttakendur geta unnið hjá í allt að átta mánuði. Um 200 manns eru þátttakendur í úrræðinu, sem einnig er verndaður vinnustaður, og starfsmenn í kringum það eru 100 talsins. Framleiðslan er seld, meðal annars í fínum hönnunarverslunum, og stöðin á sitt eigið vörumerki: U6. Efniskostnaður er lítill þar sem efnið er rusl og allt er notað. Tekjur af sölu ganga síðan aftur til félagsmálafyrivalda.

Að sögn viðmælenda hjá MSS var fundurinn haldinn til að opna augu fólks fyrir nýjum möguleikum þar sem þeim þóttu þessi úrræði mjög áhugaverð. Þau vonuðust til að eitthvað færi af stað eftir fundinn en því miður gerðist það ekki. MSS fór þó af stað með ný námskeið og smiðjur sem urðu til út frá þessum úrræðum. Smiðjurnar hafa verið vinsælar og gengið mjög vel. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur viðurkennt smiðjurnar og tekið þær upp hjá sér. MSS hefur sótt um styrk til Menntamálaráðuneytisins til að geta lengt kennslustundafjölda smiðjanna þannig að þær verði í 12 vikur. Þá hafa þau hvatt Vinnumálastofnun á Suðurnesjum til að fara nýjar leiðir í þessum anda varðandi ungmenni sem fara á atvinnuleysisbætur þegar sumarvinnu lýkur. Þeim yrði þá boðið upp á úrræði sem tryggir virkni um leið og þau byrja á bótum. Að mati viðmælenda þarf miklu meiri samvinnu og samtal á milli þeirra aðila sem vinna að úrræðum fyrir þennan yngsta aldurshóp sem er hvorki í vinnu né skóla, og atvinnuleitendur almennt. Lögðu þau til að haldinn yrði vinnufundur allra á Suðurnesjum sem koma að slíku starfi meðal annars til að ræða hugmyndir að auknu samstarfi. Verkefnisstjóri hafði samband við Lovísu Lilliendahl, verkefnisstjóra Suðurnesjavaktar Velferðarráðuneytisins sem leyst vel á hugmyndina og hóf strax skipulagningu á slíkum fundi sem líklega verður haldinn í byrjun desember 2012.

Í byrjun árs 2012 fór **Atvinnutorg Suðurnesja** af stað en það er samstarfsverkefni á vegum Velferðarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, Reykjanesbæjar, Garðs og Sandgerðis. Tilgangur þess er að koma til móts við þann hóp sem stendur hvað veikast í atvinnuleit sinni. Markhópurinn eru ungir atvinnuleitendur á aldrinum 16-25 ára sem eru vinnufærir og þiggja fjárhagsaðstoð sér til framfærslu eða eru við það að missa bótarétt sinn hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta úrræði nær því að einhverju leyti til þess markhóps sem úrræði kynnt af MSS hefði beinst að. Eitt af skilyrðum Atvinnutorgsins er að þátttakendur séu vinnufærir og nær það því ekki til allra ungmenna. Atvinnutorgið býður upp á atvinnutengd úrræði eins og til dæmis vinnustaðanáms og tímabundna ráðningu í allt að 6 mánuði sem leiðir svo vonandi af sér áframhaldandi ráðningu. Mætingaskylda er í alla virkni Atvinnutorgsins og bætur skerðast tímabundið hjá þeim sem mæta illa.

Áður en verkefnið hófst var áætlað að ekki fleiri en 200 ungmenni á Suðurnesjum tilheyrðu markhópnum og þar af ættu mörg ekki erindi í Atvinnutorgið til dæmis vegna veikinda eða neyslu og væru þar af leiðandi ekki vinnufær. Starfsmenn Atvinnutorgsins fá tilvísanir frá félagsþjónustum sveitarfélaganna og Vinnumálastofnunar og vinna eingöngu úr þeim nöfnum sem þeir fá send. Engin leit hefur farið fram á þeirra vegum að ungmennum sem eru hvorki á bótum, í námi né vinnu. Frá því að úrræðið fór af stað hafa tilvísanir verið 40 talsins. Af þessum 40 einstaklingum voru einhverjir sem fluttu burt og einn sem hætti. Um miðjan ágúst 2012 voru 23 einstaklingar í einhverskonar virkni í gegnum Atvinnutorgið. Í þeim hópi voru framhaldsskólanemendur sem fengu ekki sumarvinnu og fóru aftur í nám þegar skólar hófust. Fyrirtæki á Suðurnesjum hafa verið mjög samvinnuþýð og sýnt þessu góð viðbrögð. Ef þau samþykkja að taka einstaklinga í starfsþjálfun eða vinnu bera þau engan kostnað af því þessa sex mánuði sem endurhæfingin varir.

Atvinnutorg Suðurnesja er tímabundið verkefni sem ekki er ljóst hvort framhald verði á. Að mati verkefnisstjóra er full þörf á úrræði af þessu tagi, bæði fyrir ungmenni en einnig eldra fólk sem hefur verið atvinnulaust lengi eða eru skjólstæðingar félagsþjónustunnar. Upplifunin eftir samtali við starfsmenn Atvinnutorgsins var að þeir teldu fulla þörf á úrræðinu en hefðu gert ráð fyrir fleiri tilvísunum á þeim tíma sem var liðinn af verkefninu.

Í **Fjölbrautaskóla Suðurnesja** er stöðug námsþróun í gangi og nokkrar nýjar námsbrautir fóru af stað á meðan þróunarverkefninu stóð. Má þar helst nefna iðnbraut sem hugsuð er fyrir eldra fólk sem er að snúa aftur til náms en einnig nýnema sem hafa áhuga á verknámi en uppfylla ekki inntökuskilyrði. Námið tekur tvær annir og var prufukeyrt skólarárið 2011-2012 með hópi nemenda sem tekinn var inn í skólann í gegnum átakið *Nám er vinnandi vegur*. Eitthvað brottfall varð enda voru nemendurnir í raun í brottfallshættu þegar þeir byrjuðu. Nú í haust hófu síðan 10 nemendur nám á brautinni, allt karlmenn. Gróskumöguleikar eru á þessari braut þar sem vantað hefur úrræði fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á verknámi en uppfylla ekki inntökuskilyrði og eins

fyrir nemendur sem ekki eru nýnemar en þyrftu engu að síður á fornámi að halda. Eftir að náminu er lokið ættu þeir að geta gengið inn í hvaða verknám sem er.

Tölvuþjónustubraut fór líka af stað haustið 2011. Þetta er stutt og atvinnumiðuð starfsnámsbraut og tekur námið fjórar annir. Hún er hugsuð fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á tölvum og því að starfa á sviði hugbúnaðar, vilja stutt og hagnýtt nám og þá sem ráða mögulega ekki við tölvufræðibrautina sem felur sem dæmi í sér mun meiri stærðfræði. Haustið 2011 hófu 16 nemendur nám á brautinni en nú á haustönn 2012 eru þeir helmingi færri. Nemendur sem hefja nám á brautinni eru margir í brottfallshættu enda hefur brottfall verið talsvert. Kennslan hefur gengið ágætlega og stefnt er á að halda brautinni gangandi þrátt fyrir að hún sé kostnaðarsöm í rekstri.

Löggæslu- og björgunarbraut var sett á laggirnar haustið 2010 og fyrstu nemendur til að útskrifast af þessari tveggja ára braut luku námi vorið 2012. Flestir nemendanna halda áfram í stúdentsnámi. Mikil aðsókn hefur verið á brautina en þó var hún heldur minni nú í haust en síðustu ár. Í kjölfar ábendinga frá verkefnisstjórum höfðu skólastjórnendur samband við öryggisfyrirtæki um samstarf til að útvíkka námsefni brautarinnar svo það nýttist einnig til starfa í öryggisgæslu og voru forsvarsmenn viljugir til samvinnu.

Hjá FS eru nokkrar brautir í vinnslu auk þess sem ein var auglýst nú fyrir haustönn 2012 en takmarkaður fjöldi sótti um. Það var stúdentsnám á afreksíþróttasviði sem hugsað var fyrir þá nemendur sem einnig stunda markvissa íþróttabjálfun og eru oft afreksmenn í sinni íþrótt. Námið átti að gefa nemendum færi á að auka enn frekar við íþróttabjálfun og fræðslu í þeim efnum. Brautin var kynnt í bæjarblaðinu og í öllum grunnskólum og íþróttafélögum á svæðinu en því miður virðist það ekki hafa skilað sér til foreldra og nemenda. Alltof fáir sóttu um til að hægt væri að fara af stað með námið, sem kom stjórnendum skólans á óvart í því mikla íþróttasamfélagi sem Suðurnesin eru. Eftir að skólinn fór af stað fóru að berast fyrirspurnir um brautina svo ákveðið hefur verið að gera aðra tilraun um næstu áramót. Skólinn sótti um styrk fyrir kennslu á nokkrum stuttum starfsnámsbrautum: heilbrigðis- og félagsþjónustubraut, verslunar- og þjónustubraut og í fornámssmiðjum. Svör við styrkumsóknum bárust ekki í tæka tíð svo hægt væri að fara af stað með brautirnar nú haustið 2012 en í staðinn fara þær ýmist af stað vor eða haust 2013. Heilbrigðis- og félagsþjónustubrautin er ætluð ófaglærðum sem starfa við umönnun og er unnin í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Félagsþjónustu Reykjanesbæjar. Verslunar- og þjónustubrautin er hugsuð fyrir afgreiðslufólk í verslunum sem dæmi og er unnin í samstarfi við verslanir á svæðinu. Fornámssmiðjurnar fóru af stað nú á haustönn en ekki í alveg sömu mynd og lagt hafði verið upp með. Þannig fer öll verklega kennslan fram innan skólans en stefnt er að því að verklegt nám í fjölbreyttum greinum geti farið fram utan skólans. Samkvæmt fjárlögum næsta árs lítur út fyrir að FS fái mun minni hækkun á nemendaígildum en aðrir sambærilegir skólar svo óvissa hefur skapast varðandi fornámið ef til niðurskurðar kemur. Mál skólans eru til skoðunar í ráðuneytinu.

Það er Suðurnesjum mjög mikilvægt að framhaldsskóli svæðisins geti tekið á móti öllum nemendum, óháð námsgetu þeirra. Það skiptir líka miklu máli að allir þeir sem eru á framhaldsskólaaldri og vilja mennta sig komist inn því öðruvísi hækkar menntunarstig ekki á svæðinu.

Hjá **Keili** verður farið af stað með nám í flugvirkjun í byrjun næsta árs, 2013. Skólinn hefur samið við elsta flugvirkjaskóla Evrópu, sem staðsettur er í Skotlandi, um samstarf og mögulega mun hluti verknámsins fara fram erlendis. Þá munu kennarar Keilis fá þjálfun þar. Námið er vottað af bresku flugmálastjórninni og gildir um alla Evrópu. Námið tekur fjórar annir fyrir utan þjálfun í starfi og gert er ráð fyrir því að 30 nemendur verði teknir inn á næstu önn. Eina inntökuskilyrðið er að þeir hafi náð 18 ára aldri. Til lengri tíma litið verður lögð áhersla á að ná inn erlendum nemendum þar sem mikill skortur er á flugvirkjum víða í heiminum.

Tvær námsbrautir hafa verið í þróun hjá Keili en ekki hlotið samþykki ráðuneytisins. Þær eru lýðháskólabraut og nám í fatahönnun. Lýðháskólabrautin er hugsuð fyrir 18-25 ára einstaklinga sem hafa ekki fundið sér farveg í námi eða starfi og er markmiðið að byggja þá upp og styrkja svo þeir verði betur undirbúnir undir frekara nám eða atvinnulíf. Horft var til lýðháskóla í Danmörku við skipulagningu brautarinnar. Námið tekur 2 annir og hluti af því væri að vera á heimavist og sjá um húsnæðið. Búið var að ræða við Vinnumálastofnun um aðkomu þeirra að náminu fyrir sína skjólstæðinga og var vel tekið í þá hugmynd að sögn framkvæmdastjóra Keilis. Skólinn sóttist eftir samþykki ráðuneytis á brautinni en það hefur ekki fengist og lítur ekki út fyrir að af þessu verði.

Fatahönnunarskóli sem setja átti af stað hér á Suðurnesjum hafði fengið samþykki Menntamálaráðuneytis en námið var ekki samþykkt sem lánshæft af LÍN og varð því ekki af stofnun skólans. Sambærilegt nám er lánshæft fyrir Íslendinga í Danmörku að sögn framkvæmdastjóra Keilis. Keilir ákvað að reyna aftur og lagði inn sömu umsókn til ráðuneytis sem hefur ekki verið samþykkt. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er ferlið heldur flóknara en það þar sem senda þarf inn nýja umsókn, leggja fram námskrá samkvæmt viðmiðum nýrrar aðalnámskrár og sýna fram á að rekstur brautar rúmist innan fjárhagsramma skólans. Verið er að endurskrifa námsbrautina inn í nýju námskrána til að auka líkur á því að hún verði að veruleika enda telja stjórnendur Keilis mikinn áhuga á námi í fatahönnun á Suðurnesjum.

Fisktækniskólinn hafði vorið 2011 hug á að bjóða upp á nám til sjókokks og auglýsti það. Tólf skráðu sig strax í námið en því miður varð ekki af því þar sem námsbrautin fellur ekki undir þann samning sem Menntamálaráðuneytið hafði gert við skólann. Þá gerði Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina athugasemdir meðal annars vegna þess að ekki lá fyrir formleg námskrá skv. þeirra upplýsingum. Þarna komu formreglur í veg fyrir að tólf einstaklingar gætu hafið nám sem sýnilega vakti áhuga þeirra og er það miður í ljósi markmiða þróunarverkefnisins. Sá tími sem tók fyrir skólann að fá samþykki ráðuneytisins varð einnig til þess

að mun færri nemendur hófu nám við skólann haustið 2011 en fjöldi umsókna benti til að sögn skólameistara.

Bryn Ballett Akademían fékk viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins sem listdansskóli sumarið 2011 eftir að hafa sóst eftir því í tvö ár. Þrír aðrir listdansskólar eru á landinu, allir staðsettir í Reykjavík. Viðurkenning Bryn Ballett er til þriggja ára en henni fylgja engin fjárframlög sem gerir reksturinn mjög þungan. Í skólanum eru um 170 nemendur á önn, sem er mikill fjöldi miðað við hina listdansskólana að sögn skólastjóra, og nú eru 35 þeirra skráðir á listdansbraut sem kennd er í samstarfi við FS. Skólastjóri og stofnandi skólans, Bryndís Einarsdóttir, hefur verið í miklum bréfaskriftum undanfarin ár til að berjast fyrir því að fá fjárveitingu frá ríkinu líkt og aðrir listdansskólar á landinu fá. Vorið 2012 bar það loks einhvern árangur þegar skólinn fékk 2,2 milljónir úthlutað úr sjóði sem ætlaður er grunnstiginu. Að sögn skólastjóra er ljóst að komi frekara fjárframlag ekki til á næstu árum getur rekstur skólans ekki staðið undir sér. Samkvæmt upplýsingum frá Menntamálaráðuneytinu hefur ekki verið gengið frá formlegum samningi á milli skólans, FS og Menntaskólans við Hamrahlíð, sem er kjarnaskóli í listdansi á framhaldsstigi, en slíkur samningur er forsenda þess að hægt sé að skoða málið frekar. Slíkur samningur er í vinnslu að sögn skólastjóra.

Eitt af markmiðum þróunarverkefnisins um eflingu menntunar á Suðurnesjum var að tryggja rekstrargrundvöll menntastofnana á svæðinu. Í ljósi stöðunnar hjá Fisktækniskólanum og Bryn Ballett Akademiunni má fullyrða að rekstrargrundvöllur sé ekki tryggður á haustmánuðum 2012. Vonandi verður hægt að uppfylla þetta markmið áður en samningar við skólana renna út á næstu árum. Samkvæmt upplýsingum frá Menntamálaráðuneytinu er áframhaldandi fjárveiting til Fisktækniskólans í skoðun og athugasemdir stjórnenda Fjölbrautaskóla Suðurnesja um að skólinn sé undirfjármagnaður eru það einnig.

5. Markaðsstarf til eflingar menntunar á Suðurnesjum

5.1. Menntavagninn

Verkefnisstjórar stóðu fyrir greinaskrifum í Menntavagninn svokallaða sem birtist sem vikulegur pistill í bæjarblaðinu Víkurfréttir. Öllum menntastofnunum á svæðinu stóð til boða að skrifa greinar á jákvæðum nótum þar sem sagt væri frá áhugaverðum upppákomum úr skólastarfinu sem dæmi. Nokkur félagsleg úrræði voru líka kynnt í Menntavagninum. Þá nýttu verkefnisstjórar dálkinn til umfjöllunar um rannsóknaniðurstöður og áhugaverðar upppákomur í tengslum við þróunarverkefnið. Fyrsta greinin birtist 29. september 2011 og sú síðasta 20. desember 2012. Alls birtust 48 greinar á tímabilinu bæði í prentaðri útgáfu blaðsins, sem borið er út á hvert heimili á Suðurnesjum, og á heimasíðu þess www.vf.is. Er það trú verkefnisstjóra að þær hafi haft sitt að segja þegar kom að jákvæðri umfjöllun um svæðið og vakið athygli Suðurnesjamanna á því metnaðarfulla starfi sem á sér stað í skólum á svæðinu.

Vænlegt væri að Menntavagninn héldi áfram umfjöllun um menntastofnanir og nám á Suðurnesjum, til dæmis á eigin heimasíðu eða Facebook síðu. Menntavagninn gæti síðan orðið að raunverulegu farartæki sem ferðast á milli skóla með fulltrúa framhaldsnáms á svæðinu innanborðs. Það nám sem er í boði á Suðurnesjum væri þá kynnt í öllum grunnskólum á svæðinu með mismunandi áherslusviðum á hverju ári þannig að tryggt væri að allir grunnskólanemendur fengju samskonar kynningu. Gott væri að fá þekkta einstaklinga og fólk úr atvinnulífinu með í för til að vekja athygli nemenda enn frekar á mikilvægi menntunar og fjölbreyttum möguleikum að námi loknu. Menntavagninn gæti einnig heimsótt fyrirtæki á svæðinu til að kynna ýmsa námsmöguleika fyrir starfsmönnum og forsvarsmönnum þeirra.

5.2. Efling verknáms á Suðurnesjum

Á haustönn 2012 var minni aðsókn í allar gerðir verknáms í Fjölbrautaskóla Suðurnesja en verið hefur síðustu ár. Aðsókn í ákveðnar iðngreinar minnkaði í kjölfar efnahagskreppunnar en hefur þó aldrei verið jafn lítil og nú, jafnvel í greinum sem venjulega hafa verið biðlistar í eins og rafvirkjun og hársnyrtingu. Líklega er áhrifa kreppunnar enn að gæta enda fjölmiðlaumfjöllun um brottflutninga íslenskra iðnaðarmanna verið áberandi undanfarið. Stjórnendur skólans hafa líst áhyggjum sínum yfir stöðunni og ljóst að eitthvað þarf að gera til að reyna að snúa þessari þróun við. Má gera ráð fyrir að þar þurfi sameiginlegt átak skóla á öllum skólastigum hvað varðar náms- og starfsfræðslu, foreldra, atvinnulífsins og samfélagsins alls. Lagt er til að settur verði af stað þverfaglegur vinnuhópur allra hagsmunaaðila til að vinna að átaki í eflingu verknáms á Suðurnesjum.

5.3. Náms- og starfskynningar á Suðurnesjum

Verkefnisstjórar héldu tvær námskynningar og eina starfskynningu á meðan verkefninu stóð. Fyrri námskynningin var skipulögð í samstarfi við Vinnumálastofnun á Suðurnesjum í tengslum við

átakið *Nám er vinnandi vegur*. Hún var haldin í Stapa 18. maí 2011 og mættu um 600 manns til að kynna sér námsframboð þeirra tíu skóla sem tóku þátt. Seinni námskynningin var haldin í Stapa 27. mars 2012 og mættu aftur um 600 manns. Alls tóku 17 skólar og stofnanir þátt í kynningunni, þar af allir háskólar á landinu. Báðar kynningarnar voru opnar öllum almenningi en nemendur og atvinnuleitendur sérstaklega hvattir til að mæta. Kostnaður hvorrar kynningar fyrir sig var í kringum 200.000 kr. en í honum fólst leiga á sal, prentkostnaður og auglýsingar. Kynningarnar gengu báðar mjög vel og voru bæði þátttakendur og gestir ánægðir að þeim loknum. Verkefnisstjórar tóku saman skýrslur, aðgengilegar hjá Menntamálaráðuneytinu, þar sem ítarlegar upplýsingar er að finna varðandi skipulag, framkvæmd og það sem betur hefði mátt fara.

Starfskynning fyrir nemendur í 9. og 10. bekk á Suðurnesjum og lífsleikninemendur í FS var haldin í Stapa 8. febrúar. Þar kynntu 80 einstaklingar og fyrirtæki af Suðurnesjum ólíkar starfsgreinar af mjög fjölbreyttu tagi. Sjá má lista yfir starfsgreinarnar í Viðauka 8. Um 700 nemendur mættu á kynninguna. Búin voru til upplýsingaplaköt fyrir hverja starfsgrein þar sem leiðin í gegnum nám til viðkomandi starfs var sett upp myndrænt og var þeim að kynningu lokinni dreift til allra menntastofnana á Suðurnesjum, Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum, Fjölsmiðjunnar og Menntamálaráðuneytisins. Sjá má dæmi um slíkt plakat í Viðauka 9. Kostnaður vegna kynningarinnar var í kringum 200.000 kr. en í honum fólst leiga á sal, prentkostnaður og minnislyklar til dreifingar á upplýsingaplakötunum. Kynningin gekk vonum framár og voru allir sem að henni komu mjög ánægðir. Starfskynningin var að öllum líkindum sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og fékk mjög jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum á landsvísu. Verkefnisstjórar tóku saman skýrslu að henni lokinni, aðgengileg hjá Menntamálaráðuneytinu, þar sem ítarlegar upplýsingar er að finna varðandi skipulag, framkvæmd og það sem betur hefði mátt fara.

Ákjósanlegast væri ef náms- og starfskynningar sambærilegar þeim sem verkefnisstjórar skipulögðu yrðu haldnar á Suðurnesjum á hverju ári, til eflingar menntunar og náms- og starfsfræðslu á svæðinu.

5.4. Ímynd Suðurnesja

Mikill styrkur væri af því að sveitarfélög á Suðurnesjum tækju sig saman um markvissa ímyndarvinnu fyrir svæðið, bæði á landsvísu og innan bæjarfélaganna. Að mati verkefnisstjóra er mikil þörf á því í ljósi ástandsins á svæðinu síðustu ár og umfjöllunar um það í fjölmiðlum, sem ætla má að hafi haft viðtæk áhrif bæði út á við sem inn á við hvað varðar viðhorf fólks til Suðurnesja.

6. Samhæfingarstarf menntastofnana á Suðurnesjum

Neðangreindar tillögur eru unnar í kjölfar þarfagreininga meðal menntastofnana á Suðurnesjum, stofnana sem bjóða upp á félagsleg úrræði og fyrirtækja úr atvinnulífinu. Á öllum vígstöðvum var kallað eftir auknu samstarfi, bæði innan menntastofnana og svo félagslegra úrræða en einnig þeirra á milli og á milli skólastiga. Þá virðist vera mikil þörf á aukinni tengingu á milli skóla og atvinnulífs.

6.1. Samstarf skóla á framhaldsstigi

Þrátt fyrir nokkuð samstarf á milli FS, Keilis, MSS og Fisktækniskólans virðist mega gera enn betur í þeim efnum til dæmis þegar kemur að þróun nýrra námsbrauta. Koma þarf í veg fyrir að fleiri en einn skóli vinni að þróun nánast sömu námsbrauta á sama tíma. Mögulega þurfa skólarnir að skilgreina sérstöðu í námsframboði og markhóp sinn betur en að minnsta kosti væri gott að þeir kynntu sín á milli komandi nýjungar reglulega enda ætti samkeppni á milli þessara stofnana ekki að vera mikil þar sem markhópar og námsframboð er að mestu leyti ólíkt.

6.2. Samstarf grunnskóla og skóla á framhaldsstigi

Reglulegir fundir allra náms- og starfsráðgjafa

Lagt er til að skólar á framhaldsstigi bjóði náms- og starfsráðgjöfum grunnskólanna til kynningar áður en viðtöl við 10. bekinga hefjast í grunnskólunum á hverju vori. Þar fá þeir tækifæri til að kynna námsframboð sitt og þá sérstaklega nýjar leiðir og áherslur í námi og ráðgjafarnir fá tækifæri til að spyrja og koma með hugmyndir. Markmiðið með þessu er að náms- og starfsráðgjafar á svæðinu séu vel upplýstir um það námsframboð sem FS, framhaldsskóli Suðurnesjamanna, og aðrir Suðurnesjaskólar á framhaldsstigi bjóða upp á svo þeir geti miðlað því áfram til grunnskólanemenda.

Upplýsingamiðlun vegna nemenda með sérþarfir

Lagt er til að þeir skólar sem taka á móti nemendum nýútskrifuðum úr grunnskóla (FS og Fisktækniskólinn) kalli eftir viðbótarupplýsingum um þá nemendur sem hafa verið í sérúrræðum í grunnskólunum svo hægt sé að bjóða þeim áfram upp á sérhæfða og einstaklingasbundna þjónustu. Þetta á til dæmis við um nemendur sem greindir eru með ADHD, ADD, dyslexíu og aðra sértæka náms- eða hegðunarerfiðleika. Þá upplýsa grunnskólarnir framhaldsskólana um nemendur sem taldir eru í sérstakri brottfallshættu. Markmiðið með þessari auknu upplýsingagjöf er að koma í veg fyrir brottfall þessara nemenda þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla og tryggja þeim þjónustu við hæfi. Þetta er að sjálfsögðu háð persónuverndarlögum og upplýstu samþykki foreldra

en ekki er um svo marga nemendur að ræða á hverju ári svo vonandi gætu grunnskólarnir fengið samþykki forráðamanna þeirra.

Greining á afdrifum nemenda

Grunnskólar eru hvattir til að kanna afdrif útskriftarnemenda sinna á hverju ári, til að fá hugmynd um val á skóla, námsval og brottfall úr sínum nemendahópi. FS og Fisktækniskólinn eru hvattir til að kanna á hverju ári ástæður fyrir brottfalli sinna nemenda í samhengi við uppruna þeirra og námsárangur. Skólastjórnendur beggja skólastiganna gætu svo hist á fundi einu sinni á skólaári til að fara yfir þessar upplýsingar og móta umbótaáætlanir til að reyna að draga markvisst úr brottfalli nemenda á báðum skólastigum.

6.3. Samstarf allra skólastiga

Starfskynning

Lagt er til að haldin verði starfskynning á Suðurnesjum á hverju ári fyrir efstu bekki grunnskólanna, nýnema í framhaldsskóla og sérhæfða hópa. Skólar á öllum skólastigum koma að starfskynningunni meðal annars vegna þátttöku náms- og starfsráðgjafa í henni.

Námskynning

Lagt er til að haldin verði námskynning á Suðurnesjum á hverju ári fyrir efstu bekki grunnskólans, útskriftarnemendur skóla á framhaldsstigi og sérhæfða hópa. Skólar á öllum skólastigum koma þannig að námskynningunni.

Menntaþing Suðurnesja

Lagt er til að svokallað Menntaþing verði haldið einu sinni á ári þar sem allt skólafólk á Suðurnesjum auk bæjarstjórna sveitarfélaganna og mögulega fulltrúar atvinnulífsins fá tækifæri til að hittast og spjalla og fá kynningu á spennandi verkefnum sem eru í gangi í skólum á svæðinu.

Menntavagninn

Lagt er til að fulltrúar FS, Fisktækniskólans, Keilis og MSS myndi raunverulegan menntavagn sem fer á milli allra grunnskólanna á Suðurnesjum einu sinni á ári ýmist til að kynna námsframboð, einstakar brautir eða greinar eða segja frá og sýna skemmtilega hluti úr skólastarfinu. Ólíkar áherslur gætu verið á milli ára eins og sérstök kynning á verk- og tækninámi en svo áhersla á listnám og sköpun árið eftir sem dæmi. Kynningarnar færu fram á sal grunnskólanna og væru hugsaðar fyrir allt unglingastigið.

6.4. Samstarf skóla og atvinnulífs

Samstarf skóla á svæðinu og atvinnulífs eykst með tilkomu starfskynningarinnar, verði hún haldin reglulega. Auk þess mætti bjóða fulltrúum atvinnulífsins á Menntaþing Suðurnesja. Efla þarf samskipti á milli grunnskólanna og fyrirtækja á svæðinu þannig að skólarnir nýti sér krafta fyrirtækjanna við starfskynningar. Sú hefð sem áður var að bjóða nemendum í 10. bekk að fara út í fyrirtæki í starfskynningu hefur minnkað og einfaldara væri fyrir skólana að fá fyrirtækin inn til sín. Það væri þá hægt að leggja áherslu á kynningu á ákveðnum starfsgreinum hverju sinni. HS veitur og HS orka eru dæmi um fyrirtæki sem hafa áhuga á slíkum kynningum og búa yfir mikilli fjölbreytni þegar kemur að menntun starfsmanna.

Tryggja þarf aðkomu atvinnulífs að verk- og tækninámi í skólum á framhaldsstigi þannig að fulltrúar iðn- og tæknigreina úr atvinnulífinu á Suðurnesjum sitji í faghópum sem yrðu stofnaðir um hverja grein í skólunum. Markmiðið er að tryggja það að námið sé í samræmi við þarfir og kröfur atvinnulífsins og auka líkur á því að nemendur í náminu hverju sinni komist á samning. Þá eykur þetta líkur á því að nýjar námsbrautir verði til í beinum tengslum við atvinnulífið. Mögulega ætti einn fulltrúi í skólanefnd FS að vera fulltrúi frá Samtökum atvinnurekenda á Suðurnesjum eða öðru sambærilegu til að auka tengsl skólans við atvinnulífið á svæðinu. Það sama á við um aðra skóla á framhaldsstigi.

Fulltrúar atvinnulífsins gætu verið hluti af Menntavagninum sem ferðast á milli grunnskóla á Suðurnesjum, þannig að ákveðnar starfsgreinar væru kynntar hverju sinni sem dæmi.

6.5. Samstarf skóla og félagslegra úrræða

Mögulega ættu skólar á svæðinu á framhaldsstigi að vera í meiri tengslum við Fjölsmiðjuna, Samvinnu og Björgina sem dæmi. Menntavagninn gæti til dæmis heimsótt þessa staði og þátttakendum úrræðanna væri boðið sérstaklega á starfskynningu og námskynningu.

7. Tillögur að framtíðarfyrirkomulagi verkefnisins

Hluti af verkefninu um eflingu menntunar á Suðurnesjum var vinna við umsóknagerð fyrir Suðurnesin í svokallaðan IPA sjóð Evrópusambandsins. Annar verkefnisstjóra, Hanna María Kristjánsdóttir, var meðlimur í vinnuhópi sem settur var saman til að vinna að umsóknum. Sú hugmynd sem varð fyrir valinu hjá hópnum var að setja á fót Kennslu- og rannsóknamiðstöð Reykjaness eða Reykjanes educational and research center (RERC). Hún samræmist vel þróunarverkefninu um eflingu menntunar á Suðurnesjum og hugmyndum verkefnisstjóra um framtíðarfyrirkomulag þess. Í júní 2012 samþykkti Alþingi þingsályktun sem staðfestir rannsóknir og uttanríkisráðherra við ESB um IPA styrki. Sótt var um tvö verkefni á Suðurnesjum og var umsókn um Kennslu- og rannsóknamiðstöð Reykjaness annað þeirra.

Ef Kennslu- og rannsóknamiðstöð Reykjaness hlýtur IPA styrk mun hún geta tekið yfir flest þeirra verkefna sem verkefnisstjórar hafa unnið að til eflingar menntunar á Suðurnesjum. Að mati verkefnisstjóra bendir þarfagreining meðal menntastofnana á Suðurnesjum, stofnana sem bjóða upp á félagsleg úrræði, atvinnurekenda, atvinnuleitenda og samfélagsins alls til þess að sameiginleg og miðlæg kennslu- og rannsóknamiðstöð fyrir svæðið gæti haft mikið að segja til að bæta ástandið á Suðurnesjum. Miðstöðin myndi þjónusta alla hagsmunaaðila, sveitarfélögin, menntastofnanir og félagslegar stofnanir, kennara, nemendur, foreldra, atvinnuleitendur og alla sem eru að velta fyrir sér að fara í nám eða þurfa á ráðgjöf að halda varðandi það. Miðstöðin yrði miðlægur gagnagrunnur varðandi menntun, stuðning, ráðgjöf, rannsóknir og þróun. Hún yrði tengiliður og ákveðinn samvinnuvettvangur á milli stofnana, fyrirtækja og einstaklinga og þar yrði greiður aðgangur að upplýsingum og aðstoð.

Dæmi um verkefni Kennslu- og rannsóknamiðstöðvar Reykjaness

- Miðstöðin stuðlar að samskiptum og samstarfi á milli atvinnulífs, menntastofnana og félagslegra úrræða á svæðinu.
- Miðstöðin vinnur og stuðlar að rannsóknum og könnunum á mállefnum sem tengjast starfssviði hennar.
- Miðstöðin sér um að halda námskynningar fyrir nemendur og almenning.
- Miðstöðin sér um að halda starfskynningar fyrir nemendur og almenning.
- Miðstöðin sér um að halda ýmskonar námskeið fyrir nemendur, foreldra, kennara, ráðgjafa og almenning.
- Miðstöðin býður upp á aukna og samræmda náms- og starfsráðgjöf fyrir grunnskólanemendur.
- Miðstöðin býður upp á sérhæfð úrræði fyrir nemendur í brottfallshættu, atvinnuleitendur og aðra minnihlutahópa sem þörf hafa fyrir aukna ráðgjöf og stuðning, meðal annars til að draga úr brottfalli og langtímaatvinnuleysi.

- Miðstöðin býður upp á einstaklingsráðgjöf og stuðning fyrir atvinnuleitendur og aðra sem þörf hafa á slíku, meðal annars til að draga úr líkum á langtímaatvinnuleysi.
- Miðstöðin býður upp á kennslufræðilega ráðgjöf fyrir kennara og aðra starfsmenn skóla.
- Miðstöðin býður upp á námsaðstöðu fyrir nemendur og aðstoð við heimanám.
- Miðstöðin leggur áherslu á jákvæða markaðssetningu menntunar á Suðurnesjum, til dæmis með Menntavagninum og viðburðum eins og Menntaþingi Suðurnesja, og eins jákvæða markaðssetningu á svæðinu sjálfu.

Verkefnisstjórar telja í ljósi þeirrar stöðu sem ríkir til dæmis varðandi rekstrarform fræðsluskrifstofa á Suðurnesjum, miðstöð sem þessa vera eina vettvanginn fyrir uppákomur sem eiga að þjóna öllum sveitarfélögunum og fleiri en einu skólastigi. Í byrjun skólaárs 2012 voru Sandgerði og Garður með þjónustusamning við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, Grindavík er með sína eigin fræðsluskrifstofu og Vogar höfðu gert samning við fræðsluskrifstofu Hafnarfjarðar. Þá tengjast skólar á framhaldsstigi engum fræðsluskrifstofum. Vegna þessa er mikilvægt að allir aðilar geti komið saman á einum stað og nauðsynlegt er að vel sé haldið utan um slíkt samstarf svo það haldist gangandi. Þetta yrði meðal hlutverka Kennslu- og rannsóknamiðstöðvar Reykjanes.

Ef svo fer að verkefnið hlýtur ekki IPA styrk og ekki verður af stofnun miðstöðvarinnar er lagt til að Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum leggi drög að stofnun einnar fræðsluskrifstofu fyrir alla grunnskóla á svæðinu, Fræðsluskrifstofu Suðurnesja. Hluti af hennar verkefnum til viðbótar við það sem nú er væru samræming náms- og starfsfræðslu í skólunum og aukið eftirlit með henni og markaðsstarf til eflingar menntunar á Suðurnesjum, til dæmis í formi Menntavagnsins og náms- og starfskynninga, í samstarfi við menntastofnanir sem bjóða upp á framhaldsmenntun á svæðinu.

Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað 1. apríl 2012. Meðal markmiða þess er að: samþætta rannsóknir, fræðastarf, menntun og þróunarstarf og hagsmuni aðila sem koma að þessum málaflokkum; vinna með vísinda- og fræðimönnum, einstaklingum, rannsóknanemum í framhaldsnámi, stofnunum, fyrirtækjum og samtökum á Suðurnesjum auk þess að auka menntunarmöguleika á svæðinu í samvinnu við menntastofnanir. Í ljósi þessa má gera ráð fyrir því að einhverjir þættir þróunarverkefnisins um eflingu menntunar á Suðurnesjum renni inn í starfsemi Þekkingarsetursins.

8. Lokaorð

Suðurnesin standa nú þegar sterk á landsvísu varðandi fjölbreytni og gæði námsframboðs að mati verkefnisstjóra. Vandinn virðist ekki vera skortur á fjölbreyttu námsframboði heldur er of fámennur hópur sem fer í nám og of fjölmennur hópur sem fellur á brott eftir að nám er hafið. Ástæðan fyrir þessu er ekki ljós og eflaust margt sem hefur þarna áhrif, mögulega gömul viðhorf sem sköpuðust með tilkomu og veru varnarliðsins á svæðinu, en með því skapaðist fjöldinn allur af störfum sem buðu upp á góð laun og þjálfun í tiltekið starf án mikillar menntunar.

Þróun á nýju og fjölbreyttara námsframboði með þarfir ólíkra hópa í huga stendur stöðugt yfir hjá þeim menntastofnunum sem bjóða upp á framhaldsmenntun á Suðurnesjum. Það sem setur þeim helst skorður er skortur á fjármagni og svo menntakerfið sjálft. Erfitt er að auka menntunarstig á afmörkuðu svæði ef skólar á svæðinu fá ekki þá fjármuni sem þarf til að taka við öllum þeim nemendum sem hafa áhuga á námi. Um leið og neita þarf nemendum um skólavist er komið í veg fyrir að menntunarstig hækki. Til viðbótar við fjárframlög í samræmi við raunverulegan nemendafjölda er ýmislegt sem þarf að efla svo að menntunarstig á Suðurnesjum hækki. Öflug náms- og starfsfræðsla í grunnskólum eykur líkur á því að nemendur haldi áfram námi og velji sér nám við hæfi en fylgi ekki einungis kröfum samfélagsins í þeim efnum. Foreldrar myndu njóta góðs af samskonar fræðslu. Auka þarf samstarf á milli atvinnulífs og skóla, á milli skóla og skólastiga og á milli foreldra og skóla. Vinna ætti að markvissum aðgerðum gegn brottfalli á öllum skólastigum sem aukið samstarf á milli skóla og skólastiga myndi auðvelda og gera árangursríkara.

Sátt virðist hafa skapast innan grunnskóla á svæðinu eftir nokkuð rót á síðasta skólaári sem orsakaði meðal annars miklar mannabreytingar í stjórnunarstöðum nokkurra skóla. Ímyndaráttak fyrir Suðurnesin, í samvinnu allra sveitarfélaganna á svæðinu, hefði mögulega í för með sér aukið samstarf á öllum sviðum og ein fræðsluskrifstofa fyrir öll Suðurnesin gæti þá vonandi orðið að veruleika í nálægri framtíð.

Heimildaskrá

Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitár ehf. Viðtal tekið 21. október 2011.

Ása Stefánsdóttir, Isavia ohf. Viðtal tekið 19. mars 2012.

Ásdís Björk Pálmadóttir, hárgreiðslumeistari. Viðtal tekið 3. janúar 2012.

Ásgerður Þorgeirsdóttir, Guðný Karlsdóttir og Guðjón Sigurbjörnsson, Njarðvíkurskóli. Viðtal tekið 26. september 2011.

Áslaugur Einarsson, ÁÁ-Verktakar ehf. Viðtal tekið 6. september 2011.

Berglind Sigurðardóttir, Fatahönnunarskólinn. Viðtal tekið 18. janúar 2012.

Birna Guðmundsdóttir, Samvinna – starfsendurhæfingar á Suðurnesjum. Viðtal tekið 7. júlí 2011.

Brynjar Jónsson og Jón Söring, Netsamskipti ehf. Viðtal tekið 5. desember 2011.

Dagný Pétursdóttir, Blaalónið hf. Viðtal tekið 29. nóvember 2011.

Education at a Glance 2011 - skýrsla OECD um stöðu menntamála. Sótt 17. nóvember 2011 af slóðinni: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6168>.

Elfa Hrund Guttormsdóttir og Guðni Erlendsson, Virk – starfsendurhæfingarsjóður. Viðtal tekið 9. september 2011.

Falur Harðarson og Ómar Valdimarsson, Samkaup hf. Viðtal tekið 21. október 2011.

Fanney Axelsdóttir og Jón Axelsson, Skólamatur ehf. Viðtal tekið 28. nóvember 2011.

Fanney D. Halldórsdóttir og Ragnhildur L. Guðmundsdóttir, Grunnskólinn í Sandgerði. Viðtal tekið 7. október 2011.

Guðjónína Sæmundsdóttir og Anna Lóa Ólafsdóttir, Miðstöð símenntunar. Viðtal tekið 25. október 2011.

Guðmundur Sigurðsson og Kristján Gunnarsson, Kosmos og kaos ehf. Viðtal tekið 5. desember 2011.

Guðmundur Svavarsson, Blikksmiðja Ágústur Guðjónssonar ehf. Viðtal tekið 29. september 2011.

Guðrún Pétursdóttir (2011). *Ársskýrsla 2010-2011*. Reykjanesbær: Samvinna starfsendurhæfing á Suðurnesjum.

Guðrún Snorradóttir og Skúli Freyr Brynjólfsson, Myllubakkaskóli. Viðtal tekið 28. september 2011.

Gunnar Halldór Gunnarsson, Virkjun. Viðtal tekið 1. september 2011.

Gunnar Þór Jónsson og Sóley Halla Þórhallsdóttir, Heiðarskóli. Viðtal tekið 26. september 2011.

Gunnlaugur Úlfar Gunnlaugsson og Rúnar Helgason, Lagnabjónusta Suðurnesja ehf. Viðtal tekið 13. september 2011.

Hagstofa Íslands. *Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landssvæðum 1999-2011*. Sótt 13. september 2012 af slóðinni:

<http://hagstofan.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO03108%26ti=Sk%F3las%F3kn+%E1+framhaldssk%F3lastigi+eftir+kyni%2C+aldri+og+landsv%E6%F0um+1999%2D2011%26path=../Database/skolamal/fsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.

Helgi Björn og Magnús Garðarsson, Íslenska kísilfélagið ehf. Viðtal tekið 19. janúar 2012.

Helga Steinsþórsdóttir, Mýr design ehf. Viðtal tekið 18. janúar 2012.

Hjálmar Árnason, Anna María Sigurðardóttir, Björk Guðnadóttir og Sigrún Arnardóttir, Keilir. Viðtal tekið 5. október 2011.

Hjördís Kristinsdóttir, Keflavíkurkirkja. Viðtal tekið 29. ágúst 2011.

Jóhann Geirdal og Sigríður Bíldal, Holtaskóli. Viðtal tekið 3. október 2011.

Jónína Ágústsdóttir og Lovísa Hafsteinsdóttir, Akurskóli. Viðtal tekið 28. september 2011.

Katrín Halldórsdóttir, Snyrtigallerý ehf. Viðtal tekið 23. nóvember 2011.

Kjartan Már Kjartansson, Securitas hf. Reykjanesbæ. Viðtal tekið 23. nóvember 2011.

Magnús Jónsson, Bílasprautun Magga Jóns ehf. Viðtal tekið 29. ágúst 2011.

Ólafur Jón Arnbjörnsson, Kristján Ásmundsson og Sesselja Bogadóttir, Fjölbrautaskóli Suðurnesja. Viðtal tekið 19. október 2011.

Ólafur Þór Ólafsson, Fjölsmiðjan á Suðurnesjum. Viðtal tekið 30. ágúst 2011.

Páll Leó Jónsson og Guðrún Bragadóttir, Grunnskólinn í Grindavík. Viðtal tekið 18. október 2011.

Petra Lind Einarsdóttir, HS orka og HS veitur. Viðtal tekið 30. nóvember 2011.

Pétur Benediktsson, Vélsmiðja Grindavíkur ehf. Viðtal tekið 20. september 2011.

Pétur Brynjarsson og Laufey Erlendsdóttir, Gerðaskóli. Viðtal tekið 25. október 2011.

Pétur K. Pétursson, Flugvirkjafélag Íslands. Viðtal tekið 1. október 2011.

Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir, Hulda Sævarsdóttir og Unnur Svava Sverrisdóttir, Björgin – Geðræktarmiðstöð Suðurnesja. Viðtal tekið 31. ágúst 2011.

Rannsóknir & greining (2011). *Tölulegar upplýsingar úr gagnagrunni Rannsókna & greiningar meðal framhaldsskólanema 2010*. Reykjavík: Rannsóknir & greining ehf.

Rannsóknir & greining (2011). *Tölulegar upplýsingar úr gagnagrunni Rannsókna & greiningar meðal grunnskólanema 2010*. Reykjavík: Rannsóknir & greining ehf.

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri Grindavíkurbæjar. Viðtal tekið 24. október 2011.

Rúnar Jónsson og Helgi Rafnsson, Rafholt ehf. Viðtal tekið 26. september 2011.

Stefán Einarsson, Trésmiðja Stefáns og Ara TSA ehf. Viðtal tekið 6. september 2011.

Svava Bogadóttir, Jón Ingi Baldvinsson og Guðbjörg Kristmundsdóttir, Stóru-Vogaskóli. Viðtal tekið 6. október 2011.

Sverrir Gunnarsson, Nýsprautun ehf. Viðtal tekið 19. ágúst 2011.

Trausti Már Traustason, Trausti málari. Viðtal tekið 1. nóvember 2011.

Verkefnastjórnun. Að gera hlutina á réttan hátt. Berglind Hallgrímsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Impra nýsköpunarmiðstöð, Iðntæknistofnun.

Viðhorf til menntunar á Suðurnesjum (2011). Reykjavík: Capacent Gallup.

Vinnumálastofnun. *Staða á vinnumarkaði september 2012* (12. október 2012). Sótt af slóðinni: <http://www.vinnumalastofnun.is/files/sept.%202012.pdf>.

Vinnumálastofnun. *Staða á vinnumarkaði janúar 2012* (14. febrúar 2012). Sótt af slóðinni: <http://www.vinnumalastofnun.is/files/Sta%C3%B0a%20%C3%A1%20vinnumarka%C3%B0i%20jan.%202012.pdf>.

Vinnumálastofnun. *Staða á vinnumarkaði maí 2011* (14. júní 2011). Sótt af slóðinni: <http://www.vinnumalastofnun.is/files/ma%C3%AD%2011.pdf>.

Viðauki 1: Framkvæmdakort

Verkheiti: Efling menntunar á Suðurnesjum

Gefið út: 29. júlí 2011		Verkefnisstjórar: Hanna María Kristjánsdóttir og Rúnar Árnason																	VH: Verkefnahópur				
																			HA: Hagsmunaaðilar				
Verkátætlun		Tímaátætlun																	Ábyrgð	Framkvæmd			
Verkluti - áfangar - verkþættir		Júní 2011 - desember 2012																	Eindagi				
		6	7	8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12			
Gerð verkátætlunar																							
Drög unnin og kynnt																					22.6.2011	H/R	H/R
Endanleg áætlun unnin og kynnt																					31.8.2011	H/R	H/R
Greiningar / þarfagreiningar																							
SVÓT og áhættugreining verkefnis																					26.8.2011	H/R	H/R
Greining á hagsmunaaðilum verkefnis																					26.8.2011	H/R	H/R
Námsúrræði í boði																					21.10.2011	H/R	H/R
Félagsleg úrræði í boði																					21.10.2011	H/R	H/R
Forvarnastarf á svæðinu																					21.10.2011	H/R	H/R
Þarfir menntastofnana á svæðinu																					21.10.2011	H/R	H/R
Þarfir markhópsins																					31.10.2011	H/R	H/R
Þarfir atvinnulífsins																					31.10.2011	H/R	H/R
Þarfir samfélagsins																					31.10.2011	H/R	H/R
Ný úrræði og þróun beirra																							
Úttekt á námsúrræðum í boði																					25.11.2011	H/R	H/R
Þarfagreining																					30.12.2011	H/R	H/R
Úttekt á námsráðgjöf og stuðningi í boði																					25.11.2011	H/R	H/R
Þarfagreining																					30.12.2011	H/R	H/R
Úttekt á forvörnum gegn brottfalli																					25.11.2011	H/R	H/R
Þarfagreining																					30.12.2011	H/R	H/R
Þróun úrræða																					29.6.2012	H/R	H/R
Tillögur að samhæfingarstarfi menntastofnana																					29.6.2012		
Kynning á úrræðum																					30.3.2012	H/R	H/R
Prufukeyrsla																					15.12.2012	VH/HA	VH/HA
Árangursmat																					28.12.2012	H/R	H/R
Markaðssetning og kynningarmál																							
Kynning á verkefninu																					29.9.2011	H/R	H/R
Kynning á niðurstöðum könnunar (CG)																					27.10.2011	H/R	H/R
Kynning á niðurstöðum rannsókna (R&G)																					24.11.2011	H/R	H/R
Námskynningar á Suðurnesjum																					11.4.2012	H/R	VH/HA
Kynning á náms- og félagslegum úrræðum																					29.11.2012	H/R	H/R
Tillögur að markaðsstarfi til eflingar menntunar																					30.8.2012	H/R	H/R
Kostnaður og tillögur að fjármögnun																							
Kostnaðaráætlun vegna gagnaöflunar																					31.8.2011	H/R	H/R
Kostnaðaráætlun nýrra úrræða																					30.3.2012	H/R	H/R
Kostnaðaráætlun markaðs- og kynningarmála																					30.8.2012	H/R	H/R
Mat á framvindu og árangri																							
Áfangaskýrslur																					28.9.2012	H/R	H/R
Tillögur að framtíðarfyrirkomulagi verkefnis																					28.12.2012		
Gerð lokaskýrslu																					28.12.2012	H/R	H/R

Viðauki 2: Greining á hagsmunaaðilum

Hagsmunaaðilar	Aðkoma að verkefninu	Áhrif	Æskilegur árangur	Aðgerðir
Menntamálaráðuneytið	Ráðgjöf, eftirlit, framkvæmd	5	Hærra menntunarstig, minna atvinnuleysi	Upplýsingagjöf og stuðningur við verkefnið, gagnkvæmt og reglubundið samráð, samningagerð
Vinnumálastofnun á Suðurnesjum	Ráðgjöf, samvinna, framkvæmd	5	Minna atvinnuleysi, meiri virkni atvinnuleitenda	Upplýsingagjöf vegna markhóps, ráðgjöf og samningagerð vegna nýrra úrræða, fræðsla til skjólstaðinga varðandi verkefnið, þátttaka í markaðsstarfi
Sveitarfélögin á Suðurnesjum	Upplýsingagjöf, samvinna, framkvæmd	5	Hærra menntunarstig, ný atvinnutækifæri, minna atvinnuleysi,	Virk þátttaka og stuðningur í verkefninu, samráð, þátttaka í markaðsstarfi
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	Upplýsingagjöf, samvinna og stuðningur	5	Sterkari tengsl og meiri samvinna milli bæjarfélaga, hærra menntunarstig, samstaða um lausnir og úrræði	Upplýsingagjöf og stuðningur við verkefnið
Markhópurinn	Samvinna og þátttaka	5	Nám eða vinna við hæfi í stað bóta	Þátttaka í úrræðum og markaðsstarfi, upplýsingagjöf með rýnifundum
Grunnskólar á svæðinu	Ráðgjöf, samvinna, framkvæmd	5	Hærra menntunarstig, aukin ráðgjöf til nemenda, fleiri í framhaldsnám, breytt viðhorf	Aðkoma að þróun úrræða og greiningarvinnu, þátttaka í úrræðum og markaðsstarfi
Framhaldsskólar á svæðinu	Ráðgjöf, samvinna, framkvæmd	5	Minna brottfall, hærra menntunarstig, fleiri í framhaldsnám, námsúrræði sem henta öllum, aukin ráðgjöf til nemenda	Aðkoma að þróun úrræða og greiningarvinnu, þátttaka í úrræðum og markaðsstarfi

Aðrar menntastofnanir og félagsleg úrræði á svæðinu	Ráðgjöf, samvinna, framkvæmd	5	Minna brottfall, hærra menntunarstig, námsúrræði sem henta öllum, aukin ráðgjöf til nemenda	Aðkoma að þróun úrræða og greiningarvinnu, þátttaka í úrræðum og markaðsstarfi
Fræðslu- og skólaskrifstofur sveitarfélaganna	Ráðgjöf, samvinna, framkvæmd	4	Breytt viðhorf, betri árangur, fleiri í framhaldsnám, hærra menntunarstig	Upplýsingagjöf, ráðgjöf og stuðningur við verkefnið, samræming verkþátta og þátttaka í markaðsstarfi
Atvinnulífið og samtök atvinnurekenda á svæðinu	Ráðgjöf, samvinna, framkvæmd	4	Ný námsúrræði tengd atvinnulífi, minna atvinnuleysi, hærra menntunarstig, atvinnusköpun	Aðkoma að þróun úrræða, þátttaka í úrræðum og markaðsstarfi
Verkalýðsfélög á svæðinu	Ráðgjöf og samvinna	2	Ný námsúrræði tengd atvinnulífi, ný námsúrræði með vinnu, atvinnusköpun	Upplýsingagjöf og samráð
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	Ráðgjöf	1	Aukið framboð náms í tengslum við atvinnulífið	Upplýsingagjöf
Félagsþjónustur á svæðinu	Ráðgjöf, samvinna, framkvæmd	1	Námsúrræði og endurhæfing fyrir fleiri, aukin ráðgjöf, færri á bótum, hærra menntunarstig	Upplýsingagjöf og stuðningur við verkefnið
Félagsmiðstöðvar á svæðinu	Stuðningur og samvinna	1	Aukið samstarf	Upplýsingagjöf og þátttaka í markaðsstarfi
Æskulýðsstarf og félagasamtök á svæðinu	Stuðningur og samvinna	1	Fleiri þátttakendur, aukið samstarf?	Stuðningur og þátttaka í markaðsstarfi
Íbúar á Suðurnesjum	Stuðningur og þátttaka	3	Hærra menntunarstig, minna atvinnuleysi	Stuðningur og þátttaka í verkefninu

5 = mjög mikil áhrif

1 = mjög lítil áhrif

Viðauki 3: Spurningalisti fyrir skólastjórnendur og námsráðgjafa

Dags: _____ 2011

Skóli: _____

Viðmælendur: _____

Tölulegar upplýsingar

Fjöldi nemenda: _____

Fjöldi kennara: _____

Fjöldi námsráðgjafa: _____ í _____ stöðugildum

Námsframboð

1. Hvers konar nám býður skólinn uppá í stuttu máli?
2. Hefur skólinn einhverja sérhæfingu í námsframboði og þá hverja?
3. Teljið þið námsframboð á Suðurnesjum nægilega fjölbreytt?
Ef nei, hvers konar nám teljið þið helst vanta?
4. Hafið þið verið í samskiptum við atvinnulífið varðandi einhverjar námsgreinar?
Ef já, hvernig hefur það gengið?
5. Hefðuð þið áhuga á frekara samstarfi við atvinnulífið og þá með hvaða hætti?

Námsráðgjöf

6. Hvað felst í þeirri námsráðgjöf sem boðið er upp á í skólanum?
7. Teljið þið nemendur duglega að nýta sér námsráðgjöfina sem í boði er?

8. Er sýnilegur árangur hjá þeim nemendum sem nýta sér námsráðgjöfina og þá með hvaða hætti?
9. Teljið þið fjölda námsráðgjafa við skólann nægilegan?
10. Er náms- og starfsráðgjöf hluti af námi í einhverjum greinum?
11. Hefur skólinn einhverja sérhæfingu t.d. vegna námserfiðleika eða fatlana?
Ef já, í hverju felst aðstoð við þá nemendur?

Aðgerðir gegn brottfalli

12. Er barist gegn brottfalli með markvissum aðgerðum í skólanum og þá hvernig?
13. Teljið þið þörf á að gera betur í þessum efnum og þá hvernig?
14. Er skimað fyrir nemendum í brottfallshættu með einhverjum hætti?
15. Teljið þið að þörf væri á skimun á einhverjum tímapunkti og þá hvenær?
16. Hvaða upplýsingar fáði þið varðandi áhættuhegðun / námserfiðleika frá fyrri skólastigum eða skólum?
17. Teljið þið flæði upplýsinga á milli stofnana nægilegt?
18. Teljið þið þörf á frekara samstarfi við aðra skóla á svæðinu til að fyrirbyggja brottfall?
Ef já, með hvaða hætti gæti samstarfinu verið háttað?
19. Fá nemendur sem taldir eru í brottfallshættu einhverja sérhæfða aðstoð eða meðferð, með eða án eftirfylgni?

Forvarnir

20. Er forvarnarfulltrúi starfandi við skólann?
21. Falla aðgerðir gegn brottfalli undir hans störf að einhverju leyti og þá hvernig?
22. Er hann í einhvers konar samstarfi við aðra forvarnarfulltrúa á svæðinu?
23. Teljið þið að gera þurfi betur þegar kemur að forvarnarstarfi og þá að hvaða leyti?

Úrræði fyrir atvinnulausa

24. Hafið þið tekið þátt í námskeiðahaldi fyrir VMST?
Ef já, hvernig hefur aðsókn verið og hvernig hefur nemendunum gengið?

Ef já, hvernig hafa samskipti við VMST gengið þegar litið er til skipulagningar og utanumhalds?

25. Hvað teljið þið vanta til að koma til móts við hóp atvinnulausra þegar kemur að námi eða starfsendurhæfingu?

Samstarf menntastofnana

26. Eruð þið í samstarfi við aðrar menntastofnanir og þá með hvaða hætti?

Ef já, hvaða árangri hefur samstarfið skilað?

27. Teljið þið samstarf á svæðinu nóg og ef ekki hvað þarf þá að bæta?

Viðauki 4: Spurningalisti fyrir fulltrúa félagslegra úrræða

Dags: _____ 2011

Heiti úrræðis: _____

Viðmælandi: _____

Tölulegar upplýsingar

Fjöldi skjólstæðinga: _____

Aldursbil þátttakenda: _____

Kynjaskipting: _____ konur _____ karlar

Fjöldi starfsmanna/ráðgjafa: _____ starfsmenn _____ ráðgjafar

1. Geturðu sagt í stuttu máli frá því hvað felst í úrræðinu og fyrir hverja það er?
2. Hversu lengi hefur úrræðið verið í boði? _____ ár
3. Hvernig hefur starfið gengið?
4. Er þátttaka nægileg/ of mikil /of lítil?
5. Af hverju telurðu svo vera?
6. Hver er bótaréttur þátttakenda á meðan úrræðinu stendur?
7. Er eitthvað brottfall meðal skjólstæðinga og þá hversu mikið?
8. Er barist gegn brottfalli með markvissum aðgerðum og þá hvernig?
9. Eru einhverjar breytingar sem þú myndir vilja gera á úrræðinu?
Ef já, þá hvers konar breytingar og af hverju?
10. Telur þú framboð félagslegra úrræða á svæðinu vera nægilega mikið?
Ef nei, hvers konar úrræði telur þú helst vanta?
11. Eruð þið í samstarfi við einhverjar menntastofnanir á svæðinu og þá með hvaða hætti?
12. Telur þú þörf á auknu samstarfi og þá með hvaða hætti?

- 13.** Hafið þið verið í samskiptum við atvinnulífið og þá með hvaða hætti?
- 14.** Telur þú þörf á auknu samstarfi við atvinnulífið og þá með hvaða hætti?
- 15.** Hafið þið tekið þátt í námskeiðahaldi fyrir VMST?
- Ef já, hvernig hefur aðsókn verið og hvernig hefur nemendum gengið?
- Ef já, hvernig hafa samskipti við VMST gengið þegar litið er til skipulagningar og ut anumhalds?
- 16.** Hvað telur þú helst vanta til að koma til móts við hóp atvinnulausra þegar kemur að námi eða starfsendurhæfingu?

Viðauki 5: Spurningalisti fyrir forsvarsmenn fyrirtækja

Dags:_____2011

Fyrirtæki: _____

Viðmælandi: _____

1. Hvert er starfssvið fyrirtækisins ?
2. Hvernig störf eru í boði hjá fyrirtækinu ?
3. Hvernig skiptast störfin eftir menntun ?
4. Telur þú nýútskrifaða starfsmenn vera nógu vel undirbúna til starfans ?
Ef nei: Hvað þarf að bæta ?
5. Er reglubundin endurmenntun og starfsþjálfun í boð og með hvaða hætti ?
6. Starfa ófaglærðir hjá fyrirtækinu sem sinna störfum ákv. fagmanna ?
7. Er hægt að þróa sérhæfða menntun fyrir verkamenn í fyrirtækinu með stuttu sérnámi?
8. Er hægt að þróa ný eða sérhæfð iðnaðar- eða fagstörf í tengslum við starfseminna?
9. Hefur fyrirtækið verið í samstarfi við menntastofnanir á svæðinu t.d. vegna starfsþjálfunar eða námskeiða fyrir starfsmenn ?
Ef já: Hvernig hefur það samstarf gengið ?
Ef nei: Hefur fyrirtækið áhuga á slíku samstarfi og þá með hvaða hætti ?
10. Hefur fyrirtækið áhuga á að taka nema í starfsþjálfun ?
Ef já: Hvernig nema og með hvaða fyrirkomulagi ?
Ef nei: Hvers vegna ekki ?
11. Hvaða úrræði telur þú að vanti fyrir atvinnulausa þegar kemur að námi eða starfsendurhæfingu ?
12. Er eitthvað sem viðkomandi vill koma á framfæri varðandi þróun námsúrræða?
Hugmyndir/ráðleggingar:

Viðauki 6: Spurningalisti fyrir skrifstofustjóra Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum

1. Hver er skylda Vinnumálastofnunar þegar kemur að því að veita atvinnuleitendum ráðgjöf?
2. Hver eru úrræði Vinnumálastofnunar á sviði ráðgjafar, meðal annars til að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi?
3. Hvað felst í ráðgjöfinni?
4. Hvaða árangri telur þú þetta skila?
5. Er eitthvað úrræði á vegum Vinnumálastofnunar sem hefur verið að skila betri árangri en annað?
6. Telur þú að annað fyrirkomulag en það sem Vinnumálastofnun vinnur samkvæmt gæti skilað meiri árangri?
7. Hvernig finnst þér viðmót atvinnuleitenda vera í garð Vinnumálastofnunar?
8. Hvernig finnst þér viðmót atvinnurekenda vera í garð Vinnumálastofnunar?
9. Hefur viðmót til stofnunarinnar verið kannað? Niðurstaða.
10. Hafa þarfir atvinnuleitenda og atvinnurekenda verið kannaðar markvisst af stofnuninni?
11. Hvað er helst á döfinni þegar kemur að úrræðum fyrir atvinnuleitendur?
12. Hefur Vinnumálastofnun kynnt sér þau úrræði sem eru í boði til dæmis á hinum Norðurlöndunum?
13. Eru einhver sérstök úrræði fyrir atvinnuleitendur sem þér finnst vanta hér á landi?
14. Telur þú líklegt að þær hugmyndir varðandi ráðgjöf og þjálfun atvinnuleitenda sem eru hluti af IPA umsókninni gætu orðið að veruleika í samstarfi við Vinnumálastofnun?
15. Hvaða kerfisbreytingar telur þú að atvinnuleitendur telji helst þörf á?
16. Nú var nýlega kynnt dönsk rannsókn á hlutfalli atvinnulausra kvenna sem ætla sér ekki aftur út á vinnumarkaðinn. Hefur Vinnumálastofnun gert einhverjar svona greiningar á hópi atvinnuleitenda hér á landi?
17. Hefur þú einhverja tilfinningu fyrir því hversu margir atvinnulausra hér stefna ekki á annað en að vera áfram á einhverskonar bótum?

18. Hefur Vinnumálastofnun kannað ástæður þess að fleiri skráðu sig ekki í nám í kjölfar átaksins Nám er vinnandi vegur?
19. Telur þú að halda eigi áfram að leggja áherslu á það að atvinnuleitendur fari í einhvers konar nám á meðan litla vinnu er að fá?
20. Í draumaheimi með nægt fé til framkvæmda, hvernig myndir þú, í þínu starfi, haga úrræðum og ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur?
21. Hefur Vinnumálastofnun tök á að setja upp rýnihópa til að vinna með verkefnisstjórum Menntamálaráðuneytisins?

Viðauki 7: Spurningalisti vegna úttekta á nýjum námsleiðum

Námsbraut: _____

Skóli: _____

Markhópur

Lýsing á náminu

Lengd námsins: _____ annir _____ einingar

Hversu margir nemendur hófu námið: _____

Hversu margir nemendur luku náminu: _____

Orsakir brottfalls

Hvernig fannst ykkur takast til?

Hverja teljið þið upplifun kennara hafa verið?

Hverja teljið þið upplifun nemenda hafa verið?

Var boðið upp á námið haustið 2012

☐ Já ☐ Nei

Ef já, voru gerðar einhverjar breytingar á því og þá hverjar?

Fjöldi umsókna á haustönn 2012: _____

Endanlegur fjöldi nýnema á haustönn 2012: _____

Hvernig sjáið þið framtíðina hvað þessa námsbraut varðar?

Viðauki 8: Starfsgreinar á starfskynningu fyrir grunnskólanemendur

Arkitekt	Lögfræðingur
Bifvélavirki	Lögreglumaður
Bílamálari	Málari
Blaðamaður	Múrarmeistari
Blikksmiður	Náms- og starfsráðgjafi
Bókasafnsfræðingur	Netagerðarmeistari
Byggingarfræðingur	Pípulagningameistari
Byggingartækniþæði	Prestur
Dýralæknir	Rafeindavirki
Efnafræðingur	Rafvirki
Fatahönnuður	Sameindalíffræðingur
Félagsráðgjafi	Sálfræðingur
Flugfreyja/þjónn	Sjávarlíffræðingur
Flugmaður	Sjúkraliði
Flugumferðarstjóri	Sjúkraþjálfari
Flugvirki	Skipstjóri
Forstöðumaður byggðasafns	Skólameistari
Framhaldsskólakennari	Skrifstofustarfsmaður
Grafískur hönnuður	Slökkviliðsmaður
Grunnskólakennari	Tannlæknir
Hársnyrtir	Tanntæknir
Hjúkrunarfræðingur	Táknmálstúlkur
Húsasmíðameistari	Tollvörður
Íþróttakennari	Tónsmiður
Íþróttþjálfari	Tækniteiknari
Kjólameistari	Tölvunarfræðingur
Kvikmyndagerðarmaður	Umhverfis- og byggingarverkfræðingur
Leiðsögumaður	Vélfræðingur
Leikari	Viðskiptafræðingur
Leikmyndahönnuður	Vinnuvélastjóri
Leikskólakennari	Vörubílsstjóri
Listdanskenndari	Þjónn
Lífeindafræðingur	Þroskaþjálfari
Ljós móðir	Þyrluflugmaður
Lyfjafræðingur	Ökukennari
Lyfjatæknir	
Lyftaramaður	
Læknaritari	

Viðauki 9: Dæmi um upplýsingaplakat fyrir starfskynningu

